

Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2007/1

Anna Lís Rúnarsdóttir

Á tímum torfbæja
Híbýlahættir og efnismenning
í íslenska torfbænum
frá 1850

Reykjavík 2007
Þjóðminjasafn Íslands

Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2007/1

Ritstjóri ritraðar Steinunn Kristjánsdóttir

© Þjóðminjasafn Íslands og höfundur 2007.
Öll réttindi áskilin.

Skýrsla unnin í rannsóknarstöðu dr. Kristjáns Eldjárns.

Forsíðumynd: Núpsstaður. Ljósmynd: Steindór Guðjónsson.

Útgefandi: Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
Umbrot: Steinunn Kristjánsdóttir.
Prentun: Prentmet ehf.

ISSN 1670-3685

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Aðferðir og kenningar.....	5
Húsagerð, menning og samfélag.....	6
Samfélag og húsagerð.....	8
Ísland á árunum 1850-1950.....	8
Torfbær.....	11
Húsakostur og heimili.....	19
Keldur.....	19
Núpsstaður.....	21
Selið í Skaftafelli.....	26
Galtastaðir fram.....	28
Bustarfell.....	30
Híbýlahættir, efnismenning og rými.....	34
Heimilishald.....	34
Gestagangur.....	43
Iðnbylting heimilanna.....	47
Niðurstöður.....	58
Heimildaskrá.....	62

Inngangur

Torfbærir eru mikilvægur hluti menningararfleifðar Íslendinga og standa til vitnis um lífshætti fyrri tíma. Frá landnámi og fram undir miðja 20. öld þróaðist þessi húsagerð með þjóðfélaginu, áður en hún lagðist undir lok. Húsagerð þessi telst til alþýðuhúsagerðar (e. *vernacular architecture*) og ber því óhjákvæmilega merki samfélagsins þaðan sem hún er sprottin. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna tengsl samfélagslegra þátta við húsagerðina, safna heimildum um lífið í torfbæjum og varpa ljósi á þá þróun sem varð undir búsetulok. Hér eru kannaðir þrír meginþættir í tengslum við þróun torfbæjarins: heimilishald og daglegt líf fólks í torfbæjum, hlutverk gestagangs og áhrif iðnbyltingar heimilanna á lífið í torfbænum.

Rannsókn þessi var unnin í rannsóknastöðu dr. Kristjáns Eldjárns við Þjóðminjasafn Íslands árið 2005-06. Áhersla var lögð á torfbæi í húsasafni Þjóðminjasafnsins á Suður- og Austurlandi. Fimm bæir voru valdir; Keldur á Rangárvöllum, Núpsstaður í Fljótshverfi, Selið í Skaftafelli, Galtastaðir fram í Hróarstungu og Bustarfell í Vopnafirði. Þessir bæir eru þó nokkuð mismunandi, bæði að uppbyggingu, hvað viðkemur staðsetningu, stöðu jarðarinnar og með hvaða hætti áframhaldandi þróun hefur farið fram. Sérstaklega var tekið fyrir tímabilið við búsetulok og heimildum safnað frá viðmælendum sem höfðu búið í þessum bæjum. Í þessari skýrslu verður lögð áhersla á að láta þær heimildir sem var safnað vera í forgrunni og þrátt fyrir að reynt verði að setja efnið í stærra samhengi mun ekki verða lögð áhersla á að draga stórar ályktanir af því. Um mjög mismunandi bæi er að ræða, aðstæður ólíkar og ekki eins góðar heimildir til fyrir alla staðina.

Í fyrsta hluta skýrslunnar verður fyrst gefið stutt yfirlit yfir helstu þætti sam-

félagsþróunar á Íslandi á tímabilinu sem rannsóknin nær yfir áður en fjallað verður stuttlega um sögu torfbæja. Markmið þessara yfirlitskafla er að skapa samhengi fyrir þær upplýsingar sem settar verða fram fyrir torfbæina. Í öðrum hluta sem fjallar um húsakost og heimili verður sett fram stutt yfirlit um hvern bæ fyrir sig, þ.e. Keldur, Núpsstað, Selið, Galtastaði fram og Bustarfell. Leitast verður við að lýsa bæjunum í máli og myndum, jafnframt því að saga hans og íbúa verður rakin í stuttu máli. Mismiklar heimildir liggja fyrir um hvern stað, bæði skriflegar og þær sem afmarkast af fjölda heimildarmanna sem hægt var að ræða við frá hverjum stað. Gildi þessara upplýsinga sem safnað var saman fyrir hvert hús eru þó það miklar, þar sem nú er um safngripi að ræða, að réttast var talið að láta þær koma fram og ekki reynt að vera með jafnvægi þar á milli. Í þriðja hluta skýrslunnar um híbýlahætti, efnismenningu og rými verður reynt að greina þau gögn sem liggja fyrir og stuðst við viðtalfeni og er því skipt í þrjá kafla. Í fyrsta lagi verður fjallað um heimilishald, einkenni þess og þróun, og tengsl við félagslegt rými torfbæjarins. Í öðru lagi verður litið nánar á gestagang sem verður settur í víðara samhengi við þá þróun sem átti sér stað á þessum árum. Í þriðja lagi verður iðnbylting heimilanna tekin fyrir í tengslum við vélvæðingu starfshátta til sveita og breytingar á þeim störfum sem unnin voru innan heimilisins. Í öllum þessum köflum verða þessi umræðuefni sett í samhengi við torfbæinn og reynt að meta hver tengsl/áhrif eru þar á milli.

Niðurstöður þessa verkefnis voru einnig kynntar á rannsóknasýningu sem bar heitið „Á tímum torfbæja: híbýlahættir og efnismenning í íslenska torfbænum frá 1850“ sem opnuð var 6. desember 2006 í Þjóðminjasafni Íslands og stóð til 22. maí 2007 (mynd 1).



Mynd 1. Niðurstöður verkefnisins voru kynntar á sýningu sem bar heitið „Á tímum torfbæja: hífylahættir og efnismenning í íslenska torfbænum frá 1850“. Ljósmynd Ívar Brynjólfsson.

Aðferðir og kenningar

Þó nokkur munur var á fjölda viðmælenda fyrir hvern bæ sem tekinn var fyrir í rannsókninni. Vegna þess hve langt er um liðið að búsetu lauk í þeim bæjum sem hér um ræðir, á árabílinu 1946 til 1966, eru ekki margir sem enn muna þessa tíma. Yfir heildina var rætt við fleiri konur en karla. Þó nokkrir viðmælendanna voru börn á þeim tíma sem enn var búið í bæjunum og einkennist því frásögn þeirra af því. Viðhorf þeirra sem muna eftir að hafa búið á full-orðinsárum í þessum bæjum og tekið ábyrgð á rekstri bús og barna er ekki hið sama og þeirra sem muna einungis æskuárin í torfbæ. Langflestir viðmælendur mínir voru ábúendur eða börn þeirra. Það vinnufólk sem náðist tal af voru í öllum tilfellum skyldmenni ábúenda og voru þar tímabundið í vinnu.

Til þess að setja munnlegar heimildir um rannsóknarefnið í samhengi var leitað eftir skriflegum heimildum eftir föngum. Uppskriftir dánarbúa og úttektir veittu upplýsingar um útlit og innihald að einhverju leyti. Manntöl gáfu til kynna þróun heimilisstærðar og samsetningu hennar. Einnig var stuðst við sagnfræðilegar rannsóknir um þá þætti félagssögunnar sem tengdust efni rannsóknarinnar. Þá var einnig leitað

fanga í rit um þjóðhætti og stuðst við svör við spurningaskráum þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands.

Ekki er ætlunin með þessari skýrslu að alhæfa um líf í torfbæjum á 19. og 20. öld, heldur að gefa innsýn inn í hvernig lífið var á þessum bæjum. Samanburður verður einungis nýttur til þess að leggja áherslu á hversu mismunandi eða líkir þessir bæir eru, hvort sem þeir geta talist einkennandi fyrir torfbæi almennt eða ekki. Vegna eðlis bygginganna og nauðsyn á reglulegu viðhaldi eru ekki margir torfbæir sem standa enn í góðu ástandi. Af þeim myndum og heimildum sem til eru má ráða að þeir hafi verið nokkuð fjölbreyttir. Vegna þess hve lítið brot er enn til í dag er ekki hægt að segja að rannsóknin taki dæmi sem séu fulltrúar hinna mismunandi afbrigða. Þeir eru hins vegar hluti menningararfsins, sem tengist á órjúfanlegan hátt þeim hefðum, siðum og minningum fólksins sem bjó í þeim. Að fjalla um þá hér getur því veitt betri skilning á lífi fólksins í þessum torfbæjum og gefið þessum menningararfi aukna dýpt.

Dr. Anna Lís Rúnarsdóttir, höfundur þessarar skýrslu, hefur að baki menntun í arkitektúr en er mannfræðingur. Þó að nálgunin við verkefnið sé í eðli sínu þverfagleg, er þungamiðja þess byggð á aðferðum mannfræðinnar. Farið var á

vettvang, hver bær heimsóttur og skrásettar athugasemdir ásamt því að myndir voru teknar. Viðtöl voru tekin við fólk sem hefur búið í þeim bæjum sem fjallað er um hér. Við suma var rætt aðeins einu sinni, en flest af eldra fólkinu var talað við a.m.k. tvisvar eða þrisvar. Spurningalisti var notaður sem útgangspunktur en að öðru leyti var viðtalið frjálst og tók mið af því hvað viðmælandinn vildi tala um. Við gerð spurningalistans var að hluta til tekið mið af spurningalistum Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafnsins og voru skráð svör þeirra að einhverju leyti notuð til samanburðar.

Í mannfræði er lögð áhersla á trúnað við viðmælendur. Dulnefni eru jafnan notuð til að koma í veg fyrir að hægt sé að tengja ákveðnar upplýsingar við einstaklinga, og í sumum tilfellum er ákveðnum upplýsingum um viðmælandann breytt í sama tilgangi. Slíkt er þó vandmeðfarið og er yfirleitt lögð áhersla á að gera það á þann hátt að rýra ekki gildi þeirra gagna sem lögð eru fram. Í þessari skýrslu hefur verið gengið þvert á þessa hefð mannfræðinnar og vísað beint í þá einstaklinga sem rætt var við. Þar sem úrtakið var mjög lítið og um ákveðin hús að ræða sem standa enn, er heimildagildi þeirra upplýsinga sem koma fram hér í tengslum við þau mun meira ef þessi gögn fá að standa í sínu rétta samhengi.

Húsagerð, menning og samfélag

Húsagerð er afurð menningar, en menning er ekki stöðug breyta sem framleiðir hús sem lokaafurð, heldur er virkt samband þarna á milli. Samfélagið skapar húsagerð sem uppfyllir kröfur þess og húsinn móta síðan og skapa ramma utan um daglegt líf fólksins sem þar býr. Tengsl mismunandi rýma og skilgreining þeirra getur því endurspeglað heimsmynd og hugmyndafræði samfélagsins.

Hús eru byggð á mismunandi forsendum og þurfa að uppfylla mismunandi kröfur, s.s. vegna veðurfars, tiltæks efnis, hlutverks og hugmynda samfélagsins. Arkitektar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þessu tilliti

og sjá um að tæknileg og fagurfræðileg útfærsla byggingarinnar henti því hlutverki sem hún skal gegna. Ekki hafa öll hús verið byggð með aðkomu slíks sérhæfðs hönnuðar. Flest samfélög hafa á einhverju stigi þróað með sér svokallaða alþýðuhúsagerð (e. *vernacular architecture*) þar sem útlit og uppbygging hússins mótast öðru fremur af þeim hefðum og hugmyndum sem ríkjandi eru innan samfélagsins (sjá m.a. Oliver 1987). Þá taka íbúar hússins oftast virkari þátt í byggingu þess, e.t.v. með aðstoð sérhæfðs eða reynslumeiri iðnaðarmanns.

Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um hvernig samfélög móta rými sitt og er það nú viðtekin skoðun að félagslegir þættir eða menningaráhrif hafi þar mjög mikið að segja (sjá t.d. Rapoport 1969 og Bourdieu 1977). Félagsnýting rýmis (e. *social use of space*) er oft skilgreind út frá ákveðnum svæðum, þar sem hagnýtt hlutverk rýmisins er tengt við hugmyndafræðilegan grundvöll. Aðgreining milli svæða er í sumum tilfellum byggð á hugmyndum um kynjaskipti (sjá t.d. Moore 1986) þar sem ákveðin rými eru tengd konum og hugmyndum um kvenleika, en önnur tengd körlum. Aðgreiningin milli þess hvað er fram og hvað er aftur innan hvers rýmis, hvað megi gera hvar, er byggt upp á hugmyndum sem tengjast menningu hvers samfélags og hlutverk rýmisins er nátengt því (sjá Preston-Blier 1987 og Waterson 1990). Margar þeirra rannsóknna sem liggja að baki þessum kenningum hafa verið unnar í samfélögum sem hafa að einhverju leyti verið talin „frumstæð“ eða „hefðbundin“, s.s. ættbálkar í Afríku eða þorp í suðaustur Asíu. Aðrar rannsóknir á þessu sviði hafa hins vegar sýnt fram á að slíkur hugmyndafræðilegur grundvöllur getur verið til staðar í nútímahnattvæddum samfélögum sem tengjast vestrænni neyslumenningu og fjöldaframleiðslu (sjá m.a. Miller 1988, Rensel og Rodman 1997 og Anna Lís Rúnarsdóttir 2004).

Efnismenning hvers samfélags er ekki eingöngu þeir efnislegu hlutir sem framleiddir eða notaðir eru innan hópsins, sem tengjast þörfum þeirra og þeim störfum sem þar eru unnin, heldur

einnig hvernig þeir eru notaðir, í hvaða tilgangi, hvaða merkingu þeir hafa í hugum fólks og hvernig þeir eru túlkaðir. Greina ber á milli þess hvort um hluti sé að ræða sem eru framleiddir af viðkomandi samfélagi til að sinna sértæku hlutverki, eða hvort hluturinn sé innfluttur annarsstaðar frá og er þá settur inn í nýtt samhengi, þar sem hann öðlast jafnvel nýtt hlutverk og er túlkaður á annan hátt en framleiðandinn hafði upphaflega gert ráð fyrir (sjá t.d. Miller 1988).

Heimilið er öflugur vettvangur þar sem samfélagið og efnismenning mætast. Bourdieu (1977) settur fram þá kenningu að rýmið og hlutirnir innan heimilisins hefðu að geyma félagsleg skilaboð, hugmyndir sem mótuðu hegðun fólks og það meðtæki þessi skilaboð meira ómeðvitað í gegnum líkamann heldur en meðvitað í huganum. Hann telur að þau kerfi sem samfélagið byggir á séu hlutgerð í rými, og þá helst á heimilinu. Samspil hluta, fólks og venja endurspeglar þannig á vissan hátt ákveðnar hugmyndir sem lagðar eru til grundvallar uppbyggingu samfélagsins. Húsið virkar þá eins og nokkurskonar minnislykill sem hefur að geyma táknræna merkingu sem íbúar þess upplifa. Þessar hugmyndir hjálpa síðan til við að viðhalda félagsgerðinni vegna nálægðar þeirra í hlutgerðu formi í daglegu lífi fólks. Þetta kallar Bourdieu *habitus*, en erfitt er að þýða það beint á íslensku. Í rannsókn sinni á Berber húsinu í Alsír fjallar Bourdieu (1979) um hvernig skilgreining á rými og samspil þess við efnismenningu getur gefið upplýsingar um uppbyggingu samfélagsins og hugmyndir þeirra um félagsgerð. Samfélagið sem um ræðir er ólæst, þ.e.a.s. treystir ekki á ritað mál til að geyma hugmyndir. Ekki virðist vera sérstaklega fjallað um hvaða áhrif breytingar á efnismenningu hafa á þá hugmyndafræði sem *habitus* hefur að geyma.

Í þessari skýrslu er áhersla lögð á að fjalla sérstaklega um þær breytingar sem áttu sér stað í íslenska torfbænum og því nauðsynlegt að velta betur fyrir sér þætti samfélagsbreytinga.

Giddens (1984) telur að samfélagsbreytingar séu nokkurskonar hringrás, þar sem einstaklingar hafa áhrif á hópinn sem á móti hefur áhrif á möguleika einstaklingsins til að valda breytingum. Það gerist bæði með því að virka hindrandi á hegðun en einnig með því að opna möguleika fyrir breytingar á hegðun. Þannig getur einstaklingur haft áhrif á þau viðmið og þær samfélagslegu reglur sem hópinn (samfélagið sem hann býr í) hefur að leiðarljósi og þær breytingar geta síðan opnað möguleika fyrir aðra einstaklinga að hafa önnur áhrif. Ef þetta er sett í samhengi við kenningar Bourdieu (1977) um *habitus* mætti segja að breytingar á *habitus* leiði til samfélagsbreytinga. Fyrri rannsóknir mínar (sjá Anna Lísu Rúnarsdóttir 2004) hafa þó sýnt fram á að sú hugmyndafræði sem birtist í efnismenningu heimilanna og myndar *habitus* getur verið mjög lífsseig og þrátt fyrir miklar breytingar fundið sér nýjan vettvang, þ.e. birst í túlkun á nýjum hlutum.

Í skýrslunni verður fjallað um þessar kenningar í tengslum við íslenska torfbæinn. Skoðuð verður félagsnýting rýmis innan húsagerðarinnar og hvort hún breyttist vegna áhrifa frá breytingum samfélagsgerðarinnar eða vegna efnahagslegrar og/eða tæknilegrar þróunar. Einnig verður litið til helstu breytinga á efnismenningu sem verða á tímabilinu og áhrifa þeirra. Miðað er við að taka torfbæinn fyrir, ekki einungis sem byggingu byggða með ákveðinni verktækni, heldur sem heimili sem mótast af félagslegum og menningarlegum þáttum.

Samfélag og húsagerð

Ísland á árunum 1850–1950

Þegar fjallað er um húsagerð sem afurð menningar, samfélags og samfélagsbreytinga er mikilvægt að setja þau gögn sem eru kynnt hér í stærra samhengi. Til að tengja betur þetta verkefni við stærri ferli innan samfélagsins verður stuðst við niðurstöður annarra rannsókna, bæði á sviði sagnfræði og þjóðfræði. Samfélagsbreytingar eru flókið ferli og ekki alltaf gagnlegt að skoða það sem einfalt ferli orsaka og afleiðingar. Hins vegar er oft ekki hægt að ræða um breytingar á einu sviði án þess að vekja athygli á hinu stóra samhengi mismunandi þátta.

Miklar breytingar áttu sér stað á Íslandi á árunum frá 1850 til 1950. Fjallað hefur verið um þessar breytingar á öðrum vettvangi (sjá m.a. Helgi Skúli Kjartansson 2002 og Bjarki Bjarnason 2006) en hér skal aðeins stiklað á stóru um þá þætti sem helst geta varpað ljósi á efnistöð þessarar skýrslu. Þær upplýsingar sem aflað var hjá viðmælendum rannsóknarinnar og við heimildaleit verður að setja í samhengi sögunnar og samfélagsuppbyggingar síns tíma. Hér verður því fjallað stuttlega um atvinnubrúun á Íslandi, landareign og þéttbýlismyndun, ásamt uppbyggingu heimilishalds og stéttaskiptingu.

Bændasamfélagið byggðist upp á landbúnaði. Frumframleiðsla og mikið af úrvinnslu afurða fór fram innan heimilisins. Afköst á bænum takmörkuðust að mestu af þeim landnytjum sem heimilið hafði til umráða og því vinnuafla sem var til staðar. Á tímabilinu sem fjallað er um í þessari rannsókn urðu stórfelldar breytingar á aðferðum í landbúnaði sem gjörbreytti hlutverki sveitabæja og þeirrar vinnueiningar sem starfaði þar. Ýmis ný tæki og tól voru flutt til landsins og voru bændur hvattir til að taka þau í notkun. Mikil áhersla var lögð á endurbætur lands, meiri afköst og hagkvæmni í rekstri. Mjólkur-

bú, sláturhús og verksmiðjur voru settar á stofn til að samnýta tækjakost og uppfylla auknar kröfur um gæði afurða. Þar af leiðandi færðist hluti af starfsemi bænda út af heimilinu og inn á almennan vinnumarkað. Störf bænda breyttust þar af leiðandi og fólust í auknum mæli í frumframleiðslu en minna í úrvinnslu afurða (sjá m.a. Þórunn Valdimarsdóttir 1986, Ólafur Ásgeirsson 1988 og Helgi Skúli Kjartansson 2002).

Ásamt því að hafa áhrif á störf bænda, með því að færa störfin í burtu, hafði tæknin einnig áhrif á þau störf sem enn voru unnin í dreifbýlinu. Heyskapurinn vélvæddist, þó sláttur með orfi og ljá hafi tíðkast lengi vel á þeim svæðum sem ekki var unnt að koma vélslætti við. Inni á heimilinu voru tekin í notkun á tímabilinu ýmis tæki sem auðvelduðu matargerð, s.s. skilvindur og eldavélar. Þá varð gjörbylting í samskiptum með tilkomu útvarps og síma. Tilkoma rafmagns átti einnig eftir að hafa gífurleg áhrif á daglegt líf, fyrst með raflýsingu og síðar með fjölda rafmagnstækja. Bílar gegndu einnig mikilvægu hlutverki, bæði í fólksflutningum, vöruflutningum og sem vinnutæki. Jafnvel á þeim bæjum þar sem enginn bíll var, höfðu reglulegar ferðir mjólkurbílsins í för með sér ýmsa kosti (Árni Björnsson o.fl. 2003).

Aukin tækifæri til atvinnu í greinum tengdum landbúnaði, sem og í sjávarútvegi, sköpuðu grundvöll fyrir frekari þéttbýlismyndun. Breytt löggjöf varðandi hjónabönd, landareign og búsetuskilyrði kom í kjölfarið og hafði töluverð áhrif á möguleika bænda til að halda vinnufólk. Gísli Ágúst Gunnlaugsson (1988) sýnir fram á hvernig breytt staða vinnufólks og afnám vistarbandsins á 19. öld hafi haft áhrif á heimilisstærð og samsetningu þess. Sjálfseignarbændur voru þeir sem áttu land og var staða þeirra mismunandi eftir stærð og gæði landsins. Leiguliðar



Mynd 2. Sláttur með orfi og ljá var mikilvægur þáttur í störfum bænda. Ljós. Sigurður K. Eyvindsson.

voru nokkuð verr settir, því þeir voru skuldbundnir landeigandanum, en höfðu þó nokkuð sjálfstæði. Nokkuð var um að fólk flytti á milli jarða og var því minni hvatning hjá leiguliðum að stunda jarðarbætur og sinna viðhaldi húsa sinna. Vinnuhjú voru skuldbundin til að ráða sig í vist til eins árs í senn og hafa lögheimili hjá bónda. Þau voru skuldbundin honum og höfðu í raun takmarkað frelsi.

Stéttaskipting var á milli þeirra sem áttu land, leigðu land, voru embættismenn eða vinnuhjú, og höfðu ekki allir sömu tækifæri til að stjórna lífi sínu. Krafa var gerð um að menn skyldu hafa aðgengi að landi til ræktunar áður en þeir fengu leyfi til að gifta sig og stofna fjölskyldu. Löggjöfin takmarkaði því möguleika fólks á að stofna eigið heimili, ásamt því að tryggja bændum ódýrt vinnuafl. Þegar þessi lög voru afnumin hafði vinnufólk mun meiri möguleika á að giftast og eignast börn. Vinnu var helst að sækja til sjávarsíðunnar eða í hin vaxandi þéttbýli þar sem úrvinnsla landbúnaðarafurða fór fram. Afleiðing þessa fyrir bændur var að þeir höfðu ekki lengur tryggt vinnuafl og vinnufólk varð frjálstara en

áður. Varð það því algengt að fólk var ráðið í sveit, tímabundið yfir hábjargræðistímann, til að hjálpa til við heyskap og haustannir, en hvarf síðan til annarra starfa að því loknu (sjá m.a. Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1988 og Guðmundur Hálfðánarson 2001).

Aðstæður til atvinnuþátttöku, breyttir lífshættir og möguleikar til uppbyggingar mótuðust að mörgu leyti af búsetu. Dreifbýlið, og þá sérstaklega afskekktari byggðir, hafði ekki sömu tækifæri og varð því þróun þar ekki eins ör. Torfbæir sem voru algengasti húsakostur landsmanna fyrir aldamótin 1900 héldu lengur velli til sveita en í þéttbýli. Árið 1894 var bannað að byggja torfbæi í Reykjavík (Þórunn Valdimarsdóttir 1986). Eftir því sem lengra dró inn í 20. öldina fækkaði torfbæjum og var svo komið um miðja öldina að nokkuð óvanlegt var að búa í torfbæ (sjá nánari umfjöllun síðar). Margir þeirra sem höfðu alist upp í torfbæ lögðu áherslu á að þetta væri ekki ásættanlegt húsnæði. Framfarasinnað hvöttu til þess að byggð yrðu hús sem uppfylltu kröfur nútímans um hreinlæti og loftræstingu. Eftir því sem steinsteypan varð algengara byggingar-



Mynd 3. Vélvæðing búskapar gjörbylti aðstæðum bænda. Ljósmynd Sigurður K. Eyvindsson.

efni eftir aldamótin 1900 og ný hús reist úr því efni, var viðhaldi á torfbæjunum hætt og létu þeir fljótt á sjá. Eftir að rafmagnið kom og farið var að leggja rafmagn í torfhús, urðu einhver þeirra eldi að bráð, enda erfitt að halda raka frá leiðslunum. Á mörgum stöðum voru bæirnir jafnaðir við jörðu. Nýju húsa-gerðirnar sem voru mjög algengar í þéttbýli, urðu fyrirmynd fyrir dreifbýlið. Lífstíll borgaranna sem byggður var á hugmyndum frá útlöndum hafði einnig áhrif til sveita þar sem keypt voru húsgögn og innréttaðar stofur (Arndís S. Arnadóttir 2007).

Umbætur í samgöngum höfðu mikil áhrif á verslun, bæði inn- og útflutning. Frá því að einokun var aflétt árið 1787 og frjáls verslun komst á 1855, urðu miklar breytingar á möguleikum Íslendinga til að stunda verslun (Björn Þorsteinsson & Bergsteinn Jónsson 1991). Kaupmenn héldu þó nokkrum völdum, m.a. með því að kaupa vörur til útflutnings af bændum og greiða þeim fyrir með inneign í verslun sinni. Voru því bændur nokkuð bundnir af þeim kaupmanni sem þeir versluðu við. Ekki var farið oft að versla og fyrir marga bændur var einungis um að ræða tvær til þrjár kaupstaðaferðir á ári. Eingöngu voru keyptar helstu nauðsynjar og var e.t.v. aðeins um að ræða kaffi og einhverv smá munaðarvarning. Á 19. öld var þó orðið algengara að fólk legði út í

ákveðnar fjárfestingar í húsgögnum og búsaðöldum og slíkt jókst til muna eftir því sem leið á 20. öldina. Sumar vélar voru fyrst keyptar sameiginlega af hreppnum, en urðu síðar algeng eign á bæjum. Myndir og skrautmunir fara að sjást í meira mæli og bókaúrval verður meira og algengara. Með tilkomu bíla fjölgaði e.t.v. eitthvað ferðum til kaupmannsins en kaupmenn höfðu einnig tækifæri til að koma vörum til viðskiptavina sinna með mjólkurbílum (Árni Björnsson o.fl. 2003).

Á þessum tíma urðu nokkrar sviptingar í stjórn landsins, Ísland varð fullvalda ríki árið 1918 og hlaut sjálfstæði árið 1944. Sjálfstæðisbaráttan og þjóðernisrómantíkin sem henni fylgdi setti sinn svip á samfélagið bæði á 19. og 20. öld. Á sama tíma voru þó nokkur átök innan stjórnmalanna um áherslur í efnahagsmálum (sjá t.d. Ólafur Ásgeirsson 1888). Rótgróið veldi landbúnaðarins tókst á við vaxandi en óstöðugan sjávarútveg og dýrar virkjanaframkvæmdir. Tækni- nýjungar og iðnvæðing gerðu þessum iðngreinum kleift að hasla sér völl og hafði betri skipakostur, möguleikar á frystingu og hraðari leiðir til að koma vöru á markað í útlöndum mikið þar að segja. Vöxtur sjávarútvegsins var sá þáttur sem lagði grundvöll að þéttbýlis- myndun á Íslandi og dró til sín vinnuhjú úr sveitum til starfa sem verkafólk í



Mynd 4. Á Keldum er skáli sem er að stofni til með elstu byggingum á Íslandi.

Þessum iðnaði. Skiptar skoðanir voru meðal stjórnvalda hvort leggja ætti kapp á að efla landbúnað eða styrkja sjávarútveg. Má segja að um grundvallar hugmyndafræðilega breytingu hafi verið að ræða þar sem langvarandi valdakerfi sjálfseignarbænda var dregið í efa ásamt þeim félagslegu gildum sem bændasamfélagið byggði á. Löggjafarvaldið var tilneytt til að fylgja eftir þessum miklu breytingum og afnema einhverjar af þeim hömlum sem höfðu verið á búsetu fólks en þær höfðu að sumu leyti verið undirstaðan undir sterka stöðu sjálfseignarbænda.

Það var ekki einungis sjávarútvegurinn sem dró til sín vinnufólk úr sveitum. Margir sóttust eftir betra lífi og tækifærum sem Ameríka var talin bjóða upp á. Miklir fólksflutningar vestur um haf áttu sér stað á þessum tíma, þá sér í lagi á síðari hluta 19. aldar og er talið að yfir 15 þúsund manns hafi fluttst búferlum úr landi (Helgi Skúli Kjartansson 2002, bls. 207). Sú vakning sem átti sér stað og sú krafa sem fólk gerði um betra líf og meiri lífsgæði sýnir að hvaða leyti vaxandi óánægja og möguleikar á að taka þátt í breytingum hafði áhrif á þau grundvallargildi sem samfélagið hafði byggt á.

Allir þessir þættir höfðu áhrif á þróun samfélagsins á því tímabili sem rannsóknin nær yfir og hafði óhjákvæmilega áhrif á daglegt líf fólks. Þær miklu

breytingar sem áttu sér stað í húsakosti þjóðarinnar á sama tíma voru hluti af þessari þróun en þær áttu við samfélagið í heild, bæði þá sem bjuggu í torfbæ og svo hina sem fluttst höfðu í timbur- eða steinhús. Í næsta hluta verður farið stuttlega yfir sögu húsaerðar.

Torfbærir

Íslenski torfbærinn er hluti af menningarsögu landsins og sú húsaerð sem var ríkjandi hér á landi lengst framan af. Torfhús einkennast helst af þeim efniviði sem notaður er í þau, torf og grjót í veggum ásamt timburgrind sem heldur uppi torfþaki. Útfærslur á þessari byggingartækni hafa einkum takmarkast af þeim efniviði sem hægt var að nálgast en í flestum tilfellum þurfti að fá slíkt af nærliggjandi svæðum. Torfbærir teljast sem alþýðuhúsaerð (e. *vernacular architecture*) og mótast ekki einungis af þeim efniviði sem notaður er í hann og ytri skilyrðum (s.s. veðurfari) heldur einnig af menningar- og félagslegum þáttum (sbr. Rapoport 1969). Þessi húsaerð tók töluverðum breytingum frá upphafi Íslandsbyggðar þar til hætt var búsetu í torfbæjum upp úr miðri 20. öld. Í þessum hluta verður stuttlega rakin þróunarsaga torfbæja og fjallað er um þá þætti sem taldir eru hafa haft áhrif á hana. Þá verður einnig fjallað um byggingartækni, þróun rýmis



Mynd 5. Á Bustarfelli er stór burstarbær. Ljósmynd. Haraldur Helgason 2003.

og endalok torfbæjanna.

Í fyrstu voru torfbæirnir langhús, byggð á þeim byggingarhefðum sem landnemarnir höfðu með sér frá norður Evrópu. Fornleifarannsóknir sýna að um var að ræða eina stóra byggingu sem gat verið skipt í tvö eða þrjú herbergi með timburþilum. Inngangurinn var á langhlið hússins. Smám saman var farið að byggja minni hús við langhúsið, sem tengd voru við með göngum. Þróunin varð því sú að um fleiri en minni hús var að ræða og hvert hús hafði sértækara hlutverk. Helstu ástæðurnar fyrir þessari breytingu eru taldar vera kólnandi veðurfar og skortur á nægilega stóru timbri til húsbygginga og eldivið til upphitunar (Hörður Ágústsson 1987).

Ljóst er að miklar breytingar áttu sér stað, þó ekki sé enn mjög skýrt hvernig eða hvenær það gerðist. Gögn frá síðari tímum staðfesta þó að húsagerðin breyttist yfir í svokallaðan gangabæ og lýsir Hörður Ágústsson honum á eftirfarandi hátt:

“Um miðja 18. öldina er hinn forni gangabær langalgengastur. Hann var í raun húsþyrping, raðað að mestu samhverft um einkonar samgönguæð, göng, sem voru ýmist bein eða krókótt, stutt eða löng. Fram af þeim voru bæjardyrnar sem sneru eina timburþili

bæjarhúsanna fram á hlað. Að öllu jöfnu lágu húsin hornrétt á göngin og voru samsíða hlaði. Í fremstu röð voru annars vegar skálinn eða svefnhús vinnufólks, einkum karla þegar hér er komið sögu, og stofa hins vegar á betri bæjum eða hús af ýmsu tagi, einkum búr sunnlands. Í annarri röð var algengast að eldhús, klefar eða búr stæðu hvort gegnt öðru. Aftast kom svo baðstofan sem lá beggja vegna við enda ganga. Þar var vinnustaður kvenna og afþiljað hjónahús, ýmist í öðrum hvorum enda eða byggt hornrétt á baðstofuna” (Hörður Ágústsson 1998, bls. 31).

Gangabærinn einkennist helst af göngunum sem tengja öll húsin saman, en form þeirra, stærð og umfang var mjög mismunandi eftir aðstæðum. Stórir kirkjustaðir með fjölda manns til heimilis voru oftast stórir bæir með mörgum herbergjum, baðstofu, gestastofu, eldhúsi, buri og skemmu. Minni kotbýli voru e.t.v. aðeins baðstofa, jafnvel fjósbaðstofa (1), búr og eldhús. Það er því kannski erfitt að flokka þessi hús undir eina gerð, þrátt fyrir að þau hafi sameiginleg einkenni.

Þessi húsagerð virðist hafa fest sig í sessi og einkennt íslenska húsagerð um langt skeið. Þar sem um mjög sveigjanlegt form er að ræða með

(1) Fjósbaðstofa var það þegar kýr voru hafðar í fjósi fyrir neðan baðstofuloftið þar sem fólkið svaf. Var þetta einkum gert til að nýta hitann af kúnum en gallarnir voru helst lyktin og hljóðin sem bárust upp.



Mynd 6. Galtastaðagerð er nefnd eftir samnefndum bæ. Ljós. Haraldur Helgason 2001.

mismunandi fjölda húsa og samsetningu má telja líklegt að helstu breytingarnar hafa orðið í nýtingu rýmis innan húss. Guðmundur Ólafsson (2004) bendir á að breytingar á einstökum húsum hafi verið gerðar mun oftar en áður var talið. Eftir að verslun var gefin frjálts fór þó að bera á breytingum á byggingunum og fólust þær aðallega í tvennu: aukinni notkun timbers og glers. Með auknu aðgengi að innfluttu gleri fór að bera á tilraunum fólks til að setja glugga inn í híbýli sín og hleypa þannig inn birtu. Slíkt var þó vissum vandkvæðum háð, þar sem torfveggirnir voru þykkir og eiginleikar efnisins gera það að verkum að í þeim er nokkurt sig. Þar sem byggingartimbur var einnig flutt inn tóku sumir til þess ráðs að setja gaflpil úr timbri í torfbæina og var þá auðveldara að koma gluggum fyrir. Rekaviður var einnig mikið notaður í þessum tilgangi. Helsti ókostur þessa fyrirkomulags var hversu lítil einangrun var í timbrinu miðað við þykku torfveggina. Einnig varð algengara en áður að þilja helstu íveruherbergi, s.s. Baðstofur og stofur og skilja þannig rýmið frá torfveggjunum.

Guðlaugur Sveinsson prófastur í Vatnsfirði var helsti hvatamaður hins svokallaða burstabæjarstils. Árið 1791 lagði hann til að í stað þess að húsin væru öll í þyrpingu í kringum bæjar-

göng og skálinn eða baðstofan sneri þvert á hlaðið, þá væri húsunum raðað með gaflinn fram á hlaðið (Hörður Ágústsson 1987, 1998). Þannig væri mögulegt að hleypa inn meiri birtu, þar sem auðveldara var að setja glugga í timburþilin en í torfveggina. Einnig fengu húsin þannig reisulegri ásýnd (sjá mynd 5). Út frá þessu þróuðust tvær húsagerðir, annars vegar sunnlenska gerðin og hins vegar norðlenska gerðin. Útbreiðsla þessara húsagerða hefur í raun ekki verið rannsökuð til hlítar og er því erfitt að fullyrða um hversu algengar þessar húsagerðir voru.

Sunnlenska gerðin fylgdi að mestu leyti hugmyndum prófests og varð algeng á Suðurlandi. Jarðskjálftarnir á Suðurlandi árið 1896 ýttu undir breytingarnar, en þar varð einnig algengara að fólk byggði timburhús fyrir en á Norðurlandi. Norðlenska gerðin fylgdi þessum hugmyndum einungis að hluta til, þar sem fremstu húsaröðinni var snúið fram á hlaðið, en að baki hennar var enn hið gamla skipulag gangabæjarins. Aðrar gerðir torfbæja þróuðust einnig og hefur Hörður Ágústsson (1998) gert þeim nokkur skil, má þar m.a. nefna Marbælisgerð og Galtastaðagerð (mynd 6).

Þrátt fyrir að burstabærinn hafi náð töluverðri útbreiðslu, var þó form og útfærsla torfbæja mjög mismunandi

Á veturnar var stundum mikill snjór á Bustarfelli og man fjölskyldan eftir því að hafa ekki komist út um dyrnar á bænum. Þá var gripið til þess ráðs að senda einn strákanna út um glugga á efri hæðinni til að fara og moka frá hurðinni.



Mynd 7. Bustarfell að vetrarlagi. Ljós. úr einkasafni Elinar Methúsalemsdóttur.

eftir efnum og aðstæðum. Litlir bæir voru meira lítil kotbýli en reisulegir bæir eins og t.d. Glaumbær í Skagafirði og Bustarfell í Vopnafirði eru enn til vitnis um. Eftir því sem timbur varð algengara byggingarefni á Íslandi var það notað meira í húsbyggingar, bæði til að þilja torfbæina og byggja timburhús. Ný gerð leit dagsins ljós, svokallaður frambær, þar sem í stað bursta kom veglegt timburhús. Þetta var einkonar millistig milli torfbæjar og timburhúss, eins og sjá má t.d. á Grænavatni. Í öðrum tilvikum var timburhús byggt við hlið torfbæjarins, og torfhúsin notuð áfram a.m.k. sem útihús, eins og sjá má bæði á Nupsstað og Keldum.

Byggingartækni

Aðaleinkenni torfbæja, óháð formi og stærð þeirra, tengist efniviðnum. Torfið sem nýtt var í byggingar er misjafnt af gæðum og hentar misvel til húsagerðar. Þetta er lífrænt efni sem með tíð og tíma verður að mold og tapast þá að miklu leyti bindingseiginleikar þess, sem hefur mikil áhrif á endingarmöguleikana. Nokkuð hefur verið skrifað um handverkskunnáttuna, hvernig torfið er skorið á mismunandi hátt og lagt saman (sjá m.a. Guðmundur Hannesson 1942, Jónas Jónasson 1945, Hörður Ágústsson 1987, 1998 og Guðmundur Ólafsson

2004). Rannsóknir gefa til kynna að mismunandi aðferðir hafi verið notaðar við byggingu torfhúsa og veltur það á þeim efnivið sem er til staðar og þeim hefðum sem ríkja á hverjum stað. Rannsóknir á hversu útbreiddar þessar aðferðir hafi verið eru þó takmarkaðar og gefa e.t.v. ekki endilega rétta mynd af hvernig torfhús voru byggð. Aðferðirnar felast m.a. í því að torfið er skorið á mismunandi hátt og kallast það snidda, strengur, klömbruhnaus eða kvíahnaus. Hlutfall steina á móti torfi getur einnig verið misjafnt. Nánari lýsingar á þessum aðferðum má finna á öðrum vettvangi, helst mætti nefna Guðmund Hannesson (1942) og Hörð Ágústsson (1987, 1998).

Stoðgrind hússins er einnig mismunandi, annars vegar ásaþök og hins vegar sperruþök. Ásaþökin gátu verið einása, tvíása eða þríása, en sperruþökin má flokka í toppsperruþök og kálfaþök. Ofan á grindina var þekjan lögð, hellur eða tróð og þar næst var lagt torf (sjá einnig Guðmundur Hannesson 1942). Í seinni tíð var farið að gera tilraunir með önnur efni til að auka vatnspéttni þaksins, m.a. með því að leggja áburðarpoka úr plasti ofan á áreftið. Í heimildum er einnig getið að notað hafi verið kálfaþök þannig að segja má að þetta sé einungis nýrri útfærsla af því. Einnig var bárujárn

notað í sama tilgangi. Eftir að húsin komust í umsjá minjavörslunnar hefur ýmsum aðferðum verið beitt til þess að reyna að lengja líftíma húsanna og minnka þörf fyrir viðhald (Guðrún Harðardóttir 2006).

Eftir að torfið hefur verið hlaðið verður það mjög einangrandi ef það helst þurr. Veðurfar hefur þó nokkur áhrif og þá sérstaklega umhleyplingar sem einkennt hafa Suðurland. Regn getur átt greiðan aðgang inn í veggina og er því oft mikill raki í þessum bæjum, þótt ekki sé alltaf kalt. Raki og rigning var þó vandamál og var yfirleitt reynt að troða upp í gættir og dytta að bæjunum til þess að halda veðri og vindum úti. Einn viðmælenda höfundar minntist þess að stundum hafi reynt erfitt að sofa í rigningu en fötur voru settar hér og þar í baðstofuloftið til að taka við bleytunni. Þegar ofan á bættust tíðar breytingar á hitastigi, frost og hláka, gat það valdið miklum skemmdum á torfinu. Miklir þurrkar og sól á sumrin gátu einnig eyðilagt torfið á þakinu. Mikilvægt var því að dytta reglulega að. Grindin var endurnýjuð eftir þörfum, en oft kom raki að stöðendum. Vegna skorts á góðu byggingartimbri var reynt að endurnýta þann efnivið sem var til staðar, annað hvort með því að skeyta nýju timbri við þá hluta sem enn voru heilir eða nýta heila hluta timbursins á öðrum stöðum.

Einstök hús voru endurbyggð með ákveðnu millibili, eftir þörfum, vilja og getu íbúanna. Þess á milli voru minni háttar viðgerðir látnar nægja til að halda húsakostinum við. Viðhald húsanna var hluti af árlegum störfum ábúenda. Mest var um minni háttar viðhald og gert það sem þurfti til að halda bænum í þokkalegu ásikkomulagi. Á vorin þurfti að dytta að eftir veturinn, það sem hafði aflagast eftir umhleyplingar eða frosthörkur vetrarins. Á haustin var síðan reynt að troða upp í gættir og undirbúa fyrir veturinn. Stundum þurfti að gilda upp í vegg og taka ofan af þekjur, en torf í veggjum var ekki endurnýjað nema mjög sjaldan. Talað hefur verið um að ending torfhúsa á Suðurlandi hafi verið um 25 ár en allt upp í 100 ár á Norðurlandi vegna stöðugri veður-skilyrða þar (Hörður Bjarnason 1939). Skýrir það að hluta hvers vegna fleiri torfhús standa enn á Norðurlandi en

fyrir sunnan. Þó eru endingarmögu-leikar torfhúsa minni nú, þegar ekki er búið í þeim, þar sem þau hrörna mun hraðar þegar engin notkun er til að koma hreyfingu og hita á loftið.

Ekki liggja fyrir traustar heimildir um hvernig þiljun í torfbæjum var háttað á landnámsöld, timburskortur hefur haft áhrif þar á en rannsóknir (2) benda til þess að á 13. öld hafi menn hengt upp tjöld í skálum sínum (Arnheiður Sigurðardóttir 1966). Á 16. öld gefa heimildir til kynna að einhver íveruherbergi á stærri heimilum voru þiljuð og varð þróunin síðar sú að helstu vistarverur fólks, s.s. baðstofur, stofur og eldhús voru þiljuð. Náði þessi breyting einnig inn á fátækari og minni bæi, en sennilega ekki fyrr en á 19. og 20. öld (Hörður Ágústsson 1987).

Þessi sífellda þörf fyrir endurnýjun og viðhald húsakostsins hafði það í för með sér að fólk gat haft tiltölulega mikil áhrif á þróun húsagerðarinnar, innan vissra marka þó. Eðli gangabæjarins var einnig slíkt að auðvelt var að bæta við eða breyta einu og einu húsi í þyrpingunni, óháð hinum. Þar sem hvert hús (herbergi) var byggt sérstaklega, þ.e. sem aðskilin eining en þó tengt hinum húsunum, var yfirleitt gert við eitt hús í einu. Einnig var auðvelt að byggja við eitt og eitt hús til viðbótar og tengja það við hin með göngum. Þannig hafa húsin þróast eftir efnun og aðstæðum fjölskyldunnar.

Líklegt er að nokkur munur hafi verið í viðhorfi manna til viðhalds og endurbóta á húsnæði eftir því hvort um landeiganda eða leiguliða hafi verið að ræða. Þess konar verkefni fela í sér nokkra fjárfestingu í tíma, erfiði og efnisöflun, þannig að líklegra er að eigendur hafi lagt út í slíkt. Því er næsta víst að staða ábúanda hefur haft mikið að segja um þróun bæjarins. Þar sem slíkt verk þurfti að fara fram að sumri, yfir hábjargræðistímann, var ekki alltaf auðvelt að koma því við.

Greining á orðræðu viðmælenda rannsóknarinnar um torfbæi, skipulag þeirra, byggingu og viðhald leiddi í ljós þrjá meginþætti; nægjusemi, aðgengi og samfelldni. Fólk talaði um að lögð hefði verið áhersla á að gera það besta úr því sem til var og láta sér það nægja, ekki hefði verið hægt að leyfa sér að fara út í einhverjar stórtækar aðgerðir eða ein-

(2) Byggðar á greiningu á frásögnum úr Íslendingasögnum.



Mynd 8. Selið í Skaftafelli er einn af torfbæjunum í Húsasafni Þjóðminjasafnsins. Ljósmynd. Haraldur Helgason 2005.

hvern „óþarfa“. Þó hafði aðgengi að efnivið og efnahagsstaða áhrif á möguleika til uppbyggingar. Þá kom einnig skýrt fram hversu mikið torfbærinn einkenndist af því stöðuga viðhaldi sem þörf var á. Árvissst viðhald eða „dytta að bænum“ var nauðsynlegt en einnig voru reglulega einhverjar breytingar gerðar, annað hvort á bænum eða í kringum hann. Ný bæjarhús voru byggð eða endurbyggð, útihús voru reist eða endurreist, garðar hlaðnir, tún sléttuð og fleira í þeim dúr. Bærinn og nánasta umhverfi hans var í stöðugri þróun og þurfti stöðuga athygli til að tryggja afkomu og skjól fjölskyldunnar.

Þróun rýmis

Rými torfbæja hafa alltaf byggst upp í kringum ákveðna starfsemi eða hlutverk, þar sem fjárhús hafa verið notuð fyrir kindur, hlöður fyrir hey, smiðjur fyrir járnsmíði og búr fyrir matvæli og annað til heimilisins. Þegar fjallað er um hvernig rými þróast, eru tveir meginþættir sem taka þarf til athugunar. Annars vegar er þá það ferli hvernig nýjum rýmum er bætt við, sem veltur að mörgu leyti á áhuga og möguleika íbúanna á slíkum framkvæmdum. Hins vegar er skoðað hvernig rýmin, s.s. baðstofa, stofa, gestastofa og jafnvel eldhús, hafa verið nýtt og hvort

einhverjar breytingar hafi orðið þar á. Byggingarsaga húsanna gefur góðar vísbendingar um hvernig þessi þróun rýmisins hefur átt sér stað, þar sem nýjar húseiningar eru til vitnis um vilja og ásetning íbúanna til að hafa áhrif á það umhverfi sem þau bjuggu í, en ummerki um yfirgefnar byggingar sem áður voru í fullri notkun segja líka sína sögu. Nýting rýmis er ekki eins einfalt að henda reiður á, þar sem búsetu er hætt í húsunum og verður því að treysta á frásagnir heimildarmanna og ummerki efnismenningar til að gefa slíkt til kynna. Allar þessar breytingar á húsakostinum og nýtingu hans voru háðar bæði ytri skilyrðum, s.s. efnisöflun, og innri þáttum eins og þörfum og viðhorfum íbúanna.

Í þessu samhengi er ekki viðeigandi að tala um skilin á milli þess hefðbundna og þess nútímalega (3), þar sem torfbæirnir hafi staðnað í gamla bændasamfélaginu og hið nýja tekið við með nýjum húsagerðum. Ljóst er að torfbæirnir náðu ekki að uppfylla þær kröfur sem nútíminn setti og höfðu undir í samkeppninni við steinsteypuna. Hins vegar er rétt að benda á að ýmsar nýjungar voru til staðar í sumum torfbæjum við búsetulok og því hluti af sögu þeirra. Fróðlegt er því að velta fyrir sér hugmyndum um upprunaleika og spyrja að hvaða leyti torfbær er, eða

(3) Sjá umræðu um „traditional“ og „modern“ (Hobschwam & Ranger 1983).

Ár	Stein- og steypuhús	Timburhús	Torfbærir
1910	371	4488	5354
1920	1064	5196	5004
1930	3294	6595	3665

Tafla 1: Íbúðarhús á Íslandi eftir byggingarefni (Guðmundur Hannesson 1942, bls. 193).

getur verið, upprunalegur.

Upprunaleiki torfbæja felst í því ferli sem notað er til að byggja húsin, og þeirri hugmyndafræði sem þar liggur að baki. Það er því handverkið og aðferðirnar sem nýttar eru sem skapa upprunaleikann en ekki efniviðurinn í sjálfum sér. Síðari tíma þróun og breytingar á handverki, sérstaklega þær sem áttu sér stað undir búsetulok, þ.e. á 20. öld, náðu ekki að festa sig verulega í sessi og álíta því margir að um „aðskotahluti“ sé að ræða, eitthvað sem sé ekki „upprunalegt“ og eigi ekki heima í torfbæjum. Þegar til langs tíma er litið og þróun torfbæja skoðuð kemur í ljós að aðferðir og efniviður, form og útlit hefur ekki verið það sama frá upphafi. Breytingar hafa átt sér stað á öllum þessum sviðum og hafa í nær öllum tilfellum átt að stuðla að sama markmiði, þ.e. að gera húsin betri, uppfylla betur kröfur þess tíma eða stuðla að vinnusparnaði. Það er því erfitt að benda á einhver ákveðin tímaskil og segja að þetta sé gamalt og tilheyri torfbæ og að eitthvað annað sé ný viðbót sem ekki eigi þar heima. Má telja innflutt rúðugler sett í timburþilið hluta af „upprunaleika“ torfbæjarins frekar en áburðaplastpokana undir þekjunni? Bæði þessi efni höfðu ákveðnum tilgangi að þjóna og falla algerlega að þróunarferli torfbæjarins.

Torfbærinn líður undir lok

Torfbærir voru lengi framan af algengasta húsagerðin á Íslandi og það var í raun ekki fyrr en fór að líða á 20. öldina að aðrar húsagerðir fóru að vera algengari. Eftirfarandi tafla, byggð á gögnum úr manntölum 1910–1930, sýnir hvernig þróunin átti sér stað (tafla 1).

Taflan sýnir glöggt hversu hratt breytingar áttu sér stað á þessum árum,

þar sem ný hús voru byggð úr timbri eða steini á kostnað torfbæjanna. Líklegt má telja að á mörgum stöðum hafi torfbærir verið notaðar áfram sem útihús en að breytingar á þeim hafi fylgt í kjölfarið. Ef horft er á nánari sundurliðun á staðsetningu þessara húsa kemur í ljós að torfbæjum fækkar úr 52% á árinu 1910 í 27% á árinu 1930. Í Reykjavík fækkar þeim úr tólf í fjóra eða úr 1% í 0,16%. Til sveita voru þeir þó enn algengur húsakostur og teljast rúmlega 73% íbúðarhúsa þar 1910 en fækkar niður í 50% á 20 árum (Guðmundur Hannesson 1942). Þrjátíu árum síðar, þ.e. 1960, eru torfbærir aðeins 1% íbúðarhúsa á Íslandi (Helgi Skúli Kjartansson 2002, bls. 202).

Iðnbyltingin hafði mikil áhrif á húsagerð á Íslandi og á framtíð torfhúsa, til að byrja með sérstaklega í þéttbýli sem var þá vaxandi, en þróunin náði síðar einnig til dreifbýlisins. Önnur byggingarefni en torf og grjót, s.s. gler og bárujárni, þóttu góðir kostir í húsbyggingar og síðar varð steinsteypan allsráðandi. Á tímabili varð algengt að byggja timburhús við torfbæi og var það notað sem íbúðarhús meðan torfhúsin voru notuð áfram sem skemmur, smiðjur, hlöður og þess háttar. Steinsteiptu húsin voru þó yfirleitt byggð aðskilin frá gömlu húsunum. Eftir því sem kröfur um hreinlæti og nútíma þægindi jukust, varð erfiðara um vik fyrir torfbæina að uppfylla þau skilyrði.

Á síðustu árum búsetu í torfbæjunum má sjá ýmis dæmi um hvernig reynt var að nýta önnur byggingarefni til að gera fólki kleift að búa lengur í bæjunum eða með það markmið að minnka viðhald eða auka þægindi. Bárujárnið var sérstaklega nýtt til að reyna að koma í veg fyrir þakleka, annað hvort með því að setja það undir torfið, eða með því að nota það eingöngu. Helluþökin í Skaftafellssýslunum eiga það til að síga niður

Oft minnst viðmælendur mínir á það að í samræðum sínum við annað fólk nú á dögum séu þau oft spurð að því hvort ekki hafi verið kalt að búa í torfbæ. Hugmyndir um torfbæinn tengjast því kulda. Vel gerðir torfveggir sem hafa fengið tækifæri til að þorna veita þó nokkra einangrun gegn kulda. Viðmælendur mínir staðfestu að þeir muna ekkert sérstaklega eftir að hafa verið mikið kalt, svo fremi sem bænnum hafi verið haldið skikkulega við. Þó hafi verið erfitt að koma í veg fyrir raka og í þeim tilfellum sem fólk bjó í torfbæ sem var orðinn lélegur, þá segja þau að það hafi verið ansi kalt og erfitt að búa þar. Þó ber þess að geta að fólk sem elst upp við þessi skilyrði og þekkir ekki annað, upplifir kuldann og rakann á allt annan hátt en þær kynslóðir sem hafast við í þurrum, hitaveitukynntum húsum.

og þarf að lagfæra þau á nokkurra ára fresti. Hagkvæmt þótti því að nýta ný efni, eins og bárujárn eða áburðarpoka til að setja undir og halda þannig vatni úti. Með þeim hætti var hægt að minnka þörfina fyrir hellurnar sem hurfu alveg eða að þær voru lagðar kant í kant og sigu þar með ekki eins mikið. Nefna má sem dæmi að í sumum húsum á Núpsstað var eingöngu notað bárujárn á þakið og ekki tyrft yfir.

Það er því ljóst að miklar breytingar áttu sér stað á þessum árum, minni þó í dreifbýli en í þéttbýli. Vert er að minna á það að frá árinu 1894 var bannað að byggja torfhús í Reykjavík (Þórunn Valdimarsdóttir 1986, bls. 3), sem sýnir hvílík hugarfarsbreyting átti sér stað á þessum árum. Þéttbýlismyndun var einnig mikil á þessum tíma. Um 80% landsmanna áttu heima í dreifbýli um 1900 en einungis um 35% árið 1940 (Helgi Skúli Kjartansson 2002, bls. 188).

Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands

Í dag er staðan sú að aðeins örfáir torfbæir standa enn uppi og þar af eru ekki margir sem eru í góðu ásigkomulagi (4).

Í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands er að finna marga af þeim torfbæjum sem enn eru í notkun í dag (sjá kynningarbækling Húsasafns Þjóðminjasafn Íslands 2006). Eru þeir þá nýttir fyrir safnastarfsemi og almenningi þá veittur aðgangur að þeim til skoðunar. Fyrir utan þá bæi sem fjallað er sérstaklega um hér má helst nefna Glaumbæ, Laufás og Grenjaðastað en allir tilheyra þeir húsasafninu.

Markmiðið er að varðveita þennan hluta menningararfsins sem og fróðleik um hann. Hluti af þessari viðleitni er að stuðla að viðhaldi handverksþekkingarinnar og standa fyrir rannsóknum á torfbæjum.

Þeir bæir sem fjallað er um nánar hér í þessari skýrslu, þ.e. Keldur, Núpsstaður, Selið, Galtastaðir fram og Bustarfell, skipa mismunandi sess eftir því hvaða tímabil um er að ræða. Á 19. öld og frameftir þeirri 20. eru þeir hluti af mjög algengum húsakosti en upp úr miðri 20. öldinni eru þeir orðnir í minnihluta. Allir bæirnir eiga það sammerkt að hafa verið samsettir úr mörgum einingum, þar sem hvert hús þjónaði sínum tilgangi. Ýmis útihús voru einnig staðsett á jörðinni, sum mjög nálægt eða við íbúðarhúsin, önnur eitthvað fjær. Á Núpsstað og Keldum sést vel hvernig húsin voru dreifð um landslagið, þar sem útihúsin standa að einhverju leyti enn. Á hinum bæjunum hafa mörg þessara útihúsa horfið, þótt þau hafi ekki verið mörg á Galtastöðum fram og í Selinu þar sem voru fjósbaðstofur. Með tilkomu nýrra húsa-gerða, eins og timburhúsa eða steinsteypra húsa, breyttust innbyrðis tengsl herbergjanna í íveruhúsunum en áfram voru sér einingar fyrir fjós, hlöður og önnur útihús. Með aukinni tæknivæðingu landbúnaðarins breyttust einnig kröfurnar sem gerðar voru til þessara húsa og fróðlegt væri að skoða nánar þá þróun, þótt ekki verði hægt að gera það hér.

Þeir bæir sem fjallað er um í þessari skýrslu eru uppbyggðir á mismunandi hátt og hefur þróun þeirra ekki verið með sama hætti. Markmiðið með að tefla þeim saman hér er að varpa ljósi, bæði á þessa ólíku þætti, sem og það sem þeir eiga sameiginlegt. Á þennan hátt er hægt að draga fram sérkenni hvers staðar, en jafnframt staðsetja þá innan þeirrar samfélagslegu umgjarðar og þeirra hefða sem þessi húsa-gerð stendur fyrir. Þrátt fyrir að aðgengi að upplýsingum og viðmælendum fyrir hvern stað hafi verið mjög mismunandi og lítið efni til fyrir suma þeirra, er hér reynt að fjalla um það efni sem hægt var að safna innan marka verkefnisins.

(4) Hér er átt við heildstæða torfbæi eða íveruhús, því enn má finna útihús úr torfi sem eru í almenri notkun.

Húsakostur og heimili

Keldur

Á Keldum á Rangárvöllum í Rangárvallasýslu stendur sú bygging sem í grunninn telst vera elsta torfhús á Íslandi (sjá myndir 4 og 9). Skálinn er talinn vera að stofni til frá miðöldum (Þór Hjaltalín 1999 a). Gamla baðstofan er við hlið skálans en vestur af bænum er það sem kallað er nýi bærinn eða Jónínuhús, þ.e. timburhús sem byggt var árið 1937. Á neðri hæð baðstofu-loftsins eru tvö herbergi, stofa og svokallað piltahús. Gengið er inn um bæjardyr til skála, hlóðaeldhúss og búrs og þaðan var einnig hægt að komast upp á skálaloftið. Í vesturenda skálans er eldhús sem byggt var 1914. Nýrra steinsteypt íbúðarhús stendur á jörðinni, lengra til norðurs. Austur af skálanum standa fjórar burstir sem hýsa skemmur, smiðju og hjall. Við suðausturenda bæjarins er Keldnakirkja, reist árið 1875. Eitthvað af útihúsum standa enn í nágrenni bæjarins, þ.á.m. fjárhús og myllukofi sem stendur við bæjarlækinn (sjá teikningu 1). Mjög ítarlega lýsingu á bænum er að finna í skýrslu Þórs Hjaltalín (1999 a) og verður hún ekki endurtekin hér.

Bærinn stendur í nágrenni Heklu og er því mikið hraun á þessu svæði, sér í lagi að norðanverðu. Bændur á svæðinu hafa einnig þurft að berjast við mikið sandfok, sem gerir búskapinn erfiðan. Mikill munur er á landinu sunnan við bæinn, en landslagið er flatt og þar er meiri gróður og tún.

Árið 1932 fann Skúli Guðmundsson ummerki um undirgöng sem liggja frá skálanum og niður að læk. Matthías Þórðarson, þáverandi þjóðminjavörður, lét fyrstur grafa í þau um það leyti. Talið er að göngin gætu verið frá 12.-13. öld og verið notuð á Sturlungaöld til að gefa heimilisfólki tækifæri til að flýja undan óvinum sínum. Við fornleifarannsóknir árið 1998 benti ýmislegt til þess að hluti ganganna hefði ekki

verið grafinn upp á réttum stað, þ.e.a.s. sá hluti þeirra sem næstur er ánni. Í framhaldi af því var óhreyfði hluti ganganna grafinn og er þetta skýringin á því hvers vegna göngin greinast nú í tvennt (Þór Hjaltalín 1999 a).

„Skálinn hefur löngum verið með veggjum af grjóti einu að innanverðu og gaflhlöðum eins til beggja enda, jafn há veggjum eða lítið hærri og reft af þeim á næstu sperrur. ... Stafirnir, 4 á hvora hlið, eru ákaflega gildir, alin og meira (63-85 cm.) ummáls, 3 þeirra nýlegir eða síðari alda viðbætur. Af elztu stöfunum sést, að þeir hafa verið notaðir til að spara þiljur, grópaðar í þá þiljur til hliðar og rúmbríkur að framanverðu. Eins eru þiljugröp neðan í syllunum, en þær eru breiðar mjög og þykkar (um 25 x 6 cm.). Þær eru stallaðar aftan á stafina, en stafirnir standa á steinum án undirstokka, nema þilstafir og dyrastafir, þeir standa á gerðarlegum þröskuldum” (Vigfús Guðmundsson 1949, bls. 156).

Viðirnir sem notaðir eru í skálanum á Keldum eru taldir vera mjög gamlir, jafnvel frá miðöldum. Einn þeirra er merktur ártalinu 1641. Ýmsa hluta timbursins er vert að skoða frekar. Viðirnir hafa margir verið strikaðir, þ.e.a.s. skrautprófilar gerðir með sköfu í viðinn eftir endilöngu (Þór Hjaltalín 1999 a). Þessi aðferð á sér langa sögu á Íslandi og finnast hliðstæður í norskum stafkirkjum (Hörður Ágústsson 1979). Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti og hefur snidda verið notuð að utanverðu. Nánari lýsingu á byggingartækni og byggingarsögu húsanna má sem fyrr segir finna í skýrslum Þórs Hjaltalín (1999 a og 1999 b).

Merkar heimildir liggja fyrir um Keldur og má þar helst nefna rit Skúla Guðmundssonar sem hann nefndi „Smæsta smátt” og er þar að finna



Mynd 9. Keldur á Rangárvöllum. Ljós. Þór Hjaltalín.

nákvæma skráningu á öllu því sem viðkemur Keldum á tímabilinu 1850 til 1940. Þar eru lýsingar á viðhaldi og viðgerðum á bæjar- og útihúsum, umhirðu og umbótum á landinu í kring og öðrum þeim þáttum er viðkomu störfum hans á bænum. Einnig má nefna bók Vigfúsar Guðmundssonar frá 1949 um Keldur. Fornleifarannsókn hefur einnig verið framkvæmd á svæðinu, eins og áður hefur verið greint frá.

Matthías Þórðarson þáverandi þjóðminjavörður tók Keldur inn í húsasafn Þjóðminjasafnsins árið 1947. Miklar endurbætur hafa farið fram á Keldum síðan þá, sér í lagi á árunum 1969-1971, 1975-1977 og 1994-1999 á vegum safnsins og eru góðar heimildir til um nýjustu viðgerðirnar (sjá Þór Hjaltalín 1999 a og b). Þó nokkrar skemmdir urðu á bænum í Suðurlandsskjálftanum árið 2000 og hefur hann því verið lokaður fyrir almenning af þeim orsökum undanfarin ár.

Þegar fyrsta eldavélin kom árið 1914 voru gerðar nokkrar breytingar á skálanum og enda hans breytt í eldhús. Til umræðu hefur komið að færa þetta aftur til fyrra horfs og styðjast þá við þær heimildir sem til eru um útlit skálans áður. Þetta hefur þó ekki verið gert, enda mikilvægt að halda þessum hluta hússins óbreyttum þar sem hann

sýnir vel hvernig íbúar breyttu rýmum til þess að uppfylla nýjar kröfur. Í dag er húsið því varðveitt með þessum ummerkjum sögunnar og sýnir á einstakan hátt þróunina frá miðaldaskála til eldhússkipulags 20. aldarinnar.

Heimilið

Um miðja 19. öld bjó á Keldum Guðmundur Brynjólfsson með þriðju konu sinni, Þuríði Jónsdóttur. Hann hafði tekið við búinu þegar hann var giftur annari konu sinni, Guðrúnu Pálsdóttur frá Keldum. Árið 1855 voru þar til heimilis alls fjórtán manns, tvö börn þeirra Guðmundar og Þuríðar en einnig bjuggu þar þrír fullorðnir synir bóndans af fyrra hjónabandi (sjá nánari greiningu á hlutfalli fullorðinna á móti börnum í töflu 6 á bls. 39). Einnig bjuggu þar systir Guðmundar og systir Þuríðar, þrjár vinnukonur, léttadrengur og niðursetningur. Árið 1860 voru börn þeirra hjóna orðin fjögur talsins en tveir af sonum hans voru ekki lengur skráðir þar.

Móðir húsmóðurinnar hafði flutt til þeirra og tveir vinnumenn bæst í hópinn. Tvær vinnukonur voru á heimilinu ásamt eldri manni sem sagður var vera að nokkru á sveit. Tíu árum síðar hafði börnum þeirra fjölgað í níu, þrír vinnu-



Teikning 1. Grunnmynd af Keldum. Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf. 1998.

menn voru á staðnum, ein vinnukona, móðir húsmóðurinnar, systir og ein blind kona. Voru því alls 19 manns til heimilis á Keldum þetta ár.

Árið 1880 hafði þeim fækkað niður í 15, átta börn voru nú á heimilinu, öll á unglingsaldri eða fullorðin. Dóttursonur bóndans bjó þar einnig, sem og niðursetningur (ungabarn). Systir konunnar var þar enn og ein vinnukona. Árið 1883 féll Guðmundur frá og í manntali 1890 bjó Þuríður þar ásamt tveimur dætrum og tveimur sonum sínum, öll orðin fullorðin. Systir hennar bjó þar enn, auk barns sem hafði verið komið fyrir þar. Þrjár vinnukonur voru þar, ásamt tveimur vinnumönnum, og barni vinnufólks. Þá var á Keldum unglingspiltur sem var þar í vinnu.

Sonur Þuríðar, Skúli Guðmundsson, sem verið hafði ráðsmaður hjá móður sinni, tók við búinu árið 1896. Í manntalsskráningu 1901 er hann skráður þar bóndi, ásamt konu sinni Svanborgu Lýðsdóttur. Af þeim 16 manns sem skráðir voru til heimilis þá voru fjögur börn þeirra hjóna og einn niðursetningur. Móðursystir bónda bjó þar enn, þrjú vinnumenn, þrjár vinnukonur og tvö börn vinnuhjúa.

Árið 1910 voru börn þeirra hjóna orðin sex, tveir vinnumenn, þrjár vinnu-

konur, léttadrengur og ungabarn sem þáði af sveit. Eins og sjá má af ofantölu var hlutfall kynjanna þá orðið jafnt á Keldum en áður höfðu konur alltaf verið fleiri en karlar (sjá nánari greiningu á kynjaskiptingu í töflu 6 á bls. 39).

Tuttugu árum síðar var Skúli enn bóndi á Keldum og bjó þar ásamt konu sinni, fjórum börnum og einu fósturbarni. Þá var þar einn vinnumaður, einn húsmaður (smiður), kona á sveit og ein lausakona (5). Skúli féll frá árið 1946 og var búsetu hætt í gamla bænum er hann komst í vörslu Þjóðminjasafnsins. Fjölskyldan flutti þá í nýtt íbúðarhús sem byggt var á jörðinni. Nú býr að Keldum Skúli Lýðsson, ásamt konu sinni Drífu Hjartardóttur.

Núpsstaður

Á Núpsstað í Fljótshverfi í Vestur-Skaftafellssýslu stendur nú nokkuð heilleg bæjartorfa, sem samanstendur af fjölda torfhúsa, tvílyftu bárujárnsklæddu timburhúsi og öðrum ummerkjum um búsetuhætti fyrri tíma (sjá forsíðumynd). Einnig er þar torfkirkja, svokallað bænhús, og kirkjugarður. Kjarni bæjarins eru tvær raðir torfhúsa sem liggja samhliða og telst bærinn því af sunnlenskri gerð. Í neðri röðinni er

(5) Byggt á manntölum árin 1855, 1860, 1870, 1880, 1890, 1901, 1910 og 1930.



Mynd 10. Núpssstaður um aldamótin 1900.

hjallur, skemma, smiðja, fjós og íbúðarhús, en í þeirri efri er aðallega um hlöður að ræða (teikning 2). Önnur útihús, s.s. hesthús og lambhús, standa lengra í burtu frá þyrpingunni. Ýmsar minjar eru um búsetuhætti fyrri tíma í landi Núpssstaðar, en af þeim útihúsum sem enn standa og eru í nokkurri fjarlægð frá bæjartorfunni ber helst að nefna fjárhús/hlöðu í Hvömmum, vestan við bæinn og nánast niður við þjóðveg og fjárhús/hlöðu sem stendur austur undir hlíðum Lómagnúps.

Bæjarstæðið er mótað af þverhníptu klettabelti til norðurs og rís Lómagnúpur tignarlegur til austurs. Sandarnir breiða úr sér til suðurs, eins langt og augað eygir og ná niður í fjöru sem er í um 23 km. fjarlægð. Nokkuð grjóthrun hefur átt sér stað í brekkunni ofan við bæinn og segir sagan að grjót muni falla á Núpssstað þegar aðeins einn íbúi er eftir þar. Það hefur þó ekki enn ræst. Þó nokkuð af trjám var plantað í brekkunni fyrir ofan bæinn á fyrri hluta 20. aldar (frá 1936). Bæjarlækurinn liggur vestan við bæjarstæðið og fellur af klettunum fyrir ofan bæinn. Þjóðvegurinn liggur nú um 350-400 m neðan við bæinn en áður lá alfaraleið um hlaðið á Núpssstað. Bærinn stendur á einni af stærstu jörðum í einkaeign á Íslandi (um 55.000 ha) og er hún á Náttúruminjaskrá (Elín Erlingsdóttir 2003 b). Í nágrenni bæjarhúsanna eru margvíslegar minjar fyrri

búsetuhátta sem stuðla að myndun einstaks menningarlandslags.

Núverandi íbúðarhús var byggt 1928, að hluta til á grunni eldra húss (burstabæjar) sem byggt hafði verið 1905 (sjá mynd 10). Það hús var orðið lélegt og var því ráðist í að byggja nýtt. Ástæðan fyrir því að húsið var byggt á sama stað og gamli bærinn er sú að notast þurfti að einhverju leyti við efni úr eldra húsinu en nýju efni var bætt við. Áður fyrr, þ.e. fyrir aldamótin 1900, var fjósbaðstofa á Núpssstað en hún stendur ekki lengur.

Neðri hæð nýja íbúðarhússins var látin halda sér að mestu leyti en efri hæð byggð ofan á hana. Hlóðaeldhús er nú að baki íbúðarhúsinu og var áður innangengt í það frá burstabænum. Kjallari í eldhúsinu var nýttur sem búr og var súrmatur og slíkt geymt þar. Vestan við íbúðarhúsið er fjós. Meðfram hlaðinu liggur röð húsa og stendur hver burstin við hlið annarrar. Þar er smiðja, skemma og hjallur, sem enn eru nýtt. Að baki þeim er önnur röð húsa sem telja fjórar hlöður. Þakið er fokið af einni þeirra og stendur tóftin eftir. Sú bygging var þó víst ekki nema heygarður sem bárujárnsplötum hafði verið skellt yfir á þakgrind. Inn á milli hlaðanna er lítið hús, nefnt dæluhús, og hefur að geyma gömlu rafstöðina.

Við hliðið á gamla túngarðinum, þar sem þjóðvegurinn lá áður, er gamalt



Teikning 2. Grunnmynd af Núpsstað í Fljótshverfi. © Elisabet Bernsveden, Elias Anderson, ARGOS ehf., Arkitektastofa Grétars og Stefáns 2006.

hesthús sem breytt var í bílskúr árið 1954. Norðan við hann eru tvær tóftir af gömlum hesthúsum. Ofar í brekkunni er síðan svokallað flatasteinshesthús, sem byggt var upp við stóran flatan stein, sem það dregur nafn sitt af. Þetta hesthús var talið betra en hin og var frekar notað fyrir „góðu“ hestana, þ.e. þá hesta sem notaðir voru til pósthlutninga. Rétt vestan við hlöðurnar er geitakofi og greina má litla tóft þar sem

áður var hænsnakofi. Austan við bæjarstaðið eru loks tvö lambhús, hið eystra og hið vestra, og þar fyrir ofan er lítil rétt.

Sérstaða Núpsstaðar í þessari skýrslu felst bæði í því að einhver torfhúsanna eru þar enn í daglegri notkun (þ.e.a.s. ekki notuð fyrir safnastarfsemi) og að búsetu í torfbænum lauk árið 1928, töluvert fyrr en í hinum bæjunum. Þetta er þó e.t.v. lýsandi fyrir þá þróun sem

átti sér stað, þ.e. að torfhúsin voru notuð áfram samhliða búsetu í nýju húsi af annarri húsagerð (timbur eða steinsteypu).

Talið er að kirkja hafi verið að Lómagnúpi frá því um 1200. Elstu lýsingu hennar er að finna í máldaga Jóns biskups Sigurðssonar frá um 1340, en þó er ekki hægt að segja með vissu hvort sú kirkja hafi verið á sama stað og núverandi bænhús. Kirkjan var lögð niður 1765 en þó notuð áfram af og til (Gísli Gestsson 1961). Húsið var lengi notað sem skemma en einhverjir ferðalangar munu einnig hafa fengið að gista í bænhúsinu. Matthías Þórðarson, Þjóðminjavörður, lét friða bænhúsið á Núpsstað árið 1930 og var það í fyrsta sinn sem slík friðun var gerð. Árið 1961 var það síðan tekið á fornminjaskrá en segja má að bænhúsið hafi verið fyrsti vísirinn að því sem nú er húsasafn Þjóðminjasafns Íslands. Eftir að bænhúsið var gert upp var messað í því á ný árið 1961. Í ágúst á hverju ári er nú messað í bænhúsinu á Núpsstað. Grafreitir er umhverfis það og liggja þar nokkrir fyrrum íbúar bæjarins.

Nokkuð góðar heimildir eru um bænhúsið. Til dæmis ritaði Gísli Gestsson grein um það í Árbók Hins íslenska fornleifafélags (1961) og skrifaði einnig um gömlu bæjarhúsin í sama rit (1970). Við rannsóknir sínar tók hann einnig fjölda mynda sem eru varðveittar í myndasafni Þjóðminjasafns Íslands en einnig eru þar aðrar eldri myndir og teikningar af bænum. Grein Gísla er byggð á samtölum sem hann átti við Hannes Jónsson, bónda á Núpsstað, í byrjun sjöunda áratugarins, þar sem sá síðarnefndi lýsir húsakosti Núpsstaðar eins og hann var í kringum 1890. Þessar upplýsingar, ásamt þeim myndum sem varðveittar eru, gefa nokkuð glögga mynd af því hvernig húsin voru á þeim tíma og hvaða breytingar hafa átt sér stað á síðustu öld (Þjóðminjasafn Íslands, húsasafnsgögn nr. 32).

Mismunandi byggingartækni hefur verið beitt í þessum húsum, bæði er um mismunandi efnisnotkun að ræða, en einnig fjölbreytni í útfærslum. Vegghleðslur eru allar úr grjóti, en í sumum tilfellum er líklegt að strengur hafi verið notaður. Ytra byrði veggjanna er nánast alltaf grasi vaxið, og undantekningar

þar á einungis í þeim tilfellum sem um sameiginlegan vegg milli húsa að ræða. Skemmurnar eru allar með timburpil, en hlöðurnar bárujárnsþil. Gafhlýrnur á öðrum húsum eru annað hvort úr timbri eða bárujárni. Gluggar eru á flestum húsanna.

Sérlega eftirtektarvert er hversu fjölbreyttar þakgerðirnar eru, en þær eru mjög mismunandi að gæðum. Bárujárnsþök eru á mörgum húsanna, þótt í sumum tilfellum hafi verið tyrft yfir þau. Í öðrum húsum, s.s. skemmunum, eru helluþök, en þó hefur hleðslunni á sumum stöðum verið breytt þannig að hellurnar liggja kant í kant, í stað þess að skarast eins og hefð var fyrir með slík þök. Til að tryggja vatnsheldni hefur áburðarplastpokum verið bætt ofan á þekjuna undir torfið.

Sem dæmi um þakgerðir má nefna að einni hlöðunni (hús nr. 9 á teikningu 2 og sjá mynd 11) hefur verið lýst á eftirfarandi hátt: „Fornt byggingarlag burðarvirkis, innstafir, 3½ stafgólf, breidd milli stoða 155 cm, vaglbíti og vagl, raftar milli veggja og brúnása og milli brúnása og mæniáss” (Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf. 2003, bls. 7). Um baðstofuhlöðuna (hús nr. 13 á teikningu 2) er hins vegar sagt: „Hlaðan er með gömlu sniði, innstafir á stoðarsteinum, fjögur stafgólf og brúnásar og vaglbíti milli stafa í miðju húsi og vagl eða dvergur þar ofaná en annars staðar sperrur eða raftar undir mæniási” (Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf. 2003, bls. 9). Í öðrum húsum er oftast um einhverskonar útfærslu á sperruþaki að ræða og liggja þau beint ofan á vegghleðslunni án þess að um stoðir sé að ræða. Moldargólf er í flestum húsanna, en þó hefur steinsteypu verið bætt á gólfið í flatasteinshesthúsi, fjósi og hluta af dæluhúsi, sem og í hluta vegghleðslu í vestralsambhúsi.

Gísli Gestsson telur að eftirfarandi lýsing á Núpsstað gefi góða mynd af því hvernig bærinn leit út árið 1890:

„Norðan við kirkjugarðshornið og fast við það sér á austurenda stórs langhúss, búrs og skála, stóra græna þekju með tveimur mistórum gluggum, dálítið aftan við framlínu bæjarins. Þá taka við 8 burstir í röð, austast Litlahús, þá bæjardyr, stofa, fjós með baðstofu,



Mynd 11. Í þessari hlöðu á Núpsstað má sjá dæmi um fornt byggingarlag burðarvirkis. Ljósmynd af Brynjólfsson.

Litlaskemma, smiðja, skemma og hjallur vestast. Austustu 4 burstirnar eru hæstar, og líklega er bæjardyraburstin þeirra reisulegust. Bæjardyrnar ásamt Litluskemmu, smiðju og hjalli eru með alþiljum, en Litlahús, stofa og skemma eru með hálfþiljum yfir gluggadekkjum. Á fjóslofti eða baðstofunni mun hafa verið þilþríhyrna. Á bak við þessa röð sést önnur húsaröð; tvær hlöður á bak við vestri húsin og þriðja hlaðan nokkru vestar en vestasta hús fremri húsaraðarinnar, hjallurinn. Þess er að vænta, að þar að húsabaki sé og eldhús, þó það sjáist ekki neðan af túni, og loks má vera að við sjáum einhverstaðar í gegnum húsasund í kamarsburstina efst og aftast allra húsanna” (Gísli Gestsson 1970, bls. 16-17).

Þessi lýsing tekur ekki til útihúsa sem voru í nágrenninu. Einhverjar breytingar voru gerðar á næstu árum en stórar breytingar voru gerðar fimmtán árum síðar. „Árið 1905 voru stofa, gestakamers, bæjardyr og búr rifin, en byggt nýtt timburhús á sama stað, með tveim burstum og rennu á milli, og sneru burstirnar fram á hlaðið” (Gísli Gestsson 1970, bls. 32).

Íbúðarhúsinu hefur verið breytt mest

síðan þá, en „...árið 1929 voru burstirnar teknar af og gert nýtt og hærra ris á húsið, sem sneri eins og bæjar-röðin” (Gísli Gestsson 1970, bls. 32).

Í stað burstabæjar var því komið tvílyft timburhús. Við það var samfella bæjarhúsanna rofin. Í stað þess að mynda eina langa röð burstar, er nú um að ræða aðskildar þyrpingar, þar sem einungis tvö til þrjú hús standa saman. Á teikningu Gísla Gestssonar sem sýnir bæjarhúsin á Núpsstað árið 1969 sést að nýjum húsum hefur ekki verið bætt við síðan þá, þó þökin á einhverjum þeirra séu nú fallin. Eins og eðlilegt er með torfhús hætti þróunin þó ekki. „Einhvern tíma á þessum árum var fjósinu breytt aftur, gerð ný hlaða, þar sem heygardurinn var, kamarinn rifinn (árið 1910) og vestustu hlöðu breytt” (Gísli Gestsson 1970, bls. 32). Aðrar minniháttar breytingar hafa verið gerðar í gegnum árin, efnisvali breytt og bætt og hús aðlöguð að nýjum hlutverkum.

Bæjarhúsin á Núpsstað eru ekki í húsasafninu en fyrir liggur að taka þau inn þar og friða, enda um merka menningararfleifð að ræða. Núpsstaður er einnig á lista yfir þá staði á landinu sem koma til greina fyrir tilnefningu á heimsminjaskrá UNESCO (Þjóðminjasafn Íslands og Náttúruvernd ríkisins, án árs).

Skaftafellssýslur

Í ljósi þess hversu mikilvægt umhverfið er fyrir sveitabæi er nauðsynlegt að fjalla nánar um Skaftafellssýslur hér.

Bæði Núpsstaður og Selið, sem síðar verður fjallað um, eru í Skaftafellssýslum og hafði það einstaka umhverfi nokkur áhrif á lífið á bæjunum. Ber þar fyrst að nefna árnar, Skeiðará og Núpsvötn, sem voru hættulegir farartálmar og þurfti sérþekkingu til að komast yfir þau.

Nokkrir íbúar af svæðinu voru sérstaklega annálaðir vatnamenn og sóttust ferðalangar eftir því að fara yfir samfyllgd þeirra.

Hannes Jónsson landpóstur var einn þeirra, enda þurfti hann reglulega að fara þessa leið. Á Núpsstað voru notaðir sérstakir hestar í þetta en á þeim tímum þegar árnar voru ófærar var stundum gripið til þess ráðs að ganga yfir jökulröndina og voru þá menn fengnir til að höggva þrep í snjóinn til að bæta öryggi ferðalanga. Eftir að bílar og rútur komu til, var reynt að fara á þeim yfir árnar og jókst þannig umferð um þetta svæði. Hringvegurinn var síðan opnaður árið 1974

þegar lokið hafði verið við að brúa Skeiðará og gjörbreytti það aðstæðum Núpsstaðar og Selsins sem voru ekki lengur í „órafjarlægð“ hvor frá öðrum sökum erfiðra samgangna. Filippus Hannesson orðaði breytingarnar sem svo að „...þá fyrst fór maður að sjá framan í þessa Örafinga“.

Heimilið

Sama ættin hefur búið á Núpsstað síðan um 1730 og keypti Dagbjartur Jónsson þáverandi leiguliði jörðina af kirkjunni árið 1840 (Gísli Gestsson 1970). Í manntalsskráningu fyrir bæinn kemur fram að fjöldi íbúa helst nokkuð stöðugur á árunum 1855 til 1910 (6).

Þegar manntal var tekið á Núpsstað í október 1855 bjuggu þar 12 manns, níu fullorðnir og þrjú börn (sjá nánari greiningu á hlutfalli fullorðinna á móti börnum í töflu 7 á bls. 39). Dagbjartur Jónsson var þar bóndi þá ásamt konu sinni Málmfríði Eyjólfsdóttur. Allt heimilisfólkið var skylt, fyrir utan þrjú fósturbörn, en allar vinnukonurnar voru systur bóndans. Einnig bjuggu þar tengdaforeldrar hans. Litlar breytingar urðu á manntali 1860 en 1863 féll Dagbjartur frá. Árið 1870 hafði dóttir bóndans, Margrét Dagbjartsdóttir, tekið við búinu ásamt eiginmanni sínum, Eyjólf Stephánsyni. Heimilið taldi enn tólf manns en nokkur breyting hafði orðið á heimilishaldinu. Ekki virðist vera eingöngu um fjölskyldumeðlimi að ræða, heldur einnig niðurstetninga og óskylda vinnumenn. Margrét lést síðan 1873.

Árið 1880 taldist fjöldi íbúa vera 14 og miklar breytingar höfðu átt sér stað. Ný húsfrú var komin á bæinn, föðursystir fyrri konu bónda, Margrét Jónsdóttir, en dóttir bónda, Margrét Eyjólfsdóttir, var skráð þar með nýfæddan son sinn, Hannes Jónsson. Árið 1885 erfði Hannes jörðina aðeins sex ára að aldri en sökum ungs aldurs tók faðir hans við stjórn hennar. Fimm árum síðar var því faðir Hannesar, Jón Jónsson, skráður fyrir búinu með konu sinni, Valgerði (ekki móður Hannesar en hún lést árið 1882 aðeins 17 ára að aldri) og var íbúafjöldi þá aftur orðinn 12. Þá var kynjahlutfallið orðið jafnt en áður höfðu þar alltaf verið mun fleiri konur en karlar (sjá nánari greiningu á kynjaskiptingu í töflu 7 á bls. 39). Töluvert var þá um óskylt vinnufólk en þó eitthvað af fólki sem hafði búið þar árum saman.

Árið 1901 voru þau hjón, Jón og Valgerður, enn í forsvari fyrir búinu og voru þar einnig til heimilis Hannes, tveir bræður Jóns og þrjár vinnukonur. Einnig voru á Núpsstað skráð til

heimilis tvö fósturbörn og eldri vinnulaus maður. Þá voru þar tveir aðkomumenn en lausamaður á bænum var skráður fjarverandi, alls voru því 14 manns á heimilinu. Nokkrar breytingar hafa orðið á við næsta manntal árið 1910 þótt fjöldinn væri álíka, eða 13 manns. Þá hafði Hannes gifst Þórönnu Þórarinsdóttur og höfðu þau eignast fjögur börn. Þá voru þar þrjár vinnumenn, ein vinnukona og einn niðurstetningur.

Árið 1920 bjuggu á bænum, þau Jón og Valgerður, ásamt Hannesi, Þórönnu og börnum þeirra átta. Þá búa þar einnig einn vinnumaður og einn ómagi. Jón og Valgerður búa þar enn árið 1930, en þá hafa Hannes og Þórána tekið við búinu. Að öðru leyti búa þar einungis börn þeirra alls átta talsins, þótt flest þeirra séu komin á fullorðinsaldur, og einn ómagi.

Þau hjón eignuðust alls tíu börn sem öll komust á legg. Hannes starfaði í mörg ár sem landpóstur frá Síðu til Hafnar en þar var yfir margar erfiðar ár að fara. Eftir að Hannes féll frá árið 1968 tók Eyjólfur sonur hans við búinu og rak það í mörg ár í samvinnu við Filippus bróður sinn. Öll systkinin lifðu fram á tíræðisaldur og eru enn fimm þeirra á lífi í dag. Eyjólfur lést árið 2004 en Filippus býr enn á Núpsstað.

Selið í Skaftafelli

Selið í Skaftafelli er í Örafum í Austur-Skaftafellssýslu (sjá myndir 8 og 12). Selsbærinn er af sunnlenskri gerð og er þar fjósbaðstofa. Af þeim bæjum sem teknir eru fyrir í þessari rannsókn er hann sá yngsti en hann var byggður árið 1912 af Þorsteini Guðmundssyni. Gengið er frá bæjardyrum annars vegar til stofu en hins vegar í gegnum gang í fjósið, þar sem baðstofan er á loftinu (sjá teikningu 3). Eldhús er norður af bæjardyrum en talið er að því hafi verið töluvert breytt í viðgerðum sem Þjóðminjasafnið stóð fyrir í áföngum á árunum 1974-1988. Örlítið neðar í brekkunni eru tvær hlöður sem eru byggðar með fornu byggingarlagi, þríása þaki. Fjárhús og önnur útihús voru einnig í næsta nágrenni bæjarins.

Búið hefur verið í Skaftafelli frá því um landnám. Nábylið við Skeiðará varð fólki þó erfitt þar sem áin gróf smám

(6) Byggt á manntölum árin 1855, 1860, 1870, 1880, 1890, 1901, 1910, 1920 og 1930.



Mynd 12. Selið árið 1970. Ljós. Gísli Gestsson.

saman nær bæjarstæðinu. Var þá tekið til þess ráðs að færa bæinn upp í hlíðarnar og voru þar þá byggðir þrjár bæir, sem sitt hvert systkinið byggði. Bærinn Hæðir var efstur, með Sel aðeins stuttan spöl til austurs, en neðar lá Bölti. Byrjað var að byggja í Hæðum árið 1818, í Seli árið 1832, en í Bölti ekki fyrr en 1850. Búið var í gamla bænum í Skaftafelli þar til 1949 (Þórður Tómasson 1980). Bærinn er innan Þjóðgarðsins í Skaftafelli og er opinn fyrir ferðamenn. Skeiðará rennur neðan við hlíðina til vesturs og breiðir Skeiðarársandur úr sér til suðurs. Hvannadals-hnjúkur blasir við til austurs og Vatnajökull til norðurs.


Þegar Þjóðminjasafnið hófst handa við að gera upp Selið var austasta burstin algerlega fallin inn og þurfti því að endurbyggja hana frá grunni. Á myndum frá 1970 sést að þilin höfðu verið bárujárnsklædd. Minnst er á í gögnum að upphaflega hafi sennilega verið tjörupappi með lóðréttum trélistum á framstafni stofuhúss (Þjóðminjasafn Íslands, húsasafnsgögn). Á mynd frá ca. 1922-1930 má greina glugga á milli stóru burstanna tveggja, sem gefur til kynna að þar hafi verið herbergi eða a.m.k. gangur sem er ekki eins í dag. Einnig hefur útliti vesturburstar verið breytt frá því sem hún var á þessum tíma.

Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti en húsin eru með torfþaki. Grjóthellur eru undir torfinu, en þó er bárujárn undir þakinu á annarri hlöðunni. Svört listapil eru á burstunum þremur, en þó er bara hálfpil á vestustu burstinni. Hurðar eru á þeim öllum og gluggar á efri og neðri hæð á stærri tveimur burstunum, en þar eru einnig gluggar á norðurhlíðinni. Gluggar, hurðar og vindskeið eru hvítmáluð. Listapil er einnig á hlöðunum tveimur með hurðum og gluggum þar fyrir ofan. Austasta burstin í bæjarhúsinu er öll þiljuð að innan, sem og baðstofuloftið. Kvistur er á austurhlíðinni þar sem eldhúsið er.

Eftirfarandi lýsing frá árinu 1936 gefur til kynna hvernig þá var umhorfs í Skaftafelli:

„Við reikuðum hægt milli hinna ýmsu húsa á bænum og gægdumst inn í hesthús og hlöðu, skemmur og fjárhús. Öll sneru þau stöfnum mót vestri, í átt að sandinum, en minntu á langa, grasigróna hryggi hinum megin frá. Eins og á öllum gömlum bæjum á Íslandi voru þykkir, en lágir langveggir hlaðnir úr grjóthellum og steinum að utan og tók þakið við í beinu framhaldi af þeim. Gaflarnir voru hlaðnir eins og voru gaflveggirnir að minnsta kosti metri á þykkt. Stafarnir voru hins vegar úr timbri eða stein-

Rennslið í Núpsvötn breyttist og við það varð auðveldara að fara þar um. En landslagið fyrir sunnan Núpsstað breyttist einnig, því Leira varð nú ekki svipur hjá sjón. Hinir viðáttumiklu sandar höfðu líka fleiri áhrif á lífið í Skaftafellssýslum. Fjörur voru langt í burtu og komast þurfti yfir þá til þess að geta nýtt sér það sem rak á fjörur, s.s. rekavið og sel. Sandarnir gerðu líka skipum erfitt fyrir en ekkert gott hafnalægi er frá Vík í Mýrdal að Höfn í Hornafirði. Vöruflutningar voru af þessum sökum ekki tíðir til svæðisins og áttu bændur langt að sækja í næsta kaupstað. Þeir bændur sem bjuggu í Vestur-Skaftafellssýslu sóttu helst á Papaós og síðar á Kirkjubæjarklaustur. Í Austur-Skaftafellssýslu var hins vegar frekar haldið til Hafnar í Hornafirði. Fyrir kom að skip strönduðu á söndunum og var þá eitthvað um að bændur hirtu muni úr þeim og nýttu heima á bæ.



Teikning 3. Grunnmynd af Selinu. Jens Mouritzsen, Morten Gøthche, Curt Jessen (Kunstakademiets Arkitektskole) 1973.

steypu, ef þeir höfðu verið endurbyggðir á síðustu áratugum – og allar innréttingar úr timbri” (Ahlmann 1979, bls. 169).

Búsetu var hætt í Seli árið 1946 og var bærinn í umsjá Ragnars í Hæðum þar til hann var tekinn í vörslu Þjóðminjasafnsins árið 1972.

Heimilið

Þegar tekið var manntal árið 1855 var þrjúbýli í Skaptafelli og voru þá níu íbúar í Selinu en aðeins færri á hinum bæjunum. Þá bjó í Selinu Jón Bjarnason ásamt konu sinni Guðrúnu Sigurðardóttur og sex börnum á aldrinum 7-26 ára. Hjá þeim var ein vinnukona. Árið 1860 voru þau hjón ein í kotinu með fjögur börn, tvö af eldri börnunum voru farin að heiman (sjá nánari greiningu á hlutfalli fullorðinna á móti börnum í töflu 5 á bls. 38). Tíu árum síðar voru ekki nema þrjú börn eftir á heimilinu, öll á fullorðinsaldri. Sonur Jóns, Einar, hafði tekið við búinu þegar manntal var gert árið 1880 og bjó þar ásamt konu sinni, Þórunni Pálsdóttur, föður sínum og ungri dóttur. Þá var hjá þeim ein vinnukona (systir bónda) og einn léttadrengur. Var þá hlutfall karla og kvenna orðið jafnt en hafði áður sveiflast frá því að vera fleiri konur yfir í að vera fleiri karlar (sjá nánari greiningu á kynjaskiptingu í töflu 5 á bls. 38).

Börnum hafði ekki fjölgað tíu árum síðar en þá var þar fyrir utan fjölskylduna, vinnumaður, vinnukona, niðursteningur og lausamaður, alls sjö manns. Árið 1901 hafði kona Einars fallið frá og dóttir hans tekið við sem bústýra. Hjá þeim bjuggu tveir vinnu-menn, tvær vinnukonur og einn tókudrengur. Við næsta manntal, árið 1910, höfðu orðið eigendaskipti á Selinu og var þá bóndi þar Þorsteinn Guðmundsson, ásamt konu sinni Guðrúnu Einarsdóttur. Þau bjuggu þar með fjórum börnum sínum, einni vinnukonu og barni hennar. Þá var einnig Einar Jónsson skráður til heimilis hjá þeim, þannig að alls voru níu manns á heimilinu. Árið 1920 bjó í Seli Þuríður Runólfsdóttir, ekkja, ásamt fjórum sonum sínum, sem voru allir vinnu-menn, og einni dóttur. Einnig bjó þar tengdadóttir hennar og sonardóttir. Hjá þeim bjó einnig fyrrverandi sóknarprestur á eftirlaunum. Tíu árum síðar var enn sama fólkið í Seli, nema að barnabörnin voru orðin fjögur talsins og presturinn var farinn. Þá hafði ein vinnukona bæst í hópinn og gestkomandi kona var skráð hjá þeim (7). Hætt var að búa í Selinu árið 1946.

Galtastaðir fram

Galtastaðir fram í Hróarstungu í Norður-Múlasýslu eru staðsettir fjarri

(7) Byggt á manntölum árin 1855, 1860, 1870, 1880, 1890, 1901, 1910, 1920 og 1930.



Mynd 13. Galtastaðir fram árið 1981. Ljósm. Auðunn Einarsson.

alfaraleið, bæði nú og áður fyrr, milli Jökulsár á Dal og Lagarfljóts (sjá mynd 6 og 13). Bærinn stendur í hæðóttu en tiltölulega flötu landslagi. Bærinn telst hvorki til norðlenskrar né sunnlenskrar gerðar. Hörður Ágústsson (1998) nefnt ákveðna tegund torfbæja eftir bænum, þ.e. Galtastaðagerð, en rústir bæja af sömu gerð hafa fundist á nokkrum stöðum við fornleifarannsóknir. Eitt helsta einkenni hennar er það að baðstofan liggur þvert á hlaðið. Gengið er inn um bæjardyr og þaðan í fjósbaðstofu en hún var reist árið 1882 af Jóni Magnússyni snikkara. Innaf fjósinu er byrgi, þar sem inngangur er fyrir skepnum, og hlaða. Á efri hæð fjóssins er baðstofu loft, þar sem timburþil deilir því í tvö herbergi. Úr bæjardyrnum er einnig gengið inn í eldhúsgöng sem leiða annars vegar til hlóðaeldhússins og hins vegar til búrsins. Skemma er sunnan megin við bæjardyrnar (sjá teikningu 4). Áður fyrr var fjós sunnan við bæinn en það var rífið þegar núverandi íbúðarhús var byggt í þess stað árið 1961. Innangengt er úr íbúðarhúsinu í hlóðaeldhúsið en það var notað áfram í nokkur ár eftir að flutt var úr gamla bænum. Torfbærinn var þá farinn að hrörna töluvert og orðinn óíbúðarhæfur þegar fjölskyldan flutti í nýja húsið.

Veggirnir eru byggðir upp með grjóthleðslu neðst og síðan er torf sett ofaná, annað hvort klömbruhnausar eða


strengur. Torfpök eru á öllum húsum gamla bæjarins, eitthvað af bárujárnri og plastdúk hefur verið notað undir en annars tíðkaðist að hafa þau birkireft. Listapil eru á bæjardyrum og skemmu og er hurð og efri gluggi á báðum þeirra. Kvistar eru á fjósbaðstofunni, tveir niðri og þrír á efri hæð, allir snúa þeir fram á hlaðið. Einnig er kvistur á búrinu. Ekki er mikið þiljað innandyrá, í raun bara baðstofu loftið og er þar þiljað af eitt herbergi.

Húsið var árið 1976 tekið í vörslu Þjóðminjasafns Íslands sem hefur séð um viðhald á því síðan þá. Á árunum 1977-1984 var unnið að verulegum endurbótum á húsunum. Sumarið 2005 var hafist handa að nýju við viðgerðir og var hlóðaeldhúsið tekið fyrir. Unnið verður að því að sinna nauðsynlegum viðgerðum á næstu árum til þess að tryggja varðveislu bæjarins.

Heimilið

Í manntölum um miðja 19. öld kemur fram að tvíbýli var á Galtastöðum fremri (8) og virðist það vera aðskilið frá Galtastöðum ytri sem er næsti bær við. Árið 1855 bjuggu tíu manns á öðrum bænum en níu á hinum. Um var að ræða Guðmund Arngrímsson, bónda og konu hans Þóru Magnúsdóttur, ásamt tveimur börnum þeirra (sjá nánari greiningu á hlutfalli fullorðinna á móti börnum í töflu 4 á bls. 38). Einnig bjuggu þar tvær vinnukonur, einn

(8) Ýmist er vísað í Galtastaði fram eða Galtastaði fremri í heimildum.



Teikning 4. Grunnmynd af Galtastöðum fram. Hjörleifur Stefánsson 1968.

vinnumaður og tvö börn vinnufólksins. Á hinum bænum bjuggu Jón Arngrímsson, bóndi og Þórunn Sigurðardóttir, kona hans, ásamt tveimur börnum, tveimur vinnukonum, einum vinnumanni og tveimur börnum hans.

Fimm árum síðar bjó Guðmundur enn á fyrri bænum, nú ásamt nýrri konu sinni og tvö börn hafa bæst við í hópinn. Móðir konunnar bjó hjá þeim og nýtt vinnufólk hafði tekið við störfum á bænum, tveir menn og tvær konur, og voru þau alls ellefu í heimili. Einn vinnumannanna af hinum bænum hafði tekið við búi þar ásamt konu sinni og átta þau þrjú börn og eitt fósturbarn. Tvær vinnukonur og einn vinnumaður voru þar einnig til heimilis og voru því áfram níu manns á þeim bæ. Á þessum árum voru því aðeins fleiri konur en karlar á Galtastöðum fram (sjá nánari greiningu á kynjaskiptingu í töflu 4 á bls. 38).

Árið 1880 höfðu nýir ábúendur tekið við á báðum bæjum og hafði íbúum fækkað talsvert. Björn Jónsson bjó á öðrum bænum með konu sinni, Björgu Halladóttur, en Jón Sigurðsson með Valgerði Jónsdóttur á hinum bænum. Þrjú börn voru á hvoru heimili fyrir sig, en ekkert vinnufólk var skráð þar til heimilis.

Einbýli var skráð á Galtastöðum fram

árið 1890 og höfðu þá enn orðið íbúaskipti. Jón Jónsson og Sigríður Bjarnadóttir bjuggu þar ásamt tveimur börnum, einum léttadrengr, einum vinnumanni og tveimur vinnukonum. Nýtt fólk var komið aftur að Galtastöðum árið 1901 og bjó þar Pétur Einarsson og Jónína Oddsdóttir ásamt þremur börnum. Árið 1910 höfðu enn orðið ábúendaskipti og bjuggu þar Sigurður Þorkelsson og Ólöf Marteinsdóttir. Einnig bjó þar vinnumaður með konu sinni og syni, ásamt tveimur konum.

Sigurður og Ólöf voru þar enn árið 1920, ásamt dóttur sinni, vinnumanni og húsmanni. Einnig var þar kaupkona skráð sem gestur. Tíu árum síðar bjuggu þau hjón þar ásamt Aðalheiði dóttur sinni og einum húsmanni (9). Þegar fram liðu stundir, tók Aðalheiður við búinu og bjó þar með syni sínum Karli Jónssyni. Á Galtastöðum fram býr nú Karl einn, eftir lát móður sinnar Aðalheiðar árið 2001.

Bustarfell

Gamli bærinn að Bustarfelli í Norður-Múlasýslu stendur innarlega í Vopnafirði í Hofsárdal undir Bustarfelli. Sex rauðmálaðar burstir sem snúa fram á hlaðið veita bænum glæsilega ásjúnd

(9) Byggt á manntölum árin 1855, 1860, 1880, 1890, 1901, 1910, 1920 og 1930.

(sjá myndir 5, 7 og 14). Yfir bæjardyrnum hanga hreindýrshorn sem Methúsalem Methúsalemsson (10) hengdi upp. Tvær stofur eru í burstunum og yfir þeim báðum eru baðstofuloft. Milli þeirra eru bæjardyrnar en burstirnar þrjár að vestanverðu eru skemmur. Bakvið þær er eldhús og svokallaður dimmigangur. Gangur liggur einnig inn af bæjardyrnum og að hlóðaeldhúsinu. Úr því eldhúsi er innangengt annarsveggar í búið og hinsveggar í fjós sem liggur að húsabaki, þar sem einnig er haughús og brunnur. Smíðaskemma (smiðja) og skemma (bílskúr) eru í sama enda húsaþyrpingarinnar en aðeins er hægt að komast í þær utanfrá. Við dimmagang er einnig steinsteyptur miðstöðvarklefi og salerni. Hjallur stendur vestan við bæinn (sjá teikningu 5).

„Bærinn brann árið 1769 og talið að eitthvað í honum sé frá þeim tíma“ (Gunnar Valdimarsson 1981, bls. 173). Tvíbýli var framan af á Bustarfelli og var þá skipulag húsa með öðrum hætti en nú er.

„Árið 1877 reif pabbi gömlu baðstofuna, sem var norðast í bæjarþorpinu og snjeri út og fram. Var þá byggt við ytri stofuna og svefnloftið, sem uppi yfir henni var. Smíður var Árni Jónsson „snikkari“, eins og hann einlægt var kallaður. Þá var strax þiljað af litla „kamesið“, eins og það æfinlega var kallað, handa afa mínum. Og þar dó hann. En foreldrar mínir fluttu í „húsið“, eins og það var kallað, og þar erum við systkinin öll fædd. Búið niðri var kallað „kompan“. Rjett eftir aldamótin var gólfúkur lagður á gólfið í ytri stofunni og „húsið“. Man jeg ekki til að gólfúkur sæist á nokkru heimili í sveitinni um það leyti“ (Methúsalem Methúsalemsson 1957, bls. 62-3).

Árið 1916 var byggt annað eldhús, þar sem eldavél var sett og var það grafið út úr torfveggnum við dimmagang.

Ein af ástæðunum fyrir því hversu lengi búið var í torfbænum var áhugi Methúsalems á því að varðveita bæinn og vann hann að því með Kristjáni Eldjárn, þáverandi þjóðminjaverði. Árið 1943 var undirritaður samningur um framtíð Bustarfells og á árunum 1946 til

1949 fóru fram viðamiklar endurbætur á bæjarhúsunum á vegum Þjóðminjasafnsins. Þrátt fyrir að einhverju leyti hafi verið unnið eftir gömlum handverkshefðum, voru einnig gerðar breytingar sem miðuðu að því að gera bæinn íbúðarhæfan áfram fyrir fjölskylduna en hluti samkomulagsins fólst í því að fjölskyldan fengi að búa þar áfram. Suðaustur hluti bæjarins var orðinn mjög lélegur og var ekki lengur í notkun. Sá hluti var fyrst gerður upp. Bakvið skemmurnar var komið fyrir salerni og miðstöðvarklefa, sem hafður var úr steinsteypu vegna brunahættu. Einnig var lagt rafmagn í bæinn. Þessi ummerki breyttra tíma sýna glögg hvornig þessi húsagerð getur þróast og aðlagast nýju hlutverki. Bærinn hefur hins vegar einnig að einhverju leyti verið færður í „betra horf“ en eldri ljósmyndir sýna að þil burstanna hafi ekki alltaf litið eins vel út og þau gera í dag (sjá mynd 14). Á Bustarfelli er mjög greinilegt hvornig þróun burstabæja var á lokastigi, þ.e. hvornig reynt var að aðlaga húsin að nútímavæðingunni.

Veggirnir eru flestir hlaðnir úr grjóti neðst og er misjafnt eftir húsum hversu hátt sú hleðsla nær. Ofan á það kemur síðan torfhleðsla (strengur). Öll húsin eru með torfpaki, nema hjallurinn sem er með bárujárnsþaki. Undir eitthvað af torfpökunum hefur þó verið sett bárujárn. Timburþil eru á húsunum og eru hurðar og gluggar á flestum þiljanna, tveir til þrjár gluggar (fjögurra til sex rúðu) á hverju þili. Stofurnar og baðstofurnar eru þiljaðar að innan en moldargólf annarsstaðar, nema í fjósi þar sem er steinsteypt gólf. Hjallurinn er úr timbri, og eru engar hleðslur þar. Bakhliðin á skemmunum er pappaklædd. Á baðstofunni eru kvistar og því gluggar bæði á austurhlið og vesturhlið hennar.

Það var ekki fyrr en árið 1966 að lokið hafði verið við byggingu nýs steinsteypts íbúðarhúss að fjölskyldan flutti úr bænum. Á þeim tíma var orðið óalgengt að fólk byggi enn í torfbæ en þær breytingar sem höfðu verið gerðar á bænum á fjórða áratuginum gerði þeim það kleift. Börnin á Bustarfelli voru alin upp við þetta og fannst það bara eðlilegt. Þau sögðu að það hefði í raun ekki verið fyrr en þau byrjuðu að ganga í

(10) Ekki er alltaf samræmi í heimildum á stafsetningu nafnsins Methúsalem.

Elin sagði: „Einhvern-tímenn fyrir þabba minn [Methúsalem], hann sagðist muna eftir því að hér hefði verið dyr, hér hefði verið kofi, kallaður Mikaelkofi og það var maður sem fékk að vera þar... Þegar hann var lítill mótaði fyrir því. Það hefur verið herbergi þarna. Þetta var utanað-komandi karl sem fékk að vera þarna.”



Mynd 14. Bustarfell fyrir 1930.

skóla að þau gerðu sér fyllilega grein fyrir því hversu óvenjulegt þetta var. Á síðustu árum búsetu í bænum jókst mjög aðsókn ferðamanna að Bustarfelli, sérstaklega á sumrin, en samkvæmt samkomulagi við Þjóðminjasafnið átti fjölskyldan að taka á móti þeim gestum sem höfðu áhuga á að skoða bæinn. Á Bustarfelli er nú starfrækt minjasafn í umsjá afkomenda Methúsalems.

Heimilið


Bustarfell hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar í tæplega fimmhundrað ár, eða frá 1532. Tvíbýli var á Bustarfelli um miðja 19. öld og bjuggu níu manns á öðrum bænum en ellefu á hinum, þá höfðu nýlega tekið við búi þau Salína Metúsalemsdóttir og Einar Einarsson. Bjuggu þau þar með tveimur börnum sínum, tveimur vinnumönnum og þremur vinnukonum (sjá nánari greiningu á hlutfalli fullorðinna á móti börnum í töflu 3 á bls. 37). Fimm árum síðar hafði fjölgað á fyrri bænum í 15 manns, að mestu leyti vegna fjölgunar barna, en fækkað niður í tíu á hinum bænum. Þau Einar og Salína bjuggu þar með fjórum börnum og einu fósturbarni. Þá voru þar þrjú vinnumenn, þrjár vinnukonur og tvennt eldra fólk sem skráð var sem matvinnungar. Á þessum árum var fjöldi karla og kvenna mjög

svipaður eða jafn (sjá nánari greiningu á kynjaskiptingu í töflu 3 á bls. 37).

Árið 1880 var komið einbýli á Bustarfelli, hafði þá sonur bónda, Methúsalem Einarsson, tekið við búinu og voru þar alls 18 manns í heimili. Hann bjó þar ásamt konu sinni, Elínu Ólafsdóttur og þremur börnum þeirra. Þá bjó faðir hans hjá þeim, svo og bróðir Elínar. Einnig í heimili voru þar þrjú vinnumenn, fjórar vinnukonur, sonur eins vinnumannsins og léttapiltur, að ónefndum matvinnungi og ómaga sem voru skráð þar. Tíu árum síðar var fjöldinn kominn upp í 19 og töldu börnin þá sex. Þá bjuggu þar fjórir vinnumenn, húsmaður, þrjár vinnukonur og léttastúlka, fyrir utan tvo niðursetninga.

Heimilisfólki hafði fækkað niður í 14 árið 1901, og bjuggu þá fimm börn Metúsalems á bænum. Fjórar vinnukonur og tveir vinnumenn, auk aðkomumanns sem gegnir heyvinnu o.fl. Árið 1910 voru þau hjón enn í forsvari og bjuggu þar ásamt Metúsalem, syni sínum og tveimur dætrum. Þá bjó þar einnig húsmaður ásamt konu sinni og dóttur, einn vinnumaður og tvær vinnukonur.

Methúsalem Methúsalemsson var yngri tveggja bræðra og hóf búskap á bænum árið 1916 í sambýli við bróður



Teikning 5. Grunnmynd af Bustarfelli. Helgi Hjálmarsson, Ulrik Stahr og Haraldur Haraldsson 1959.

sinn, Ólaf Methúsalemsson. Árið 1920 var Methúsalemsson því í forsvari fyrir sinn hluta af búinu og bjó þar ásamt föður sínum og systur sem var ráðskona hjá honum. Þar bjuggu alls níu manns (sami fjöldi og var í búi hjá Ólafi bróður hans).

Fyrir utan ofantalið voru þar vinnumaður, vinnukona, tvö börn og maður skráður þar við vetrardvöl. Þá var einnig önnur systir hans skráð þar til heimilis, en hún var fjarverandi þegar talning fór fram. Tveimur árum síðar dró Ólafur sig út úr búskapnum og gerðist kaupfélagsstjóri á Vopnafirði. Methúsalemsson bjó enn á Bustarfelli árið 1930 með systur sinni. Hjá þeim var ein vinnukona, tveir vinnumenn (þar af var annar aðeins fjórtán ára gamall) og einn vetrarmaður. Þá var þar einnig ungur systursonur bónda og því alls sjö manns á heimilinu (11).

Systir Methúsalems, Salína, hafði verið ráðskona hjá honum, en árið 1931 var Jakobína Soffía Grímsdóttir ráðin þangað sem ráðskona með dóttur sína Arnfríði. Methúsalemsson giftist Jakobínu árið 1932 og eignuðust þau síðar eina dóttur, Elínu. Elín giftist Einari Gunnlaugssyni árið 1955, settist að á Bustarfelli og eignuðust þau fimm börn. Björg, dóttir þeirra, tók við búinu ásamt manni sínum, Braga Vagnssyni, eftir lát föður síns og hefur nú umsjón með Minjasafninu á Bustarfelli sem starfrækt er í gamla bænum.

Rétt er að geta þess að fyrir utan viðtöl við fyrrum íbúa gamla bæjarins að Bustarfelli hefur þessi rannsókn notið góðs af heimildum sem liggja fyrir og skal þar helst nefna handrit Methúsalems Methúsalemssonar um Bustarfell skrifað árið 1957 og grein Gunnars Valdimarssonar (1981) um Methúsalemsson.

(11) Byggt á manntölum árin 1855, 1860, 1880, 1890, 1901, 1910, 1920 og 1930.

Híbýlahættir, efnismenning og rými

Heimilishald

Eins og fram kom í inngangi hér að framan eru hús ekki einungis byggingar, heldur afurðir ákveðinnar félagslegrar þróunar og menningarlegra þarfa sem samfélagið efnisgerir að einhverju leyti í húsakosti sínum. Talað hefur verið um að heimili endurspegli að mörgu leyti heimsmynd íbúanna (sjá m.a. Kent 1990, Moore 1986, Preston-Blier 1987 og Waterson 1990). Því er nauðsynlegt að líta nánar á mannlegu hliðina, þ.e. heimilið og íbúa þess. Á hverju heimili búa mismargir einstaklingar sem tengjast fjölskylduböndum eða hafa einhvert samband sín á milli.

Samfélagsgerðin segir mikið til um hvernig slíkt heimilishald er samansett, hvort um er að ræða tvær eða þrjár kynslóðir sömu fjölskyldunnar, hvort aðrir ættingjar búi á heimilinu eða ekki og hvort æskilegt sé að hafa utanadkomandi fólk búsett inni á heimilinu. Þessi tengsl milli einstaklinganna á heimilinu hafa einnig áhrif á hvernig rýmið innan hússins er nýtt.

Breytingar á félagsnýtingu rýmis (e. *social use of space*) bera oft vitni um breytingar á samfélagsgerðinni eða breyttum forsendum í innbyrðis tengslum heimilisfólks. Þau störf eða athafnir sem framkvæmdar eru innan hvers rýmis eiga sér stað í samræmi við félagslegar og menningarlegar forsendur. Í þessum kafla er tekið til nánari skoðunar þróun heimilishalds í torfbæjum rannsóknarinnar, fjöldi heimilisfólks og kynjaskipting og reynt að setja það í samhengi við félagslega nýtingu rýmis. Þetta verður gert m.a. með því að kanna hvaða fyrirkomulag var á vistarverum heimilisfólksins og hvernig hlutverk rýma breyttist.

Heimilið – samsetning og þróun

Fjöldi íbúa á hverjum bæ kemur skýrt fram í manntölum á tímabilinu (Þjóðskjalasafn Íslands). Í töflu 2 má bera


saman þróun íbúafjölda á bæjunum fimm. Rétt er þó að taka fram að nokkur skekkja getur komið fram vegna þess að sumir bæirnir voru tvíbýli hluta af tímabilinu. Á Bustarfelli var tvíbýli í manntölum 1855 og 1860 og er þess vegna fjöldi íbúa hærri á því tímabili en þar á eftir. Á Galtastöðum fram var einnig tvíbýli í manntölum 1855, 1860 og 1880. Að því er viðkemur Selinu þá var á tímabilinu alltaf skráð þrívýli í Skaftafelli, fyrst án nánari skilgreiningar, en síðar með því að skeyta við nöfnum bæjanna, þ.e. Sel, Hæðir og Bölti. Þar var þó mögulegt að sjá hvaða hluti átti við Selið og því einungis tekið mið af þeim bæ þegar talinn var fjöldi heimilisfólks.

Til að fá fram meðaltal sem væri hægt að bera saman við landsmeðaltal var því tekið mið af fjölda heimila en ekki fjölda bæja. Árið 1860 er því að meðaltali á hverju heimili í úrtakinu 11,1 manns, 10,3 manns árið 1880. Árið 1901 hefur meðaltalið hækkað í 11,6 manns en er 9,6 fyrir árið 1930.

Árið 1860 voru að meðaltali 7,0 manns á hverju heimili á Íslandi og 1880 hafði þeim fjölgað í 7,4. Í kjölfarið varð fækkun, þannig að árið 1901 er meðaltalið komið niður í 6,2 og 5,3 árið 1930 (Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1988). Það er því ljóst að þeir bæir sem teknir eru til skoðunar hér eru allir yfir landsmeðaltali og því líklegt að þeir hafi talist með stærri bæjum. Mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar fjallað er um bæina, þar sem þeir eru sérvalið úrtak, byggt á því sem varðveist hefur, en ekki því sem getur talist einkennandi eða algengast fyrir tímabilið.

Hér að framan, þar sem fjallað var um hvert hús fyrir sig, kom fram yfirlit yfir íbúa þeirra fimm torfbæja sem teknir eru til nánari skoðunar í þessari skýrslu: Keldur, Núpsstaður, Galtastaðir fram, Selið og Bustarfell. Í þessum hluta verður rýnt nánar í íbúaþróun á þessum stöðum. Þessi heimili voru almennt

Fjöldi heimilisfólks



Tafla 2: Fjöldi heimilisfólks á bæjunum í rannsókninni frá 1855 til 1930.

fjölmenn þrátt fyrir sveiflur í fjölda og yfir landsmeðaltali. Fyrir utan kjarna-fjölskylduna, þ.e. hjón og börn þeirra má flokka annað heimilisfólk gróflega í þrjá hópa. Í fyrsta lagi eru það ættingjar sem búa á heimilinu og gegna störfum vinnufólks. Í öðru lagi getur verið um að ræða aðkomufólk sem réð sig sem vinnufólk á bæinn í styttri eða lengri tíma. Í þriðja lagi var um að ræða fólk sem komið var fyrir á bænum, s.s. börn sem komið var í fóstur, niðursetningar og slíkt.

Nokkrar breytingar má merkja á tímabilinu frá 1850, bæði í fjölda íbúa og samsetningu þessara hópa innan heimilisins. Er þar um nokkurn mismun að ræða eftir því hvort sama fjölskyldan bjó á bænum eða hvort um nýja ábúendur var að ræða. Á þeim bæjum þar sem eignaraðild gekk til afkomenda húsbænda má merkja sveiflur sem tengjast að mestu vexti fjölskyldunnar. Þegar hjónin eiga fá börn eða mikið af litlum börnum þá er yfirleitt töluvert fleira vinnufólk á bænum. Eftir því sem börnin verða fleiri og stálpaðri þá minnkar hlutfall vinnufólks (undan-tekning er þó þar sem vinnufólkið er eldri skyldmenni) þar sem börnin taka á sig hlutverk þeirra. Viðmælendur höfundar staðfestu að þeir höfðu tekið við störfum vinnufólks þegar þau höfðu aldur til og þannig minnkaði þörfin fyrir utanaðkomandi starfskraft.

Á þeim bæjum þar sem nýjar

fjölskyldur hafa tekið við búi, þá hefur þróunin verið öðruvísi og kannski erfitt að bera slíkt saman enda aðstæður aðrar þegar nýtt fólk tekur við. Almennt séð hefur vinnufólki þó fækkað á bæjum eftir því sem nær okkur dregur í tíma og ber þar niðurstöðum saman við aðrar rannsóknir (Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1988). Á sumum bæjum hefur þetta haft í för með sér mikla fækkun á heimilisfólki, eins og t.d. á Galtastöðum fram.

Eftir því sem lengra dróg inn í 20. öldina varð minna um utanaðkomandi vinnufólk en meira um að aðrir ættingjar væru búsettir á bænum og störfuðu sem vinnufólk. Í sumum tilfellum voru unglingar af nærliggjandi bæjum, jafnvel ættingjar ábúenda, sendir til að vera í vist um einhverja mánaða skeið. Þá fór einnig að bera meira á því í manntalsskráningu að aðkomufólk var skráð sem gestir, þrátt fyrir að gefið var til kynna að þau væru þar við vinnu. Má af því ráða að um tímabundna ráðningu hafi verið að ræða en ekki á ársgrundvelli eins og tíðkaðist áður fyrr. Þetta er í samræmi við það sem viðmælendur sögðu en í viðtölunum kom fram að stundum hefði verið ráðið fólk inn í ákveðin verk, s.s. heyskap eða tóvinnu. Breytt vinnubrögð gerðu fólki líka kleift að komast af með færri vinnufólk en erfiðleikar í að fá fólk hafði einnig áhrif á starfsgetu búans.

Heimildarmenn gáfu aðeins nánari

innsýn í hvernig þeir upplifðu þessa þróun. Á Núpsstað sögðu systkinin að heimilisfólk hefði verið um 10-14 (kannski 16 þegar mest var). Um það leyti sem yngstu systkinin fæddust þá voru þau elstu að fara að heiman. Fyrir utan foreldrana voru afi og amma, þau systkinin og ein vinnukona og kannski tveir vinnumenn. Þrír strákar voru aldir upp hjá þeim og urðu síðan vinnumenn eftir að þeir höfðu aldur til. Þegar bræður Margrétar urðu nógu gamlir til að taka við verkunum fóru þeir smám saman til annarra staða. Þó var alltaf ein vinnukona, a.m.k þar til Margrét eldri tók við því starfi. Hún talaði einnig um að eftir að hún var gift og flutt til Reykjavíkur, þá hafi hún stundum komið aftur til að hjálpa til við sumarannir, sérstaklega eftir að foreldrar hennar voru komin á efri ár. Á Núpsstað og Keldum var svipuð þróun en þar minnkaði hlutfall vinnufólks eftir því sem börn ábúenda eltust og tóku þá við hlutverki þeirra.

Á Bustarfelli var alla tíð vinnufólk meðan enn var búið í torfbænum. Stundaður var fjárbúskapur á Bustarfelli en vegna lélegs heilsufars Methúsalems voru þar alltaf einhverjir vinnumenn, einn eða fleiri. Hann hafði fengið einhverskonar lömunarveiki og gat ekki unnið neina erfðisvinnu. Þegar Elín man eftir sér sem krakki, þá voru þar tveir vinnumenn. Sami maðurinn var vinnumaður þar árum saman og átti þar sitt heimili. Fyrir utan þá sem áttu heima á Bustarfelli var þar oft fólk sem var um tíma þar, t.d. var Elín Friðriksdóttir þar sem vinnukona um nokkurra mánaða skeið, og venjan var á eftirstriðsárunum að börn væru send í sveit á bæinn. Oft voru það ættingjar eða vinir.

Elín á Bustarfelli sagði: „...þegar ég var krakki, var kannski ein stúlka á veturna og kannski ein kaupakona á sumrin.... [vinnukonurnar] sáu um [að elda matinn] í félagsskap við móður mína. Þær já, já, svo man ég eftir, það var um tíma gömul kona hún var við að spinna band ... það þurfti bara meira til, svo var hún líka heilsulítill að auki. Svoleiðis að það þurfti alltaf meiri hjálp. Það var líka gjarnan einhverjir stráklingar sem voru á sumrin, en það var líka strákur sem var jafngamall systur minni, hann ólst upp


frá því að hann var níu ára, þar til hann var orðinn bara ungur maður þá fór hann burtu, reyndar kom síðan aftur og var kaupamaður í tvö sumur. Hann, það var eiginlega beðið fyrir hann, því hann stamaði svo mikið í skóla. Afi minn var beðinn fyrir hann, þannig að hann tók sitt barnapróf frá honum.”

Karl á Galtastöðum fram mundi eftir því að þar hafi einungis verið fjórir íbúar. Hann sagði: „Þær bjuggu tvær móðir mín og amma, það voru ekki nema þrír og fjórir. Nánast ekkert kaupafólk. Það var ekkert svoleiðis.“

Af þessum frásögnum að dæma kemur skýrt í ljós hversu mikið aðstæður á hverjum stað hafa haft áhrif á þróun heimilisins. Þótt skýrt komi fram í þessum hluta að bæirnir í úrtakinu séu fjölmennari en landsmeðaltal gefur til kynna er þó fróðlegt að skoða hvernig þessi þróun á sér stað á þessum stöðum. Fjöldi barna, hversu mörgum var hægt að framfleyta á bænum miðað við landkosti og starfshætti, og ytri aðstæður í samfélaginu, s.s. atvinnuönguleikar vinnufólks og þéttbýlismyndun voru allt þættir sem tengdust þeim breytingum sem áttu sér stað á þessum árum. Þessar ytri aðstæður höfðu því bein áhrif á samsetningu heimilisfólks og þar með á þann grundvöll sem framleiðslueiningin, þ.e. torfbærinn, hafði starfað á.

Hlutverk kynjanna virðast hafa verið í nokkuð föstum skorðum en þó virðist stærð heimilanna hafa haft áhrif. Þannig að á fámennari heimilum þurftu allir að ganga í þau störf sem vinna þurfti en á fjölmennari heimilum var hægt að halda meiri hefðbundinni kynjaskiptingu. Mörg þeirra starfa sem unnin voru var skipt á milli kynjanna en önnur störf voru unnin hvort sem heldur var af körlum eða konum. Algengara var að karlmenn ynnu störf sem voru utandyra en konur innanhúss. Um sláttinn lögðust þó allir á eitt og margir minntust þess að hafa ekki verið háir í loftinu þegar þeir hafi verið látnir gripa í hrifu.

Eins og meðfylgjandi töflur (nr. 3-7) sýna var skiptingin milli fjölda barna, kvenna og karla mjög mismunandi. Fjöldi barna var oftast í sveiflum, þar sem börnin urðu eldri og töldust með fullorðnum, áður en ný kynslóð tók við og fjöldi ungra barna fór að aukast aftur. Fjöldi fullorðinna er nánast alltaf



Tafla 3: Fjöldi karla, kvenna og barna á Bustarfelli.

meiri en fjöldi barna. Athygli vekur að þrátt fyrir að sveiflur hafi verið í fjölda karla og kvenna, var þó yfirleitt raunin að oftast var um að ræða að fleiri konur voru á heimilinu en karlar. Undantekning á þessu var þó á Bustarfelli, þar sem oftast var um að ræða að fleiri karlar voru á heimilinu en konur. Þetta sýnir að þrátt fyrir breytingar hafi heimilin þó alltaf reynt að ná einhverju jafnvægi, þar sem hlutföllin milli barna og fullorðinna, og karla og kvenna skiptu máli

Börn voru sjálfsagður hluti af hverju heimili og byggðist heimilið upp í kringum þann kjarna sem foreldrar og börn þeirra mynduðu. Eitthvað var um að fjölskyldur tækju að sér ómaga eða önnur börn og þá e.t.v. frekar ef barnahópurinn á heimilinu var ekki stór og svigrúm var til þess að hugsa um fleiri börn. Skólaganga barna var yfirleitt mjög takmörkuð á árunum sem rannsóknin nær til, þó eitthvað hafi hún færst í aukana á síðari hluta tímabilsins. Fólst hún oftast en ekki í því að börnin voru send á annað heimili í sveitinni um nokkurra vikna skeið á hverjum vetri í örfá ár og lauk skólagöngu formlega við fermingaraldur. Börnin höfðu einnig nokkrum skyldum að gegna og tóku að einhverju leyti þátt í þeim störfum sem sinna þurfti á bænum.

Í þeirri greiningu sem kynnt er hér er stuðst við það viðmið að börn séu þeir einstaklingar sem ekki hafa náð sextán ára aldri. Á þeim tíma sem rætt er um


var þó oftast miðað við að börn voru tekin í fullorðinna manna tölu við fermingu og tóku sum þeirra á sig skyldur fullorðinna á þeim tíma. Þó virðist manntalsskráningin gefa til kynna, og heimildarmenn einnig, að fyrstu árin eftir fermingu hafi ekki verið gerðar eins miklar kröfur til þeirra og eldra fólks. Strákar á aldrinum 14-15 ára eru því stundum skráðir sem létta-drengir frekar en vinnumenn, þótt það sé alls ekki algilt.

Þótt hér hafi verið miðað við að greina fjölda kvenna og karla, var ekki í öllum tilfellum að ræða vinnufært fólk og því ekki hægt að draga of miklar ályktanir af vinnuframlagi kynjanna eftir þessum tölum. Eldra fólk á bænum var stundum orðið óvinnufært og þurfti jafnvel umönnun. Þó er ljóst að vinnuframlag beggja kynja var nauðsynlegt starfsemi búans og sinntu þau að mörgu leyti ólíkum störfum.

Á Núpsstað tengdust störf Margrétar aðallega eldhúsinu, sérstaklega eftir að hún fór að vera vinnukona. Hún hjálpaði til við að elda matinn en mamma hennar skammtaði. Allar konurnar hjálpuðust að við haustverkin, nema það að karlmenn smöluðu og slátruðu. Henni fannst oft hafa verið kalt og erfitt að þvo vambirnar í bæjarlæknum og að þessi vinna hafi ekki verið auðveld.


Einnig var mikið um tóvinnu að vetri bæði þrjónað og ofið. Konurnar spunnu en krakkarnir lærðu snemma að kamba

Galtastaðir fram



Tafla 4: Fjöldi karla, kvenna og barna á Galtastöðum fram.


Selið




Tafla 5: Fjöldi karla, kvenna og barna í Selinu.

og sinna öðrum verkefnum tengdri tóvinnunni. Stundum var fengin sérstök vinnukona til að vefa. Henni fannst eiginlega hafa verið dekrað við karlmenn. Þegar þeir komu heim af engjum þurfti að toga af þeim blauta sokka og gefa þeim að borða. Vinnudagur kvenna hafði því oft verið lengri, þar sem þær þurftu að sinna fleiri verkum eftir að komið var heim. Eftir að hún fermdist, þá var hætt að vera með vinnukonu og hún látin taka vinnukonustarfið. Mest var hún í að elda mat og slíkt. Vinnukonan hafði þó séð um að toga sokka af körlunum en hún tók það ekki í mál.

Henni fannst að hún hefði jú sjálf verið í blautum sokkum þegar hún kom af engjum og sá ekki ástæðu til að hjálpa þeim þar sem þeir væru ekki tilbúnir til þess að veita álíka hjálp á móti. Eitt-hvað hafði nú verið reynt að fá hana til að taka þetta verk að sér, en hún og systir hennar harðneituðu og við það sat. Filippusi fannst ekki að hann hafi mikið þurft að vinna þegar hann var yngri. Nóg var að fólki á bænum til að sinna þeim störfum sem þurfti að sinna og þurfti hann því ekki mikið að gera. Eitthvað minntist hann þó á að hafa gert hitt og þetta og borið á kálgarðinn.



Tafla 6: Fjöldi karla, kvenna og barna á Keldum.



Tafla 7: Fjöldi karla, kvenna og barna á Núpsstað.

Svipaða sögu var að segja af öðrum bæjum, konur sáu meira um matseld og umhirðu barna. Húsmóðirin á bænum bar yfirleitt ábyrgð á matseld, oft í samvinnu við vinnukonur eða stálpaðar dætur sínar. Sá hún einnig um að ausa upp úr pottunum og bera fram matinn. Stelpur pössuðu yngri systkini ef því var að skipta og hjálpuðu til við léttari verk.

Karlmenn sinntu skepnunum í meira mæli og viðgerðum á húsakosti. Allir tóku hins vegar þátt í heyskap og muna flestir eftir að hafa ekki verið háir í loftinu þegar þeir voru látnir taka sér hrifu í hönd.

Vistarverur

Heimilishald, tengsl fjölskyldunnar og annars heimilisfólks, á sér stað innan þess ramma sem húsið setur þeim. Rými bæjarins var nýtt og aðlagð að þeim störfum og þeim athöfnum sem áttu sér stað. Í þessum hluta verður fjallað um vistarverur í torfbæjunum og þá horft sérstaklega á hvernig fyrirkomulag var haft á við svefnstaði heimilisfólks. Fjölskylduþróun og heimilishættir geta haft töluverð áhrif á bæði þróun rýmis og upplifun þess. Stór heimili þurfa stærra húsnæði en þau sem minni eru, en ef sá háttur er á að fólk geti sofið þétt

í jafnvel einu herbergi þá nýtist rýmið þannig. Stærð, skipulag og notkun rýmisins segir því nokkuð til um hvernig heimilishaldi var háttað. Aðskilnaður fjölskyldunnar frá vinnufólki, skipting fjölskyldunnar niður í fleiri en eitt rými (t.d. eftir kynslóðum) sýnir ákveðna þróun fjölskyldumunsturs og fjölskyldutengsla sem endurspeglast í húsnæðinu.

Talað hefur verið um þróun íverustaða í torfbænum sem nokkurskonar hringferli.

„Afturför var það vissulega að Íslendingar hættu að sofa í sérstökum svefnhúsum en hröktust með rúm sín inn í dagstofuna, sváfu, unnu, mötuðust í sama herbergi. Í rauninni má segja að hringurinn hafi lokast og menn búið við sama fyrirkomulag og á landnámsöld“ (Hörður Ágústsson 1998, bls. 43-46).

Hefur þá verið talið að upphaflega hafi allir sofíð saman í skála langhússins, borðað og unnið í sama rými. Síðan þegar gangabærinn þróast þá hafi skálinn minnkað og húsbændur síðan leitað inn í hitann í baðstofunni ásamt börnum sínum. Vinnukonur hafi síðar fylgt í kjölfarið og að lokum hafi allir verið komnir aftur í þá aðstöðu að sofa, vinna og borða í sama rýminu.

Ef lítið er á form torfbæjanna fimm á því tímabili sem rannsóknin nær yfir (ca. 1850-1950) þá kemur í ljós að þetta var ekki endilega raunin allsstaðar. Íveruherbergi voru orðin fleiri, þó að slíkt eigi e.t.v. við í meiri mæli á stærri bæjunum. Ein eða fleiri stofur eru oftast til staðar (nema á Galtastöðum fram), gestastofur finnast einnig, sem og herbergi fyrir vinnufólk (þó ekki sé nema afmarkað á baðstofuloftinu).

Við nánari eftirgrennslan hjá heimildarmönnum kom í ljós að baðstofan var í raun ekki lengur miðpunktur bæjarins, þ.e. á fyrri hluta 20. aldar. Vinnufólk, þá sérstaklega vinnumenn, voru stundum með sér herbergi og sváfu ekki á baðstofuloftinu með fjölskyldunni. Unglingsstelpur og vinnukonur gátu verið með sér herbergi og elsta kynslóðin var með afmarkað herbergi fyrir sig á baðstofuloftinu. Á minni bæjum þar sem færri fólk var á heimilinu og fátt eða ekkert vinnufólk, þá var það raunin að allir voru saman í

baðstofunni.

Elín Methúsalemsdóttir hóf búskap sinn í gamla bænum á Bustarfelli og bjó með manni sínum og börnum á baðstofuloftinu sem kallað var þá „uppi hjá okkur“. Methúsalem og kona hans Jakobína bjuggu á hinu baðstofuloftinu (sem kallað var hjónahúsið) og vinnumaður hafði sér herbergi þar á neðri hæðinni.

Elín sagði: „Þegar ég man allra fyrst, mig aðeins rámar í það, þá var sofíð þarna frammi á loftinu þar sem var eldað á sumrin. Þar sváfum við hjónin með okkar börn, þau kölluðu þetta alltaf uppi hjá okkur“. Þegar hún talaði um bernsku sína sagði hún: „En fjölskyldan, hún svaf alltaf í því sem kallað er hjónahús, og er í baðstofunni. Systir mín sem er átta árum eldri en ég, hún svaf í litlu herbergi innaf, sko þegar ég man fyrst eftir, innaf hjónahúsinu. Það herbergi var upphaflega þiljað af fyrir langafa minn.“

Í grein Gísla Gestssonar (1970) kemur fram að þegar fjósbaðstofa var á Núpsstað var unnið þar að tóvinnu og lesnar bækur. Að loknum húslestri fór heimilisfólk síðan inn í bæ til að sofa. Ekki sváfu allir á sama stað en helsti svefnstaðurinn var bæjardyrarloftið, þar sem karlmenn sváfu í suðurendanum og konur í norðurendanum. Einnig var á bænum lítið svefnhús (litlahús) þar sem húsráðendur sváfu. Hannes Jónsson sagði líka frá því að sofíð hefði verið á skálaloftinu.

Margrét Hannesdóttir fæddist í gamla bænum þar sem fjósbaðstofan var en man ekki eftir honum. Hún man þó eftir lífinu í bænum sem var rifinn þegar „nýja húsið“ var byggt 1928. Þegar nýi bærinn var byggður þá hélst skipulag á neðri hæð óbreytt en breyttist uppi á lofti. Stelpurnar, þ.m.t. vinnukonur, voru þá í austurendanum, sem kallað var „austrí“. Strákarnir voru í miðhúsinu og afi hennar og amma í vesturendanum, sem kallað var „vestrí“.

Á Galtastöðum fram var um allt aðrar aðstæður að ræða. Þar sem einungis voru fjórir íbúar á þeim tíma sem Karl man eftir, voru ekki til staðar forsendur fyrir öðru en að allir sváfu saman á baðstofuloftinu.

Mannmargt var á Keldum og var þar einnig um að ræða skiptingu eftir kynjum eða aldri. „Í norðurendanum



Mynd 15. Setið við tóvinnu að kvöldi til. Ljósmynd Sigurður K. Eyvindsson.

var afþiljað „Piltahús”, ... Sváfu þar karlmenn einungis, en konur og ung börn á loftinu” (Vigfús Guðmundsson 1949, bls. 162). Vigfús segir jafnframt að í ytri norðurenda baðstofunnar hafi stúlkur sofið. „Rúm var líka í stofunni, við norðurbilið, og notað aðeins fyrir vel klædda gesti” (Vigfús Guðmundsson 1949, bls. 162). Frá 1937 var síðan einnig notast við svokallaða Jónínuhús, sem byggt var við hlið baðstofunnar.

Það fyrirkomulag sem var á svefnstöðum á þessum bæjum sem rætt hefur verið um sýnir að ekki var lengur um að ræða að allir svæfu saman í baðstofunni, heldur skiptist fólk niður á mismunandi staði.

Ýmislegt hafði áhrif á þetta skipulag, bæði hagnýtar ástæður vegna vinnuskipulags og breytt félagslegt umhverfi bæjanna. Auknir möguleikar vinnufólks á sjálfstæði breytti aðstöðu þeirra inni á heimilinu.

Þróun fjölskyldunnar og uppbygging heimilishaldsins varð fyrir miklum áhrifum af þeim breytingum sem áttu sér stað innan samfélagsins. Fjöldi vinnufólks og hlutverk þeirra breyttist bæði vegna breytinga í landbúnaði og þeim störfum sem unnin voru inni á heimilinu (þ.e. sveitabænum) en einnig vegna þeirra efnahagslegu breytinga og nýrra tækifæra sem þau höfðu til að stofna eigið heimili og sækja atvinnu annað. Staða vinnufólks (kaupafólks) á

heimilinu varð því önnur og voru þau þar á breyttum forsendum. Erfiðara varð en áður að fá fólk til að vera árið um kring og aukning varð á tímabundnu vinnuafla sem kom bara á ákveðnum álagstímum.

Meiri áhersla var lögð á einkalíf fólks og endurspegladist það í nýtingu á rými til svefns. Afþiljuð herbergi á baðstofu-lofti eða fleiri herbergi eða rými nýtt til þess að sofa í sýna hvernig komið var til móts við þessa þörf. Þau dæmi sem tekin voru til skoðunar hér sýna að ekki var einungis um að ræða aðskilnað milli fjölskyldu og vinnufólks, heldur einnig aðskilnað milli kynslóða eða milli kynja.

Breytingar á notkun rýmis

Rými hússins var skipt upp eftir þeirri starfsemi sem þar fór fram og báru húsin nöfn sem tengdust því. Hjallur, skemma, hlaða, smiðja og fjárhús höfðu öll mjög ákveðnu hlutverki að gegna. Ákveðin rými voru til staðar á hverjum bæ, s.s. baðstofa, eldhús og búr. Hlöður og fjárhús voru þar einnig, sem og skemma, bæjardyr og e.t.v. smiðja. Helsti munur stærri bæja lá í stærð og fjölda rýma. Þar mátti í sumum tilfellum einnig finna stofu, gestastofu, annað eldhús (fyrir utan hlóðaeldhúsið), fleiri skemmur og fleiri útihús.

Árstíðabundnar sveiflur voru í notkun

rýmis í torfbæjum. Þegar kalt var á veturnar voru fleiri störf færð saman á einn stað, eins og t.d. baðstofuloftið. Yfir sumarmánuðina voru meiri möguleikar á að nýta betur önnur rými. Sú þróun sem varð, að byggja fleiri tegundir af rýmum (þ.e. stofur og þess háttar), þrátt fyrir að ekki hafi verið hægt að nýta þau vel allt árið um kring, sýnir að þörfin fyrir slík rými hafi verið til staðar. Aðstæður voru hins vegar slíkar að fólk þurfti að sættast á annað, tímabundið, vegna veðurfars. Möguleikar fólks á að aðlaga rými sitt að þörfum sínum er alltaf háð efnahagslegum, veðurfarslegum og tæknilegum þáttum, en rýmið mótast ekki af þeim (sbr. Rapoport 1969).

Breytingar gátu falist annað hvort í því að rýmið fékk nýtt hlutverk en einnig í því að rýminu var breytt. Elín á Bustarfelli talar um að þar hafi eldaveðlin verið færð milli hæða til að nýta hitann. Önnur hús tengd fjárbúskap, eins og fjárhús og hlöður gegndu árstíðabundnum hlutverkum. Breyting á notkun húsa, eins og nefnt var í kaflanum um Núpsstað hér að ofan með bænhúsið, var ekki einsdæmi. Eitt hesthúsanna þar (sjá hús nr. 1 á teikningu 2) var breytt árið 1954 í bílskúr. Var þá lokað fyrir hurð sem var á suðurhlið þess og þil sett á vesturgaflinn með stórum hurðum sem eru þar enn í dag. Á síðari árum hefur húsið ekki verið notað sem bílskúr, en þó hefur verið geymt þar ýmislegt tengt bílnum, s.s. varahlutir og þess háttar.

Flatasteinshesthús (nr. 4 á teikningu 2) var áður það hesthús sem notað var fyrir bestu hestana, þ.e. pósthestana sem þurftu að fara yfir árnar. Eftir að hætt var að vera með hesta á Núpsstað hefur húsið verið nýtt sem verkstæði fyrir bílinn, og hefur að geyma ýmsa varahluti og annað tengt bílnum. Geitakofinn var líka áður refahús, þegar þeir bræður reyndu við sig í refahaldi.

Breytingar einskorðuðust þó ekki við breytta notkun, heldur bauð húsagerðin einnig upp á sveigjanleika sem gerði fólkinu kleift að breyta rýminu sjálfu eftir þörfum um leið og stærri viðgerðir fóru fram. Elín á Bustarfelli sagði: „Þessi baðstofa var rifin og hjónahúsið uppi yfir þeirri stofu ... hún var rifin og færð að hjónahúsinu. Og þar undir er herbergi sem er kallað pilthús, þar sváfu

vinnumenn, og svo var rétt uppúr 1900 var byggt eitt herbergi við endann á miðbaðstofunni. Það var byggt fyrir Einar sem var næstelstur af bræðrum föður míns. Þegar hann hafði lært, var hann þar við sína vinnu og þetta herbergi varð síðan, eftir að hann flutti í burtu, þá var þetta alltaf notað fyrir gestaherbergi, en stundum þurfti líka að nota það fyrir heimafólk þegar margt var, loftið og stofuna frammi, áður en það var byggt upp því það var orðið svo lélegt.”

Þetta einkenni torfbæja, að byggja við og breyta eftir aðstæðum, kemur einnig skýrt fram þegar farið er að byggja meira úr timbri við bæina. Baðstofan á Keldum og síðar Jónínuhús var hugsuð sem viðbót við það rými sem var til staðar í gamla bænum og sömu sögu má segja af íbúðarhúsinu á Núpsstað. Þó má segja af þeim dæmum sem skoðuð eru hér að þegar kemur fram yfir miðja öldina eru nýju húsin hugsuð að mestu leyti í stað þeirra gömlu, eins og nýja steinsteypta íbúðarhúsið á Bustarfelli og viðbyggingin á Galtastöðum fram. Það sýnir þá viðhorfsbreytingu sem átt hafði sér stað á 20. öldinni til torfbæja og markar endalok búsetu í þessari húsagerð.

Þessar breytingar hvort sem er á rýminu sjálfu eða á notkun þess sýna hversu sveigjanleg þessi húsagerð er. Þessi aðlögun getur að einhverju leyti átt sér mjög hagkvæmar skýringar, eins og sést á Núpsstað þar sem bíllinn tók að einhverju leyti yfir hlutverk hestanna. Þetta sýnir því viðbrögð við ýmsum breytingum, eins og rætt verður frekar í kaflanum um iðnbyltingu heimilisins hér á eftir um nýju eldhúsin sem byggð voru til að skapa hentugt rými fyrir eldavélar.

Það má segja að þessi aðlögun hafi haft félagsleg áhrif eða verið framkvæmd á félagslegum forsendum. Þær breytingar sem áttu sér stað á stöðu fólks í samfélaginu og hvernig rými bæjanna var breytt eða notkun þeirra breytt sýnir á hvaða hátt félagslegir þættir hafa áhrif á rými og notkun þess. Þrátt fyrir að efnislegir þættir, eins og skoðað verður nánar síðar, hafi ýtt undir þessa þróun, eða gert henni kleift að eiga sér stað þá voru þarfir heimilisfólksins að mörgu leyti í fyrirrúmi.

Áður en farið verður nánar út í hlut-



Mynd 16. Gestir stoppa á hlaðinu. Ljósmynd Vigfús Sigurðsson.

verk efnismenningar og aukinnar iðnvæðingar er rétt að líta nánar á annan þátt í félagslegu umhverfi bæjanna, sem er hlutverk gesta á heimilinu.

Gestagangur

Gestrisni skipaði stórt hlutverk í íslenskri menningu. Í þessum kafla verður fjallað nánar um hvernig tekið var á móti gestum á þeim bæjum sem eru til umfjöllunar í þessari skýrslu, þ.e. á Keldum, Núpsstað, í Selinu, á Galtastöðum fram og Bustarfelli. Rætt verður um þær aðstæður sem voru til staðar á hverjum bæ og hvaða breytingar höfðu áhrif á bæði gestagang og gestrisni.

Vegna skorts á gistiheimilum var vænst til þess að ferðalangar fengju að gista á þeim bæjum sem urðu á leið þeirra og vera í allt að þrjár nætur eftir atvikum. Ferðalangar voru yfirleitt auðfúsugestir en þeir báru oft með sér fréttir og sögur sem heimilisfólkið hafði gaman af að heyra.

„Í 1100 ár var gestrisni ein af undirstöðudryggðum íslensku þjóðarinnar, jafn í té látin af heiðnum mönnum og kristnum.... Heimili landsins voru oftast opin gestum og gangandi, létu greiða og gistingu í té, oft um efni fram og

væntu engra launa. Marghátuð menning var jafnan í för með ferðafólki og gildi umferðar og gesta geysimikið í þjóðlífi” (Þórður Tómasson 2000, bls. 11).

Ýmsir síðir og venjur tíðkuðust í tengslum við gestakomur og voru ákveðin orðtök notuð við móttöku gesta. Misjafnt var hversu mikið var um gesti, eftir því hvar bæirnir voru staðsettir. Tekið var á móti gestum eftir því hvernig aðstæður voru, blautir og hraktir ferðalangar fengu húsaskjól og mat, og vinnukonur vöktu um nætur við að þurrka fót þeirra. Öðrum gestum var boðið kaffi í stofunni og stoppuðu stutt (sjá Þórður Tómasson 2000). Hlutverk gesta var mjög mikið innan samfélagsins. Þeir voru tengsl heimilisfólks við umheiminn, sem á afskekktum bæjum hafði takmörkuð samskipti við aðra en þá sem bjuggu þar.

Staðsetning bæja

Á flestum þeim heimilum sem fjallað er um hér var eitthvað um gestagang, þó að staðsetning hafi ráðið miklu um fjölda gesta. Þeir bæir sem lágu í alfaraleið gátu því átt von á því að fá fleiri gesti en bæir sem staðsettir voru á afskekktari stöðum. Af þeim bæjum sem skoðaðir voru stóðu tveir bæir

uppúr hvað varðar fjölda gesta, það voru Bustarfell og Núpsstaður. Ólíkar ástæður lágu þar að baki. Þjóðvegurinn lá um hlaðið á Núpsstað og mikill gestagangur var þar, einkum vegna þess að þar var síðasti bærinn áður en farið var yfir sandinn. Þegar Hannes Jónsson var landpóstur þar á fyrri hluta 20. aldar, sóttu ferðalangar mikið í að vera samferða honum og fá leiðsögn yfir árnar. Erfitt var að komast austur fyrir Skeiðará en hann fór reglulega þar um og þekkti vel til aðstæðna. Staðið gat þannig á að fólk þurfti að bíða eftir næstu ferð og fékk það þá fæði og húsaskjól á meðan. Núpsstaður var þó ekki eini bærinn sem fólk gisti á en næstu bæir til vesturs voru einnig nýttir sem viðkomustaðir ferðamanna.

Náttúran var þó ekki eingöngu farartálmi heldur hafði einnig áhrif sem aðdráttarafl. Ferðalangar komu einnig frá útlöndum, bæði jöklaáhugamenn í Skaftafellssýslunum og stangveiðimenn á Bustarfelli. Ekki var alltaf tekið á móti þeim með sama hætti og innlendum gestum, þar sem útlendingarnir komu oft með eitthvað af mat og jafnvel tjöld með sér. Viðmælendur mínir voru þó ekki vissir á hvort greiðsla hafi verið tekin fyrir þær veitingar eða greiðvikni sem veitt var eða ekki, þar sem þeir báru ekki ábyrgð á móttöku þeirra (húsbóndinn á þeim tíma hafi séð um það). Þessi samskipti báru þó erlenda strauma með sér (varning og hugmyndir) og höfðu þannig áhrif á líf fólksins á bænum.

Þrátt fyrir að vera staðsettur uppi í hæðunum í Skaftafelli var Selið einn af þremur bæjum næst Skeiðará, þ.e.a.s. austan við hana. Nokkuð var um að fólkið af þessum bæjum hafi fylgt fólki yfir árnar eða jafnvel yfir jökulinn þegar árnar voru ófærar. Töluverð samskipti voru jafnframt við erlenda jöklarannsóknarmenn, sem gistu þar.

Erlendir stangveiðimenn munu hafa sótt í stangveiði í Hofsá a.m.k. frá 1927-29 og gistu þá á Bustarfelli. Sumir voru með tjöld með sér og eitthvað af matvælum. Einhvern mat fengu þeir þó frá bænum. Einhverja muni skildu þeir eftir sem gjafir eða í skiptum fyrir greiðvikni. Börnin á bænum muna vel eftir slíku. Þrátt fyrir fjarlægðina frá höfuðborginni og erfðar samgöngur yfir í aðra landshluta, voru þó nokkur

bein tengsl við útlönd í gegnum skipaferðir. „Vopnafjörður var löngum afskekktur og hafnarskilyrði voru slæm. Vélaöld og byggingar úr varanlegu efni voru því seinna á ferð þar en víða annars staðar. Vegasamband komst fyrst á sumarið 1941“ (Gunnar Valdimarsson 1981, bls. 169).

Á síðustu árum búsetu á Bustarfelli var mikið um að fólk væri að koma í heimsókn til þess að fá að skoða bæinn, enda þá orðið fátítt að fólk byggi í torfbæ. Fjölskyldan tók á móti ferðamönnum og opnaði heimili sitt enda lá fyrir samkomulag við Þjóðminjasafn Íslands þess efnis, þar sem bærinn var í húsasafninu. Methúsalem Methúsalemsson lagði mikla áherslu á að taka vel á móti fólki og vildi helst bjóða öllum í kaffi sem var oft mikil vinna fyrir húsmóðurina.

Galtastaðir fram voru (og eru enn) mun afskekktari og var því ekki mikið um gestagang þar, einnig virðist lítill samgangur hafa verið við fólkið á næstu bæjum, en þó einhver. Vegur var lagður heim að bænum á Galtastöðum fram árið 1953 en það var bara slóði og varla hægt að tala um veg. Það var ekki fyrr en um 1970 að betri uppbyggður vegur var lagður þangað, þótt einhverjar endurbætur hafi farið fram á slóðanum í millitíðinni. Reiðleið hafði legið þar um og var þá eitthvað um að fólk stoppaði á bænum. Þegar Karl man fyrst eftir sér var þetta allt orðið breytt, enda þá orðið meira um að fólk ferðaðist um á bílum. Hann sagði að það hefði helst verið í kringum rekstur á haustin að einhver samgangur hefði verið milli bæja. Einnig hefði verið meira um gesti áður en síminn kom.

Móttaka gesta

Skipta má gestum í þrjá flokka, í fyrsta lagi fólk af nærliggjandi bæjum eða úr sveitinni, í öðru lagi ættingjar og vinir, og í þriðja lagi ferðalangar. Innan þessara flokka mátti síðan greina á milli einstaklinga eftir stöðu þeirra innan samfélagsins. Viðmælendur mínir töluðu um að reynt hafi verið að tína allt það besta til handa gestum, í mat og öðru. Ber þessu saman við þjóðháttarannsóknir um þetta efni (t.d. Jón Jónsson 1998). Fyrir þetta hafði ekki verið krafist neinnar greiðslu eða

umbunar. Þrátt fyrir þessar staðhæfingar þá leiddu viðtölin í ljós að farið var í manngreinaralit í þessum efnunum. Tekið var á móti öllum en ekki alltaf á sama hátt. Vinnumaðurinn af næsta bæ var kannski sendur inn í búr þar sem vinnukonan fann eitthvað til handa honum, en borið var á borð fyrir sýslumanninn eða prestinn. Sat þá húsbóndinn til borðs með gestunum en húsfreyjan þjónaði til borðs.

Á þeim bæjum þar sem mikið var um gestagang var yfirleitt sérstakt gestaherbergi. Þar sem ekki var gestaherbergi var gestum boðið í baðstofuna með heimilisfólkinu. Þau sem voru börn á þessum tíma muna eftir að hafa þurft að lána næturgestum rúmið sitt. Á Bustarfelli var talað um að gestum hafi verið fært kaffi í rúmið á morgnanna en sá siður þótti víst orðinn gamaldags og lagðist af fyrir búsetulok í torfbænum þar árið 1966.

Mesti straumurinn af fólki sem kom á Núpsstað voru ferðamenn, fólk sem kom lengra að og vildi fá far með landpóstinum á leið yfir sandinn. Eitthvað samband hafði þó verið á milli bæja í sveitinni en töldu systkinin að það hefði ekki verið mikið. Þau muna vel eftir því að presturinn fór enn í húsvitjanir og kom hann oft á laugardagskvöldum og gisti, til skiptis við að gista á Kálfafelli, sennilega til að minnka álagið á fólki þar.

Fólki var boðin gisting ef svo bar undir og var oft það margt að tveir þurftu að sofa í sama rúmi. Systkinin á Núpsstað sögðu að gestir hefðu alltaf verið látnir sofa í gestaherberginu en ef margt var þá voru útbúnar flatsængur. Rúm krakkanna voru þá iðulega tekin fyrir gesti og dýnur undan reiðingum notaðar einnig. Hins vegar voru ekki allir sem gistu hjá þeim. Nærleggjandi bæir voru líka oft með gesti sem voru á leið yfir árnar. Gestir voru síðan reiddir yfir og fengu stundum lánaða hesta í það. Þetta breyttist að einhverju leyti þegar síminn kom, því þá var hægt að hafa samband austur yfir og mættist fólk þá á sandinum. Þegar árnar voru ekki færar var reynt að fara yfir jökullinn og unnu ákveðnir menn í því að halda veginum yfir hann færur.

Á Núpsstað var talað um að reynt hefði verið að tína það skásta til í mat handa gestum. Systkinin töldu að alltaf

hefði verið nóg matur, þó kannski ívið minni á vorin. Þegar fólk kom kalt að yfir sandinn þótti gott að bjóða upp á soðið hangikjöt eða súpu. Meira var nú tint til fyrir gesti og ef til var smjörklípa fengu gestir hana. Ekki var mikið um að væri bakað en ef það var gert var það aðallega fyrir gesti (jólakaka, kleinur, pönnukökur). Fólk borgaði ekkert fyrir að gista eða borða en þó voru þau ekki viss hvernig var með útlendinga. Fólk borgaði heldur ekkert fyrir að fá fylgd yfir sandinn.

Gestir sem áttu erindi á bæ komu á öðrum forsendum en ferðalangar. Misjafnt var eftir bæjum hversu mikið kom af þess háttar gestum. Samskipti við nærliggjandi bæi voru töluverð á Bustarfelli. Fjölskyldan fór stöku sinnum í messu í kirkjuna á Hofi sem liggur aðeins utar í Hofárdal. Börnin á Bustarfelli léku sér mikið hvort við annað, en áttu einnig vini í nágrenninu. Eitthvað af ættingjum bjó í sveitinni, og var eitthvað um að fólk færi á milli bæja í heimsókn.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið langt að fara frá Galtastöðum fram á næstu bæi, var ekki mikill samgangur þar á milli. Ekki voru önnur börn á svipuðu reki og Karl þegar hann var að alast upp, og því ekki neinir leikfélagar að leita til. Ekki var mikið um gesti á þessum bæ, sem fyrr segir, þar sem þetta var ekki í alfaraleið.

Sérstakir viðburðir höfðu oft í för með sér að fjöldi gesta kom á sama tíma. Brúðkaup og jarðafarir eru dæmi um slíka viðburði. Þrjú brúðkaup sem eru enn í manna minnum hafa verið haldin á Bustarfelli. Þegar Jakobína giftist Methúsalem var Arnfríður dóttir hennar aðeins sex ára en man eitthvað eftir atburðinum. Arnfríður sjálf giftist þar, sem og hálf systir hennar, Elín. Í tilfelli Elínar fór giftingin sjálf fram á bænum, í stofunni. Gestir voru margir og var boðið upp á mat. Vegna fjöldans, var nauðsynlegt að skipta fólki niður í hópa og borðaði annar hópurinn fyrst en hinn síðan. Setið var í stofunni og á baðstofuloftinu. Heilmikil umsýsla var í kringum þetta og voru margir sem lögðu hönd á plóginn til að hjálpa til.

Móttaka gesta var hefð sem var inngróin í íslenskt samfélag og þróaðist af nauðsyn þess að ferðalangar gætu leitað sér húsaskjól. Hefðir eru byggð-



Mynd 17. Ekki var auðfært á milli staða, þótt vélknúin ökutæki væru komin til sögunnar. Ljósmynd Haraldur Blöndal.

ar á ákveðnum félagslegum gildum sem mynda þá einhverskonar hugsjón og segja fyrir um æskilega hegðun. Raunin verður þó oft sú að daglegt líf nær ekki alltaf að uppfylla að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru í umræðunni um þessar hefðir. Þannig má segja að þótt viðhorfið hafi verið á þann veg að bjóða skyldi gestum allt það besta, hafi bæði raunveruleikinn verið sá að ekki var alltaf staðið við það, en einnig að hvað var skilgreint sem „það besta“ breyttist í gegnum tíðina.

Þarfir ferðamanna breyttust einnig á þessum tíma og hafði það bein áhrif á þær kröfur sem gerðar voru til móttöku. Maturinn sem boðið var upp á breyttist að einhverju leyti, og fólst meira í kaffi og meðlæti en soðnu hangikjöti og smjörklípu. Stofur voru nýttar til að bjóða upp á veitingar, frekar en að bjóða gestum að setjast upp á baðstofu loftið. Aðstaða til svefnis var í boði fyrir þá sem þurftu á því að halda, en slíkt minnkaði með árunum. Það er því ljóst að á þessum tíma eiga sér stað ákveðnar breytingar á viðhorfi til gesta, sem endurspeglast í breyttum háttum við móttöku þeirra.

Ferðalög og farartæki

Bílar voru bylting fyrir dreifbýlið, bæði

sem samgöngutæki og vinnuvélar, en eitthvað var um það að bílar voru notaðir sem dráttarvélar, t.d. til að hjálpa til við heyskapinn. Bílar komu fyrst til landsins rétt eftir aldamótin 1900 og er upphaf bílaaldarinnar rakið til ársins 1913 (Helgi Skúli Kjartansson 2002). Slæmt vegakerfi og óbrúaðar ár voru þó nokkur hindrun í upphafi.

Tilkoma bíla og samgöngubætur höfðu mikil áhrif á gestagang, þegar farið var að koma á bílum í sveitirnar þá virðist það einnig hafa haft áhrif á gestrisni. Ekki þurfti að gera ráð fyrir því að taka á móti fólki á sama hátt sem hafði langt og strangt ferðalag að baki og þurfti hvíld og næringu áður en það gat haldið áfram för sinni. Þar sem áður var þörf fyrir þreytta ferðalanga að finna áningastað fyrir nóttina, var nú í sumum tilfellum hægt að gera ráð fyrir að gestir héldu áfram för sinni akandi sama daginn. Heimsóknir urðu því styttri en áður og ekki eins algengt að fólk gisti yfir nótt. Þó urðu einnig fleiri möguleikar til að vikka sjóndeildarhringinn og heimsækja ættingja og vini. Einhverjir heimildarmanna minntust á það að eftir að algengt varð að fólk kæmi á bílum, þá hafi viðmót gagnvart gestum breyst og jafnvel hafi húsbóndinn bara staðið í gættinni og rætt

við fólk sem stóð á hlaðinu, í stað þess að bjóða þeim inn eins og hafði verið algennt áður.

Tilkoma bíla hafði ekki eingöngu áhrif á gesti sem komu á þessa bæi heldur einnig á möguleika heimilisfólks til ferðalaga. Eitt af því sem virðist hafa einkennt ferðir fólks fyrir bílaöldina er hversu mikil áhersla er lögð á skýran tilgang ferðarinnar. Ekki var verið að ferðast neitt að óþörfu. Yfirleitt var ekki farið nema örfáar ferðir á ári í kaupstað. Farið var með afurðir eða búfenað til að koma því í verð og tekin út matvæli og aðrar nauðsynjavörur til heimilisins. Eftir að bílar komu til þá varð aðeins hægara um vik að komast í kaupstað. Einnig tóku sumir kaupmenn upp á því að senda vörur með bílunum (t.d. mjólkurbílum) og var þá hægt að hringja og panta áður.

Elín Methúsalemsdóttir sagðist hafa verið orðin sjö ára gömul áður en hún fékk að fara með í bæjarferð inn í þorpið á Vopnafirði. Fyrir utan verslunarferðir, var farið frá flestum bæjum til messu, en þó ekki endilega oft. Eftir messur á Kálfafelli í Vestur-Skaftafellssýslu var oft slegið upp balli í skólahúsinu og var þá orgelið flutt yfir og gafst fólki tækifæri til að dansa. Hvatti þetta unga menn mjög til að sækja messur, þar sem annað félagslíf var takmarkað. Karlmennirnir frá Núpsstað fóru aðallega í messu og stundum fór húsmóðirin líka. Filippus man eftir að hafa farið með í verslunarferðir á Klaustur, en þangað var farið einu sinni eða tvisvar á ári. Eftir að verslun hófst við Skaftárós þá var farið oftar. Margrét Hannesdóttir ferðaðist í raun ekkert fyrir en eftir fermingu og komu þau systkinin ekki austur fyrir Skeiðará fyrir en eftir að hún hafði verið brúuð árið 1974, þrátt fyrir að pabbi þeirra, Hannes landpóstur, hafi verið í stöðugum ferðum á þessu svæði.

Karl á Galtastöðum fram talaði um að þegar fólk fór að ferðast á bíl þá hafi því ekki lengur verið boðið að gista. Einnig hafi skyndikomum gesta stórminnkað en um þetta leyti hafði fólki í nágrennasveitum farið fækkandi. Þar sem fá tækifæri höfðu verið fyrir ungt fólk, unglingar verið í burtu í skóla, höfðu í raun ekki verið nema eitt til tvö gamalmenni á hverjum bæ. Þetta hafi einnig leitt til þess að minni

samgangur var milli bæja.

Fyrsti bílinn kom á Núpsstað um 1920-30, bíll var notaður til að keyra símastaura. Stundum var hann notaður til að fara yfir árnar á vorin fyrir vatnavexti. Gisting aðkomufólks lagðist að mestu af með bílum eftir 1940. Keyptur var jeppi að Bustarfelli og fylgdu með honum ýmsir fylgihlutir fyrir bústörf, s.s. rakstrarvél og snúningsvél. Þó voru ýmis svæði á jörðinni sem ekki hægt var að heyja með vélarafli, og var þar slegið upp á gamla mátann lengi framan af. Aðalheiður og Karl eignuðust ekki bíl fyrir en 1968. Karl talaði samt um að það hefði verið mikið framfaraspor að geta fengið vörur sendar heim á bíl og komið sláturfé í burtu. Allt efni í nýja húsið hafi t.d. komið til þeirra á vörubíl alveg heim að húsinu. Bílaöldin hafði því ekki eingöngu áhrif á gestagang, heldur einnig á möguleika heimilisfólks til ferðalaga. Einnig hafði þetta í för með sér bætt aðgengi að verslun, bæði til að koma framleiðslu heimilisins í verð og fá aðföng til heimilisins.

Gestagangur spilaði talsvert stórt hlutverk í lífi fólks í torfbæjum, a.m.k. á sumum þeirra. Gestir höfðu áhrif á hvernig mat var útdeilt, hvar var borðað og hvernig fyrirkomulag var haft á við svefnstaði. Í sumum tilfellum tók rými bæjarins mið af þessu með byggingu gestastofa og annarra herbergja þar sem hægt var að taka á móti gestum á formlegri hátt en hafði e.t.v. verið unnt í baðstofunni. Þó er ljóst að ekki höfðu allir þörf fyrir eða getu til að vera með slíkar ráðstafanir.

Í þessum kafla hefur verið aðeins minnst á áhrif bættra samgangna á gestagang og að hvaða leyti sú þróun breytti þeim forsendum sem gestir komu inn á heimilið á. Í næsta kafla verður fjallað nánar um efnislega hlið gestamóttökunnar, s.s. í tengslum við notkun leirtaus og húsgagna.

Iðnbylting heimilanna

Eins og komið hefur verið að hér að framan hafa félagslegir þættir áhrif á mótun og nýtingu rýmis. Annað sem vert er að skoða er hvaða hlutverk efnismenning spilar í þessu samhengi. Rými eru oft skilgreind út frá þeim hlutum sem staðsettir eru í því og sýna

þeir oftast en ekki hlutverk rýmisins og gefa þannig fólki vísbendingar um viðeigandi hegðun innan þess. Stásstofa með borði, stólum og skrautmunum á vegg og í hillum gefur allt önnur skilaboð heldur en sóttugt hlóðaeldhús með stórum pottum og eldunaráhöldum. Efnismenning gegnir því mikilvægu hlutverki í skilgreiningu Bourdieu á *habitus* (1977), þar sem umhverfið á þátt í að móta viðhorf og menningu (sjá umfjöllun í inngangi). Sé gengið út frá þessu, má telja líklegt að breytingar á efnismenningu geti haft í för með sér afleiðingar fyrir samfélagið.

Nýir hlutir, hvort sem um er að ræða húsgögn, tækninýjungar eða smærri húsmuni, geta því haft áhrif á rými hússins og samskipti fólks innan þess. Í þessum kafla verður litið á helstu nýjungar sem komu inn á heimilin á þessum tíma og skoðað hvaða áhrif þær höfðu á heimilisfólkið og húsagerðina. Breytingarnar fólust ekki síst í ákveðinni tæknipróun sem náði inn á heimilið og er hér kallað iðnbylting heimilanna. Í notkun á orðinu iðnbylting hér felst ekki aðeins í skírskotun til þeirrar tæknivæðingar sem varð á starfsháttum og atvinnuumhverfi, heldur einnig í auknu aðgengi heimilanna að ýmsum iðnvarningi, s.s. leirtaui, verkfærum og húsgögnum.

Þrátt fyrir að umfangsmiklar breytingar hafi átt sér stað víðsvegar um heiminn, bæði erlendis og á Íslandi, er mikilvægt að benda á að ekki ná allar nýjungar að festa sig í sessi allsstaðar. Í þeim tilfellum þar sem hluturinn fellur að hugmyndafræði sem er þegar til staðar og sem fellur að markmiðum hópsins er líklegra að hluturinn nái útbreiðslu (sjá Anna Lía Rúnarsdóttir 2004). Þegar sá grundvöllur er til staðar, að lögð er áhersla á vinnusparnað og hagræðingu, er líklegt að hlutir sem þjóna þeim tilgangi séu teknir í notkun. Þörfin fyrir bætt samskipti hefur einnig gert það að verkum að ýmsar tækninýjungar áttu greiða leið inn í íslenskt samfélag.

Upplýsingar um merkingu og túlkun hluta liggja ekki alltaf í augum uppi. Sumir hlutir geta verið augljós trúartákn eða táknrænir fyrir sjálfstæði eða aðrar hugmyndir. Þegar fara þarf yfir heimildir eða fá upplýsingar hjá fólki um liðna tíð er ekki svo auðvelt að gera

sér grein fyrir hver þýðing hlutarins var á þeim tíma sem fjallað er um, eins og í þessari skýrslu. Að einhverju leyti er hægt að styðjast við samhengi hluta, hvernig og hvar þeir voru geymdir eða nýttir. Einnig má lesa út úr dánarbúum, hvort hluturinn sé yfirleitt talinn með eða ekki. Fatnaður og áhöld var sennilega það sem allir áttu eða höfðu not af, bækur voru síðan kannski eign einhvers, en aðgengilegar öllu heimilisfólki.

Sveitabærinn, og þar á meðal torfbærinn, var ekki bara heimili, heldur einnig að mörgu leyti vinnustaður. Mikið af framleiðslunni fór fram á heimilinu eða við það og byggðist á grundvelli sjálfsþurftarútskapar. Það gefur því augaleið að þegar atvinnuhættir fara að breytast hefur það áhrif á heimilið. Iðnbylting heimilisins fólst ekki síst í tæknivæðingu starfshátta, þar af leiðandi færðust mörg störf út af heimilinu.

Með tilkomu mjólkursamsölu, sláturhúsa og annarrar úrvinnslu landbúnaðarararurða utan heimilis, breyttust áherslurnar í landbúnaði og fleiri störf sköpuðust úti á hinum almenna vinnumarkaði. Heyskapurinn tæknivæddist einnig, og ríkari áhersla var lögð á jarðarbætur til að auðvela aðgengi véla og þar af leiðandi var minni þörf fyrir þann mannfjölda sem áður hafði þurft til að sinna slætti og rakstri. Fráfærur lögðust einnig af, sem áður höfðu krafist mikillar vinnu á sumrin. Þessi þróun hafði því áhrif á þann grundvöll sem bændasamfélagið byggðist á og þannig einnig á hlutverk torfbæjarins sem vinnustaðar.

Inni á heimilinu gerði aukin verslun og meira framboð á vörum og ýmsum tækninýjungum fólki kleift að efla framleiðslugetu sína. Skilvindur létu mjög vinnuna við mjólkurvinnslu, mikil hagræðing var við eldhússtörfin þegar eldavélar leystu gömlu hlóðirnar af hólmi og hinar ýmsu vélar, s.s. dráttarvélar og þrjónavélar, gjörbreyttu vinnuaðferðum. Tilkoma rafmagns varð síðan grundvöllur fyrir enn frekari breytingar sem áttu eftir að gjörbylta híbýlaháttum. Aðrar tækninýjungar voru bylting í samskiptum þar sem koma síma og útvarps áttu þátt í að rjúfa þá félagslegu einangrun sem sumir bæir bjuggu við.



Mynd 18. Verslanir veittu betra aðgengi að vöruúrvali. Ljósmynd Loftur Guðmundsson.

Matur og matargerð

Matur og matargerð var að mörgu leyti aðaláherslan í lífi og starfi fólksins í torfbæjunum. Öflun matarforða og geymsla hans til vetrarins var sennilega mikilvægasti þáttur starfsins. Það er því ljóst að allar breytingar tengdar mat höfðu mikil áhrif á lífið á bænum og þar af leiðandi forsendurnar fyrir skipulagningu og þróun hússins. Allar ætílegar afurðir sauðkindarinnar þurfti að vinna til þess að þær myndu geymast yfir veturinn. Skyr, smjör og ostar voru unnir úr kúamjólk. Mjöl, kaffi og önnur matvæli voru keypt hjá kaupmönnum fyrir innlegg afurða búans (sjá einnig Hallgerður Gísladóttir 1999).

Eldhús

Hlóðaeldhúsið var sá staður þar sem matargerð fór fram fyrir komu eldavélanna. Þar var eldað á opnum eldi á hlóðum þar sem mór og tað voru oft eina eldsneytið. Sót og reykur gerðu það að verkum að þetta voru ekki vistleg herbergi og því var maturinn oftast borinn fram og borðaður annarsstaðar. Með tilkomu eldavéla varð til nýtt rými, annarskonar eldhús þar sem jafnvel var hægt að setjast niður og borða. Ekki var raunin að allir torfbærir hefðu slíkt eldhús, og líklegt að á

mörgum stöðum hefðu þau ekki verið til staðar fyrr en með tilkomu timbur- eða steinsteypuhúsa. Á þeim bæjum sem hér er um að ræða var nýtt eldhús sett upp á Keldum, Bustarfelli og í Selinu og má því leiða líkur að því að slíkt hið sama hafi einnig átt sér stað á öðrum torfbæjum þar sem búið var fram eftir 20. öldinni. Á Núpsstað kom nýtt eldhús ekki fyrr en timburhúsið var byggt árið 1929.

Eldhúsið varð einnig notalegri vistarvera eftir tilkomu eldavéla, þar sem ekki voru eins mikil óþægindi af reyk. Hlóðareldhúsið var því ekki lengur eins mikilvægt og það hafði verið og mest notað á haustin þegar ganga þurfti frá matvælum fyrir veturinn.

Á Bustarfelli var nýju eldhúsi bætt við árið 1916, en upphaflega hafði eldavél verið sett upp í stofunni. Á Keldum var eldhúsi bætt við enda skálans þegar eldavélin kom árið 1914, en á Núpsstað kom það með nýja íbúðarhúsinu árið 1928. Á Galtastöðum fram var sömuleiðis ekkert nýtt eldhús fyrr en nýja húsið var byggt árið 1961.

Methúsalem lýsir heimilinu á Bustarfelli svona: „Á fyrsta búskaparári foreldra minna var keypt stór og vönduð eldavjel. Hún var með tveimur eldholum, vatnskatli og stórum bakaraofni. Hún var múruð niður í vestur-

horninu á stofu afa míns.... Þetta var fyrsta eldavjelin, sem kom hjer í sveitina. Allt voru þetta miklir viðburðir í þá daga og mörkuðu tímamót í ýmsum starfsháttum innan bæjar. Ofn kom líka snemma í “húsið” og seinna lítil eldavjel í frambastofuna“ (Methúsalem Methúsalemsson 1957, bls. 61-62).

Dóttir hans Elín rifjaði upp: „Það sem ég man fyrst, það var eldað á sumrin, það var eldhús þar sem við köllum nú fremri stofu. Og það er allavega Einar Einarsson langafi minn sem lét byggja þessa stofu. Hann var giftur inn í ættina. Það var eldað þar á sumrin en á veturnar, þá var hún flutt upp í miðbastofuna. Það var bæði kalt þarna frammi, bærinn var orðinn það lélegur svo líka það að þá var hægt að hita upp í bastofunni með þessari vél, jafnframt því sem var eldað.“

Hún sagði einnig að hlóðaeldhúsið hefði verið lítið notað undir það síðasta, helst fyrir slátur og stórþvotta. Nýja eldhúsið var aðallega notað á sumrin, en á veturna var farið með kamínu upp í bastofuna og matur eldaður þar. Þá fór allur frágangur og slíkt fram þar. Þetta hafði þann kost að hita upp bastofuna en á móti kom að þá þurfti að bera allt vatn til matargerðar og uppvaski upp og niður stigann. Konur, jafnt og karlar, sáu um það erfiðisverk. Ólíkt mörgum öðrum bæjum sem oft þurftu að sækja vatn sitt í bæjarlækinn, var brunnur á Bustarfelli, sem var innangengur, staðsettur bakvið fjósið.

Skúli Guðmundsson skráði þessi tímamót á Keldum: „1914. Kom fyrst eldavél, með 3 eldstóm, múruð á 2 vegu ágæt, sett við Suður vegg Skálans vestast“ (Skúli Guðmundsson 2, bls. 60). Fimmán árum síðar var settur ofn í bastofuna og sagði Skúli frá ýmsum breytingum sem gerðar voru í gegnum árin þegar nýrri gerðir af eldavélum voru teknar í notkun.

Systkinin á Núpsstað muna helst eftir rafmagnseldavélinni sem kom eftir að þau voru flutt í nýja timburhúsið. Margrét rifjaði upp hversu mikil bylting það var því: „...þá var bara hægt að elda mat án þess að þurfa að kveikja eld eða huga að honum“. Þar höfðu konur alltaf náð í eldivið og því munaði þetta miklu fyrir þær.

Árið 1936 var þessi lýsing skráð í

Skaftafelli:

„Inn um eldhúsgluggann, sem var á kafi í grónu torfinu, skein ekki mikil birta, en spunkuný rafmagnseldavél var þar inni til daglegra nota, og í gestastofunni með litla bókaskápnunum, þar sem fúksiur stóðu í glugganum, ljósmyndasafn á kammóðunni og útsaumaðir, litlir dúkar í sófa og á stólum, þar var útvarpið“ (Ahlmann 1979, bls. 169).

Iðnbyltingin hafði þannig áhrif á form húsagerðarinnar, eða þær lausnir sem fundnar voru við breyttum kröfum. Nýr hlutur, eða tæki, í þessu tilfelli eldavél hafði þau áhrif að nýtt rými skapaðist innan bæjarins. Í fyrstu var þeim komið fyrir einhversstaðar þar sem var pláss, en þegar leið á voru byggð sér herbergi fyrir þær, eða önnur rými tekin undir þessa notkun. Gamla hlóðaeldhúsið var nýtt meðfram en það minnkaði mjög mikið. Flestir viðmælenda minna tala um að það hafi helst verið nýtt í stærri verk eins og að sjóða slátur og slíkt á haustin. Það var því enn þörf fyrir það, en ekki á sömu forsendum og áður.

Í rannsókn Orra Vésteinssonar (2006) á húsakosti í Hvolhreppi á 19. öld kemur fram að eldhús stækka á kostnað bastofa fram eftir 19. öldinni, eða þar til um 1890. Fátækt hreppsins einkenndist m.a. af því hversu litlir bæirnir voru og hversu fáar stofur voru á þessum bæjum. Eftir að hafa borið saman flatarmál bastofu, búrs og eldhúss bæja sem gefin voru upp í úttektum, dregur hann þá ályktun að í sumum tilfellum hafi eldhúsið orðið aðaliveruhús bæjarins.

Þó erfitt sé að bera þessar niðurstöður saman við þessa rannsókn, þar sem um stærri bæi er að ræða, er þó hægt að segja að eldhúsið hafi breyst að einhverju leyti. Rýmið sem hýsti kolaeldavélina varð nú mikilvægara og var einnig reynt að koma fyrir geymslu fyrir leirtau og öðru þess háttar. Áður hafði hver geymt sinn ask við rúmið sitt. Þetta nýja eldhúsrými var nýtt á allt annan hátt en hafði verið með hlóðaeldhúsið. Á sama tíma verður aukning í notkun á postulíni (sjá Lucas 2006). Þessi þróun hafði því ekki eingöngu áhrif á skipulag hússins, heldur einnig á líf fólksins.

Matvælageymsla

Allir bæirnir höfðu búr til að geyma mat til vetrarins. Var þar oftast um að ræða stór ker þar sem súrsuð og söltuð matvæli voru geymd. Smjör og aðrar mjólkurafurðir voru einnig geymdar þar. Reynt var að halda rýminu köldu en frostfríu, þótt það hafi ekki alltaf tekist. Þurrmat, eins og mjöl, var oft geymt á lofti yfir einhverju húsi, s.s. skemmu eða bæjardyrarlofti. Þar var megináherslan að halda því þurru. Hægt var að nota snjó og ís til frystingar, en það var ekki hægt að treysta á það sem langtímageymslu.

Tækninýjungar gerðu það að verkum að aðstaða til matvælageymslu breyttist einnig eitthvað. Matur var geymdur í búrinu á Bustarfelli, eins og á öðrum bæjum. Eftir að frystigeymsla hafði verið byggð í þorpinu á Vopnafirði fékk fjölskyldan hins vegar aðgang að henni og var þá geymt þar töluvert af matarbirgðum til vetrarins. Þetta gjörbreytti aðstæðum, og varð þörfin fyrir vinnslu afurðanna allt önnur en hafði verið. Methúsalem fékkst einnig um tíma við niðursuðu matvæla til geymslu og sýnir það einnig hvernig tímarnir voru að breytast á þessum árum. Fiskneysla var mest þegar fiskur fékkst úr þorpinu, eða þegar einhver veiddi lax eða silung úr Hofsá. Kom þá fyrir að hann var grafinn í snjó fyrir utan bæinn til að hann geymdist betur.

Eftir að mjólkurbíll fór að fara um sveitirnar opnaðist sá möguleiki að fá send matvæli og annan varning frá kaupmanninum eða kaupfélaginu á nærliggjandi þéttbýli. Á Galtastöðum fram man Karl eftir því að þau hafi nýtt sér þetta og var þá minni þörf fyrir að kaupa mikið magn af vörum í einu. Þrátt fyrir að þau hefðu ekki til umráða neitt farartæki, höfðu þau þarna aðgang að verslun sem þau höfðu ekki haft áður. Með breyttum aðgangi að mat og tilfærslu hluta matvinnslunnar út af heimilinu varð þörfin fyrir stór búr önnur, þótt hún legðist alls ekki af á þessum tíma, og sérstaklega ekki á afskekktari bæjum.

Húsmunir - efnismenning

Þrátt fyrir að nokkuð hafi verið ritað um þróun torfbæjarins, með hliðsjón af

rannsóknum á úttektum og húsunum sjálfum og að einhverju leyti af fornleifum, hefur ekki verið lögð eins mikil áhersla á híbýlahætti og innanstokksmuni. Arnheiður Sigurðardóttir (1966) skrifaði þó greinargerð, byggða m.a. á híbýlalýsingum úr Íslendingasögunum, um hin ýmsu rými torfbæjarins, nýtingu þeirra og efnismenningu. Halldóra Arnardóttir (2004) fjallar sömuleiðis um húsgögn og efnismenningu á Íslandi allt til 20. aldar, þar sem fram kemur saga þeirra húsgagna sem notuð hafa verið fyrir á tímum.

Aukning í fjölda og fjölbreytni húsgagna sýnir þörf samfélagsins fyrir annarskonar samveru og áherslur. Frá því að allir sátu á rúmum sínum í baðstofunni, til þess að hafa möguleika á að sitja saman við eldhúsborð, bjóða gestum til sætis í stofunni eða leggjast upp á dívan og hlusta á útvarpið. Öllu þessu fylgdu einnig margir fylgihlutir, sem dæmi má nefna borðbúnað, dúka, hnífapör og annað þess háttar. Þær félagslegu aðstæður sem valda því að þörf er á að geta tekið á móti gestum á sérstakan hátt og möguleikar eru á að útfæra það, sýna á hvern hátt áherslur samfélagsins breytast. Fyrst var þetta nýjung, sem notuð var spari, e.t.v. aðeins fyrir finni gesti eða á hátíðsdögum. Síðar kemst þetta í almenna notkun og fjölskyldan fer sjálf að borða af diskum við borð, frekar en úr öskum á rúmstokknum. Þessar breytingar kröfðust breyttrar notkunar á rými, annarsvegar þörf fyrir betri stofu, þar sem gestir gátu sest inn, en var ekki endilega notuð dagsdaglega, til þess að þurfa aðstöðu í eldhúsi eða borðstofu, þar sem fjölskyldan gat setið saman til borðs.

Fyrirmyndin kemur úr kaupstaðnum, þar sem vel stæðar fjölskyldur fylgdust með straumum og stefnum í híbýlaprýði og lögð var áhersla á fagurfræði með vönduðum húsgögnum og skreytingum (sjá Arndís S. Arnardóttir 2007).

Húsgögn

Húsgögn voru af ýmsum toga. Annars vegar voru heimasmiðuð húsgögn eins og t.d. rúmstæði sem smíðuð voru á staðnum og fóru gæði þeirra eftir handbragði smiðsins. Hins vegar voru aðkeypt húsgögn, jafnvel innflutt, sem

Eignir

Þegar dánarbú voru skrifuð upp voru matsmenn fengnir til að skrifa lista yfir allar eigur hins látna og leggja mat á verðgildi þeirra.

Dánarbú frá 19. öld sýna að allt frá húseignum og kvik-fjáreign til bóka, fatnaðar og vinnugripa. Ekki liggja fyrir eins nákvæmar upplýsingar um dánarbú frá miðri 20. öld, enda tíðkast ekki lengur að telja upp nærfatnað eða sængurföt í slíkum uppgjörum. Þá ályktun mætti draga af þessari þróun að sumt það sem áður þótti mikilvægt og nauðsynlegt að telja til eigna, hafi síðar ekki þótt eins mikilvægt og ekki gerð krafa um að það sé listað upp sérstaklega. Þó ber að minnast á að ekki fór fram uppgjör dánarbús fyrir alla og að einhver gögn liggja fyrir þar sem tilkynnt er um andlát og kemur þar fram að viðkomandi hafi verið eignalaus og því ekki þörf á uppgjöri.

voru þá yfirleitt vandaðri. Allsstaðar voru rúm eða rúmstæði og einhverskonar hirslur, s.s. koffort, kistlar eða kommóður. Önnur húsgögn voru t.d. borð, stólar, skápar og diskarekkar.

Margir viðmælenda minna töluðu um að hafa geymt persónulegar eigur sínar í kistu eða kommóðu. Einnig að ýmislegt hafi verið geymt uppi á lofti. Vinnufólk sem kom á staðinn átti yfirleitt kistil þar sem þau geymdu eigur sínar. Það var yfirleitt alltaf siður að vinnumenn áttu hver sitt koffort, og eins stúlkur sem voru ráðnar í vinnu. Einungis spariföt og þess háttar var hengt upp og var sumsstaðar talað um að fatnaður hafi hangið uppi á bæjardyrarloftinu.

Elín á Bustarfelli sagði: „Það, náttúrulega í minni tíð, það var nú ekki stór fjölskylda, við vorum bara tvær systurnar. Þarna, upphaflega átti amma mín [þessa kommóðu], hún kemur með hana með sér... þetta var notað fyrir föt af okkur systrunum og mömmu“. Á Bustarfelli voru einnig t.d. Borgundarhólmsklukka og önnur dönsk húsgögn sem standa nú inni í nýja húsinu (núverandi íbúðarhúsnæði) þar. Þetta eru erfðagripir sem fjölskyldunni er annt um. Elín sagði: „Einar langafi minn hafði verið í Kaupmannahöfn, hann var lærður gullsmiður, og hann bæði keypti og kom með húsgögn og eins lét hann kaupa fyrir sig eftir það og það eru þessir munir sem eru í íbúðarhúsinu. Nýja húsinu skulum við segja, þótt það sé frá 1966. En þar fyrir er margt í bænum sem var til og var notað á meðan við bjuggum þar.... Þau húsgögn sem pabbi taldi vera ættargripi, vildi [hann] flytja fram í nýja íbúðarhúsið“.

Einn af þeim munum sem fjölskyldan man helst eftir er forlata Borgundarhólmsklukka, sem nú stendur inni í íbúðarhúsinu. Þá hafi það gerst þegar útför Methúsalems Methúsalemssonar fór fram, að meðan gestirnir sungu þá hafi gamla Borgundarhólmsklukkan hringt tólf slög á þeim tíma sem hún sló vanalega ekki.

Aðstæður á Galtastöðum fram voru allt aðrar. Karl sagði: „Það voru stólar, afskaplega lítið um stóla, koffort oginnbyggður skápur í eldhúsinu niðri, diskarekki og smá bekkur undir stiganum. Það voru þessar kistur sem enn eru í bænum og koffort, en ekki húsgögn í þeim stíl sem eru núna“. Hann

tók fram að fatahoffort hefði verið sameiginlegt fyrir heimilisfólkið og að föt hafi verið hengd upp á bæjardyrarloftinu. Útidyráföt hafi hins vegar hangið á snögum í bæjardyrunum.

Leirtau

Við rannsókn á fornleifauppgreftri í Kúvík fann Lucas (2006) að þó nokkrar breytingar höfðu orðið á bæði tíðni leirtaus og notkun þess. Niðurstöður hans sýndu að leirtau hafði verið til staðar á tímabilinu 1840-1890, en aukist talsvert uppúr því, eða á tímabilinu 1890-1940. Þá hafði postulín einnig orðið vinsælt um svipað leyti. Hann fann mjög mikla aukningu á bollum og undirskálum, sem gæti tengst því að kaffi verður vinsælt á Íslandi uppúr miðri 19. öld. Eftir ákveðið tímabil þar sem mikil aukning varð á skálum, e.t.v. á kostnað viðarílata, fækkaði þeim aftur í þetta sinn á kostnað diska sem jukust mikið. Hann færir líkur að því að sú persónulega tenging sem hafi verið við viðarílát eins og aska hafi upphaflega yfirfærst á leir- eða postulínsskálar, en eftir að þess ílát urðu algengari, hafi þessi persónulegu tengsl glatast. Munurinn á þessum tveimur hlutum felst að miklu leyti í því að askar voru yfirleitt handútskornir, hver fyrir sig, en leirtau er oftast fjöldaframleitt og dreift í gegnum verslanir.

Þessi þróun tengist að einhverju leyti þeim breytingum sem urðu á fyrirkomulagi við borðhald, þar sem fólk borðaði ekki endilega lengur í baðstofunni heldur í eldhúsinu eða borðstofunni. Þó ekki sé hægt að færa fullnægjandi rök fyrir því að aukin notkun leirtaus hafi haft áhrif á nýtingu rýmis innan torfbæjarins, má velja því fyrir sér hvort slíkt hafi verið raunin. Það er jú óhætt að segja að auðveldara er að borða af postulínsdiski við borð en sitjandi á rúmi.

Á Núpsstað var matur skammtaður á diska fyrir hvern fyrir sig og fólk borðaði síðan á rúmunum sínum. Það var mikið verið með grjónagraut og skyr, einnig flatkökur með bræðingi. Um kl. tíu, þrjú og á kvöldin að loknum vinnudegi var eldaður matur, soðið kjöt, fiskur, kartöflur og þess háttar. Kannski eitthvað kál úr kálgarðinum. Í hádeginu var í mesta lagi molakaffi (ef til var þá



Mynd 19. Matur borinn fram á borði. Ljósmynd Bárður Sigurðsson.

moli). Lítið var um smjör.

Á Bustarfelli sagði Elín að yfirleitt hefði hver borðað af sínum disk í rúmi sínu en að mamma hennar hefði skammtað á diskana. Þó hafi alltaf verið borið á borð fyrir gesti og hnífapörin fægð í öskustónni. Pabbi hennar sat yfirleitt til borðs með gestunum og sá til þess að bætt yrði á diska eða komið með það sem vantaði. Þar var til sparistell sem Methúsalem keypti um 1920 og var notað við sérstök tilefni og er enn til á bænum. Annað leirtau var notað meira hversdags. Elín sagði: „Það var borð sem er enn í dag í miðbaðstofunni, þar sem var eldað, þar var eldað ekki bara að vetrinum, heldur líka á sumrin áður en farið var að gera upp bæinn. Og það voru nú ekki stór borðin, í hjónahúsinu voru borð líka og var borðað þar.“

Börnin á Bustarfelli muna eftir stóru borði þar sem allir söfnuðust saman. Þróunin hefur því væntanlega verið sú að fyrst er komið með lítil borð upp í

baðstofuna og matur borinn fram þar. Síðar kemur stærra borð og er maturinn þá framreiddur á öðrum stað í húsinu, í þessu tilviki í fremri stofunni.

Koma rafmagns

Rafmagn kom fyrst á Íslandi í lok 19. aldar og var fyrsta rafmagnsstöðin sett upp í Hafnarfirði 1904. Fyrsti bæjarlækurinn var virkjaður 1910 og fylgdu aðrir í kjölfarið með einkarafstöðvar víða um land (Guðmundur Gunnarsson 1995). Upphaf samveitुरafmagns má rekja til millistríðsáranna, en útbreiðsla þess varð meiri á árunum eftir stríð og var það komið víða uppúr 1970 (Helgi Skúli Kjartansson 2002).

Heimildamönnum var tíðrætt um hinar ýmsu tækninýjungar sem litu ljós á síðustu öld. Þeir voru allir sammála um að koma rafmagnsins hefði verið mikil breyting og haft góð áhrif á lífið í bænum. Fólk var fegið að þurfa ekki lengur að paufast um í myrkrinu. Margir viðmælenda minna minntust á

Ekki liggja fyrir nægilega mörg uppgjör dánarbúa fyrir þá bæi sem fjallað er um hér til að geta dregið einhverjar marktækar ályktanir af innihaldi þeirra. Þó gefa gögnin til kynna að ábúendur hafi átt fleiri eignir en vinnufólk, jafnvel þótt verðmætustu eignaliðirnir eins og jörð, húsakostur og kvikfjár- eign sé talin frá. Erfitt er að segja til um hvaða breytingar verða þarna á þegar fram líða stundir og staða vinnufólks breytist, þar sem ekki liggja fyrir eins ýtarlegar eignaskráningar fyrir seinni tíma.

Margrét sagði: „Einhvern-tímann kom líka hiti, en það var olíukynding. Annars hafði verið oft kalt í bænum, svo mikið að stundum fraus í koppunum. Allir voru með undir- og yfirsængur og eitthvað var verið að setja gærur og fleira ofan á gamla fólkið til að halda á þeim hita. Ungu fólkið var með heitt blóð þannig að það skipti ekki eins miklu máli, og fólk þekkti ekki annað“.

Það hversu dimmt hefði verið inni í torfbænum, sérstaklega í skammdeginu. Þar sem langir gangar eru, eins og t.d. á Bustarfelli, var oft lítil birta og þeir heimildamenn sem voru börn á þessum tíma voru oft hrædd að fara ein þessa ganga. Ljósmeti var stundum af skornum skammti og ekki var verið að hafa ljós þar sem ekki var brýn þörf á. Byltingin sem varð þegar raflýsingin kom á bæi, var því ekki eingöngu tengd hagnýtum atriðum eins og bættri vinnuáðstöðu, heldur var öll upplifun rýmisins önnur en hafði verið.

Ýmsar sögur voru sagðar af því hvernig reynt var að sjá bæjunum fyrir rafmagn að einhverju leyti áður en samveiturfarmagn var lagt í sveitina. Á Bustarfelli var vindmylla sem nýtt var til að knýja ljós og hlaða batterí fyrir útvarp. „1942 setti jeg upp vindrafstöð... Hún entist til 1948. Þá keypti ég lítinn mótör og notaða hann eitt ár en seldi hann þá og keypti 1949 stóran hausinmótör... Hann er enn í sæmilegu standi“ (Methúsaleum Methúsaleumsson 1957, bls. 81).

Methúsaleum hafði mikið fyrir því að fá leyfi fyrir vindmyllunni og stóð í miklum bréfaskriftum í þeim tilgangi. Hann lagði áherslu á þetta vegna þess að hann vildi fá tæki sem hægt var að hlaða útvarpsgeymana með. Annars var hægt að fara með geymana niður í þorpið á Vopnafirði og fá þá hlaðna þar. Vindrellan, sem einnig var notuð til ljósa, var ekki með mjög sterkan straum. Þó nokkuð umstang var í kringum slíkar hleðslur og ekki alltaf hægt að treysta á að vindmyllan gengi. Eitt skipti þegar gerði mikið rok þá fauk hún og var þá setið með lampana um tíma.

Elín sagði að eftir að hætt var að nota vindrelluna, þá hafi verið keyptur bensinmótör til ljósa en síðar var keyptur stærri mótör sem er enn til sýnis í gamla bænum. Uppúr því var hægt að hafa þvottavél. Var það hálf-sjálfvirk vél sem kom stuttu áður en flutt var úr bænum. Hún var sett í annan endann þar sem torfeldhúsið er að hluta til vegna þess að þar var frárennsli, en stórbvottar höfðu áður verið í hlóðaeldhúsinu. Var þetta mikil bylting fyrir móður með ung börn en hún hafði áður kynnst hinum ýmsu nýjungum og tæknivæðingu húsmóðurstarfa, þar sem

hún hafði farið á húsmæðraskólann á Laugalandi.

Í Skaftafelli var sett upp heimarafstöð sem tengd var á alla bæina þar. Mikið stúss var í kringum rafmagnnið fyrstu árin, hlaða þurfti rafhlöður og fylla á. Þar sem heimarafstöðvarnar voru allar vind- eða vatnsknúnar, var ekki hægt að treysta á að þær keyrðu stanslaust, þar sem stundum var ekki nægilegt vatn í bæjarlæknum eða lygnt úti. Einnig voru ýmis vandkvæði við samveiturfarmagnnið eftir að það kom, t.d. í Skaftafells-sýslunum voru brögð að því að staurarnir féllu niður í flóðum og rofnaði þá línan.

Á Núpsstað var fyrst aðeins rafmagn til lýsingar en síðar var rafmagn einnig nýtt fyrir eldavél. Fyrst var notuð heimarafstöð á Núpsstað en það var stopult sem hægt var að nota hana vegna lítills rennslis í bæjarlæknum. Til að byrja með var einungis hægt að vera með ljós, bæði inni og á hlaðinu. Margréti fannst gott að geta farið út og séð fjósdyrnar í skímunni frá ljósinu. Eftir að samveiturfarmagn kom þá var líka fengin eldavél á staðinn. Á Galtastöðum fram var aldrei leitt rafmagn í torfbæinn. Þar kom ekkert rafmagn fyrr en samveiturfarmagnnið kom um 1970 og var það þá leitt í nýja húsið sem stendur við hlið gamla bæjarins. Karl sagði að steinolíulampar hefðu verið notaðir til lýsingar.

Rafmagnnið var algjör bylting í lífs-háttum og var þar lagður grundvöllur ekki einungis fyrir möguleika á lýsingu, heldur einnig fyrir notkun á ýmsum heimilistækjum. Það eru þó þessi tæki, fremur en lýsingin sem hafði mikil áhrif á líf fólks á þessum tíma. Það má því segja að á fyrstu árum rafmagnsins hafi það ekki haft ýkja mikil áhrif á rýmið í bæjunum að öðru leyti en því að finna þurfti stað fyrir mótörana, sbr. dæluhúsið á Núpsstað og milli hlóðar-eldhússins og innra búrsins á Bustarfelli.

Samskipti og afþreying

Fyrsti síminn kom til Íslands í lok 19. aldar og loftskeytasamband við útlönd komst á árið 1906. Til sveita voru símar ekki algengir fyrr en á árunum eftir seinni heimsstyrjöld. Fyrstu útsendingar útvarps á Íslandi voru árið 1926. Ríkisútvarpið var síðan stofnað árið

1930 en áður hafði verið hægt að ná útsendingum einkarekinnar útvarpsstöðvar í Reykjavík og frá útlöndum. Útvarpið náði fljótt útbreiðslu og varð mjög vinsælt (Helgi Skúli Kjartansson 2002).

Þó var ekki strax kominn sími og útvarp á alla bæi, þannig að eitthvað var um að fólk af nærliggjandi bæjum kom og fékk að nota síma þar sem slíkt var komið. Á Núpsstað og Bustarfelli kom mjög fljótt sími og útvarp, miðað við aðra bæi á þeim svæðum á þeim tíma. Þessar nýjungar náðu þó mun síðar á afskekktari staði og var ekki komið útvarp og sími á Galtastaði fram fyrir en eftir 1950.

Útvarpið kom á Núpsstað um 1930. Mikið var hlustað á útvarp eftir að það kom, annars var alltaf kvöldvaka þar sem var lesið. Fólk sat þá við tövinnu og einhver las upphátt fyrir alla hina. Eitthvað var um að lesið væri úr Íslendingasögunum og einhverjum skáldsögum. Sími hefur sennilega komið á Núpsstað um 1928 en bærinn varð nokkurskonar símsstöð þar sem þetta var síðasti bærinn fyrir sandinn. Ekki fengu allir bærir strax síma og var eitthvað um að fólk væri að koma til að nota símann. Þar voru krakkar ekkert mikið að tala í síma og fannst Margrėti t.d. þetta ekki hafa skipt miklu fyrir sig, þar sem hún átti ekkert sérstakt erindi í síma. Eftir að hún flutti til Reykjavíkur fór hún þó stundum á símsstöðina til að hringja heim á Núpsstað þar sem það var oft auðveldara að fá samband austur á stöðinni.

Sími kom frekar snemma að Bustarfelli miðað við aðra bæi í nágrenninu en þrátt fyrir augljósa kosti þess, var hann ekki mikið notaður af þeim íbúum bæjarins sem rætt var við. Útvarpið setti mjög mikinn svip á félagslífið í bænum, eftir að það kom. Á Bustarfelli sagði Elín að það hafði haft ákaflega mikil áhrif að öllu leyti, bæði þegar voru útvarpsögur, þegar voru leikrit, þá hafi fólkíð af bænum komið inn í hjónahúsið þar sem útvarpið var og hlustað. Það hafi verið fastur liður. Hún man einnig eftir því að hafa heyrt lög í útvarpinu þegar hún vaknaði en þá var útvarpið staðsett inni í kamesi Methúsalems uppi á baðstofuloftinu. Þegar fram liðu stundir þá mundu krakkarnir á Bustarfelli eftir því að í fremri stofunni hafði

verið hægt að liggja á dívan og hlusta á útvarpsleikrit.

Elín á Bustarfelli sagði: „Hvað var haft fyrir stafni fór eftir árstíð. Á sumrin var oft setið við vinnu, en ekki eins á veturnar. Stundum las fólk, hver fyrir sig, en ef nýjar sögur komu á bæinn þá voru þær oftast lesnar upphátt (frá 8-10) fyrir alla. Það var þó ekki oft sem nýjar sögur bárust. Eftir að útvarpið kom þá breyttist þetta og þá hætti fólk að lesa upphátt. Mikið var hlustað á útvarpið og voru þar stundum lesnar sögur.... Það var nú eitthvað til af bókum. Manni fyndist það nú ekki mikið núna, það var eitthvað til af bókum. Það var nú einhver slatti til af guðsorðabókum sem maður leit nú aldrei í.”

Á Keldum kom sími árið 1934 (Skúli Guðmundsson). Heimildir eru um að sími hafi verið kominn í Skaftafell árið 1936 (Ahlmann 1979, bls. 169). Á Galtastöðum fram var útvarp komið 1955 í gamla bæinn en sími 1953, og var honum komið fyrir í baðstofunni. Þar var dálítið hlustað á útvarpið á kvöldin á veturnar. Það var þó einkum á veturnar sem hlustað var á útvarpsmessur, en fjölskyldan reyndi að mæta í messu einu sinni á ári, á vorin eða sumrin.

Útvarp og sími voru nýjungar sem höfðu bein áhrif á líf fólks þar sem einangrun var rofin með auknu sambandi við umheiminn. Allir hlustuðu á útvarpið en á fyrstu árum þess voru útsendingar ekki langar. Útvarpið hafði einnig þau áhrif að fólk safnaðist saman í kringum það.

Eftir komu útvarpsins virðist húslestur hafa minnkað töluvert eða nánast lagst af á sumum bæjum, e.t.v. bara lesið á stórhátíðum. Þess í stað var hlustað á messur í útvarpinu og voru viðtækin ýmist staðsett í stofunni eða baðstofunni. Fyrir utan að vera boðberi fréttu og tilkynninga, tók útvarpið að einhverju leyti við hlutverki sögu-mannsins á kvöldvökunum og prestsins í messunni. Útvarpsleikrit voru auk þess spennandi kostur fyrir þjóð sem beið spennu eftir nýjum gestum sem höfðu sögur að segja eða nýjum bókum sem gátu styttað fólk stundir.

Síminn var líka mikilvæg framför í samskiptum en ekki höfðu allir erindi til að nota símann fyrst eftir að símalínur voru lagðar. Flestir viðmælenda minna

voru börn eða ungt fólk á þeim tíma þegar síminn kom og höfðu ekki mikið með hann að gera fyrr en þau voru orðin eldri. Kostur var á bæjunum í Skaftafellssýslunum að hægt var að hafa samband við fólkið hinum megin við jökulárnar til að auðvelda störfin við að aðstoða ferðamenn á leið yfir. Þá var hægt að mæla sér mót á miðri leið. Þar hafði þetta því tvímælalaust meira hagnýtt gildi en t.d. á Bustarfelli, þar sem aðstæður voru aðrar. Þessi auknu samskipti við umheiminn gerðu það að verkum að hlutverk gesta sem boðberar fréttu og skilaboða breyttist að einhverju leyti. Eftirvæntingin að fá í heimsókn góðan gest sem gat sagt sögur var ekki alveg sú sama eftir að fólk fór að geta hlustað á útvarpsleikrit.

Margir heimildarmannanna töluðu um að hafa lært bænir og trúariðkun af ömmu sinni en að foreldrar þeirra hafi lagt minni áherslu á það. Ekki var alltaf stætt á því að fara til kirkju á hverjum sunnudegi. Bænir og húslestrar höfðu því verið mikilvægur þáttur á flestum bæjum. Það virðist því hafa verið um einhverskonar kynslóðaskipti að ræða. Á Bustarfelli var talað um að húslestur hefði ekki verið lesinn eftir að Methúsaleem tók við húsráðum en að það hefði alltaf verið hlustað á messur í útvarpinu á sunnudögum. Formlega trúfræðslu fengu öll börn fyrir fermingu en tengslin við kirkjuna voru ekki alltaf sterk, þótt trúin væri til staðar.

Sú áhersla sem lögð er á bækur á hverju heimili, hvort sem eingöngu örfáar bækur voru til eða hvort þær voru margar, og þá hvaða tegund bóka (guðsorðabækur, Íslendingasögur eða skáldsögur) gefur einhverja hugmynd um bæði efnahag fjölskyldunnar sem og áhugasvið. Þegar komið er fram á 20. öldina fer ýmislegt prentefni að verða meira aðgengilegt. Viðmælendur mínir töluðu um að hafa lesið Fálkann, komist í dönsku blöðin og jafnvel pantað skáldsögur. Áhugi var fyrir bókaskiptum og kom ungmennafélagið í Skaftafellssýslu upp bókasafni sem var starfrækt í einhver ár. Systkinin á Núpsstað nutu góðs af þeirri tengingu sem þau höfðu við fólk sem átti leið um og var því aðgengi þeirra að bókum og slíku nokkuð gott. Methúsaleem á Bustarfelli lagði einnig áherslu á að kenna börn-

unum að lesa og var reynt að hafa eitthvað lesefni til á því heimili. Á Galtastöðum fram var minni áhugi á slíku.

Efnismenning er stór hluti af daglegu lífi, endurspeglar það og á einnig þátt í að móta það. Breytingar innan samfélagsins eru oft á tíðum tengdar efnismenningu, annað hvort í því að nýjar kröfur krefjast nýrra hluta, eða þá að nýir hlutir hafa í för með sér breytingar fyrir hvernig fólk getur lifað lífi sínu. Á tímabilinu sem rannsóknin nær til urðu miklar breytingar á Íslandi, bæði innan samfélagsins og á heimilum fólks. Torfbærinn fór ekki varhluta af því og tók nokkrum breytingum, bæði í híbýlaháttum fólks og að einhverju leyti einnig í mótun rýmisins.

Þeir hlutir sem voru til staðar á heimilinu á þessum tíma gefa innsýn inn í viðhorf íbúanna og allar nýjungar höfðu áhrif á lífið í bæjunum. Leirtau og borð höfðu félagslega merkingu, þar sem fyrst gaf þetta kost á að sýna ákveðnum gestum virðingu, en síðar breytti þetta híbýlaháttum og hafði þannig áhrif á notkun rýmis innan bæjarins. Eldavélum var fyrst komið fyrir í einhverju herbergja hússins, en síðar var farið að skapa sér rými í kringum þær sem síðan þróaðist á bæði hagnýtum og félagslegum forsendum. Aðrar tækninýjungar í tengslum við matargerð og geymslu matar höfðu einnig áhrif bæði á híbýlahætti og notkun rýmis.

Annar þáttur efnismenningarinnar hafði í för með sér byltingu í samskiptum og hafði bein áhrif á notkun rýmis, en einnig óbein áhrif á viðhorf fólks og væntingar. Hlutir eins og útvarp voru nýjung sem tengdist ákveðnum félagslegum þáttum í lífi fólks. Athafnir eins og húslestur og kvöldvökur breyttust í kjölfar komu útvarpsins. Þessar nýjungar höfðu einnig áhrif á væntingar til gesta, og þegar við bættist að bilinn tók við sem þarfasti þjóninn breyttist grundvöllur fyrir móttöku gesta. Þessar viðhorfsbreytingar höfðu einnig í för með sér að kröfurnar um rými innan heimilisins voru aðrar og reyndi fólk að uppfylla þær eftir því sem efni og aðstæður gáfu tilefni til. Þrátt fyrir að stofur, gesta-herbergi og eldhús hafi verið til staðar í

torfbæjum áður, þá var notkun þeirra að einhverju leyti á breyttum forsendum og standa þessi rými til vitnis um þær nýju félagslegu kröfur sem gerðar voru til heimila á þessum tíma.

Iðnbylting heimilanna fólst í mörgum samverkandi þáttum, s.s. iðnvæðingu atvinnugreina, aðgengi að iðnvarningi og þeim tækninýjungum sem bárust inn á heimilið. Þessar breytingar breyttu ekki aðeins þeim grundvelli sem torfbærinn og það samfélag sem hann hafði þróast í takt við byggðust á, heldur einnig hóbýlaháttum og viðhorfum íbúanna. Þrátt fyrir að þessi þróun hefði áhrif á húsagerðina, urðu breytingarnar þó til þess að búsetu var hætt í torfbæjum og aðrar húsagerðir sem taldar voru uppfylla frekar þarfir fólksins tóku við. Þetta sýnir hversu mikil tengsl eru annars vegar á milli samfélagsbreytinga og breytinga á efnismenningu og hins vegar á milli slíkra breytinga og hóbýlahátta eða notkun rýmis.

Ef litið er á þetta efni í ljósi kenninga Bourdieu (1977) og Giddens (1984) þá er heimilið á torfbænum vettvangur fyrir þær hugmyndir og þau viðhorf sem eru í gildi í samfélaginu. Þetta endurspeglast bæði í efnismenningu heimilisins sem og í nýtingu rýmisins. Á þennan hátt má segja að einstakir hlutir, á sama hátt og einstaklingurinn í kenningu Giddens, hafi mótandi hlutverk gagnvart heildinni, þ.e. samfélaginu. Samfélagið setur aftur á móti viss takmörk hvað er viðeigandi og túlkar eða gefur hlutum ákveðna merkingu byggt á þeim félagslegu gildum sem talin eru mikilvæg. Þannig verður til samspil milli samfélagsins og efnismenningar sem hefur áhrif á og endurspeglar hvort annað.

Niðurstöður

Ekki er lengur búið í þeim torfbæjum sem fjallað hefur verið um hér. Þeir hafa öðlast nýtt hlutverk sem safngripir og miðla til okkar þekkingu um lifnaðarhætti fyrri tíma. Þessir fimm bæir sýna vel fjölbreytileikann í útfærslu á þessari húsagerð. Á Galtastöðum fram er fjósbaðstofa en nýrra hús var byggt við. Bustarfell er burstabær, sem þó var eitthvað breyttur að innan til að fullnægja kröfum þess tíma er enn var búið í honum. Steinsteipt íbúðarhús var byggt nokkurn spöl frá torfbænum. Á Núpsstað var timburhús byggt á grunni gamals burstabæjar en á Keldum var álíka hús byggt við hliðina á gamla torfbænum. Síðar meir kom steinsteipt íbúðarhús bakvið bæinn. Búsetu var hins vegar hætt í Selinu, þannig að ekki var þörf á slíkum viðbyggingum þar. Þrátt fyrir ólíka byggingarsögu og þróun eiga þessi hús það öll sameiginlegt að mótast af umhverfi sínu og staðsetningu, ásamt þörfum fjölskyldunnar sem þar bjó.

Þrátt fyrir ólíka þróun bera allir þessir bæir vitni um þá handverkshefð og þá hugmyndafræði sem liggur að baki þessari húsagerð. Jafnvel rafmagnsleiðslurnar á Bustarfelli voru ekki einsdæmi og því hluti af eðlilegri þróun á síðasta stigi torfbæjarins. Viðhaldi þeirra hefur verið haldið áfram og þeir hafa öðlast nýtt hlutverk, en handverkshefðin lifir áfram í þeim og þeir veita okkur innsýn í daglegt líf á þessum stöðum. Þær ályktanir sem dregnar eru hér eru byggðar á þeim efnivið sem skoðaður var, þ.e. fimm bæjum á Suður- og Austurlandi, viðtölum og öðrum heimildum sem hægt var að afla um þá. Samanburður við annað efni gaf einungis til kynna hversu almennt ákveðin hefð eða viðhorf hafi verið, eða hvort það hafi frekar heyrt til undantekninga.

Staðsetning bæja virðist hafa haft mikil áhrif, bæði á möguleika þeirra til þróunar og svo allt daglegt líf á bænum. Núpsstaður var á afskekktu landssvæði, Austur-Skaftafellssýslu, þar sem erfitt var með öll aðföng og yfir erfiðar ár að fara. Hins vegar lá bærinn í þjóðbraut og var síðasti bær áður en fólk fór yfir Skeiðará. Það var því mikið um gestagang og gisti fólk oft þar áður en það hélt áfram yfir ána. Galtastaðir fram voru einnig á afskekktu landssvæði en voru heldur ekki í alfaraleið. Aðstæður þar til samskipta og þróunar voru því allt aðrar. Enn aðrir staðir, eins og t.d. Bustarfell, höfðu e.t.v. meiri samskipti við útlönd og einhverja tengingu við þéttbýlið í Reykjavík og þær stefnur og strauma sem bárust þaðan.

Þróun torfbæja hefur að einhverju leyti mótast af hlutverki þeirra og því hvernig heimilishaldi hefur verið háttáð. Hlutfall og tengsl vinnufólks við ábúendur hefur breyst í gegnum tíðina. Það stigveldi sem skapast við skýra afmörkun ábúenda og vinnufólks hefur áhrif bæði á líf fólksins, skipulag rýmis og upplifun þess. Þegar breytingar verða á þessum skilum, gefur það forsendur fyrir breytingar. Tækifæri vinnufólks til að stofna eigið heimili jókst mjög þegar lögum um búsetu var breytt. Þegar fólki var ekki lengur skylt að búa á ákveðnum stað og binda sig í ákveðinn tíma (vistarband) breyttust smám saman forsendur þeirra fyrir búsetu og fyrir hlutverki þeirra sem vinnufólk. Tengsl þeirra við ábúendur voru önnur en áður og þá væntanlega einnig kröfur þeirra. Eftir því sem þéttbýlismyndun jókst varð minna framboð á óskyldu vinnufólki og helst að einhverjir ættingjar fengust til starfa. Það var helst yfir sumartímamann að fólk fór tímabundið í sveit til að vinna við heyskap og sumarannir og varð algengt að senda krakka í sveit á

sumrin á stríðsárunum.

Breytingar á störfum, samgöngum og samskiptum höfðu mikil áhrif á daglegt líf fólks á þessum tíma. Þar sem torfbærinn mótaðist af þessum þáttum urðu óhjákvæmilega breytingar á skipulagningu og uppbyggingu rýmis, sem og ytra byrði. Bárújárn var notað samhliða torfinu eða eitt og sér, bæði í þök og þil. Timburhús, jafnvel bárújárnsklædd, spruttu úr torfbæjunum, fyrst sem hluti af þeim en síðar sem aðskilin eining. Baðstofu-loftið var ekki lengur aðalíverustaðurinn. Eldhúsið, með hlýjunni sem stafaði frá eldavélinni, var nú mun skemmtilegri íverustaður en gamla hlóðaeldhúsið sem var undir lokin eingöngu nýtt til að sjóða slátur, þvott og önnur slík stórverk.

Hugmyndafræðin sem torfbærinn byggir á grundvallast á landbúnaði og þeim starfsháttum sem tengdust honum áður en vélvæðingin gekk í garð en hvarf smám saman á fyrri hluta 20. aldar. Bændasamfélagið var ekki lengur ráðandi í samfélaginu og þær þjóðfélagsbreytingar sem áttu sér stað voru sprottunar úr hugmyndafræði sem tengdist umbótum, framförum og auknum afköstum. Burstabærinn hafði komið til sögunnar nokkuð fyrir það tímabil sem þetta verkefni nær yfir og var tákn um ákveðna hugarfarsbreytingu hjá þjóðinni og viðhorfi hennar. Bærinn horfði nú meira út á við og sýndi vilja fólks að taka við nýjungum utan úr heimi. Í anda torfhúsanna varð síðan eðlileg þróun þar sem nýjum húsum var bætt við, þá úr öðrum efnum en áður, og lauk á þann hátt að torfhúsin urðu undir og hætt var notkun þeirra. Þau uppfylltu ekki lengur þær kröfur sem samfélagið gerði til íbúðarhúsnæðis. Þetta tímabil einkennist helst af vaxtarverkjum húsagerðar á Íslandi, þar sem nýir siðir eru teknir upp í takt við tíðarandann. Burstabærinn sem áður var reisulegur og stolt bóndans, varð nú að moldarkofa sem þjóðin var að skriða upp úr. Hann varð táknrænn fyrir bændasamfélagið sem var á undanhaldi og gat ekki staðið fyrir þær hugmyndir sem náð höfðu velli.

Sjálftæðisbaráttan og þjóðernishyggi sem fylgdi henni náði hámarki á þeim árum sem rannsóknin

nær yfir. Sú hvatning sem kom frá stjórnvöldum um auknar jarðarbætur, aukin afköst í landbúnaði og tækni- og vélvæðingu var hluti af uppbyggingu ímyndar sjálfstæðrar þjóðar. Með þessum sömu áherslubreytingum var hins vegar vegið að grundvallaruppbyggingu íslensks landbúnaðar og þar af leiðandi að þeirri grunnhugmyndafræði sem torfbærinn byggðist upp á.

Híbýli manna eru sprottin úr þeim jarðvegi sem samfélagið er og mótask af þörfum fólksins, hefðum og hugmyndum, en takmarkast þó af þeim ytri aðstæðum sem eru fyrir hendi. Skipulag þessara híbýla og sú efnismenning sem þeim tilheyrir verður vettvangur fyrir samræður fólksins við samfélag sitt og uppbyggingu þess. Hlutverk fólks og hefðir verða hluti af því rými sem það býr í og spila híbýlin stórt hlutverk í að viðhalda þeim hefðum og grundvelli sem samfélagið byggir á. Þegar breytingar verða á húsagerð er það annarsvegjar vegna utanaðkomandi afla eða ferla innan samfélagsins. Húsunum er breytt til að uppfylla einhverja „nýja þörf“ eða breyttar kröfur en einnig geta efnislegar breytingar á húsagerð ýtt undir samfélagsbreytinga. Þróunarsaga torfbæjarins sýnir að þessi húsagerð lagaði sig að breyttum aðstæðum og kröfum, tók mismunandi form og var nýtt á aðra vegu en áður. En sagan ber þess líka vitni að þessi húsagerð leið undir lok og er nú ekki lengur í almennri notkun á Íslandi, nema sem geymslur, útihús eða safngripir. Hugmyndafræði samfélagsins og hefðir þess áttu ekki lengur heima í torfbænum og því var hætt að búa í honum. Á einhverju stigi var mörkum sveigjanleikans náð eða aðrir möguleikar, s.s. steinsteyptu húsin, hentuðu betur breyttum aðstæðum.

Efniviður hefur í raun og veru ekki neina merkingu í sjálfum sér, heldur er túlkun efniviðar og tenging við hugmyndir er alltaf byggð á félagslegum forsendum, á menningu þess sem túlkar. Ekki má ganga út frá því að sá hugmyndafræðilegi grunnur sem torfbærinn byggði á hafi horfið algerlega við búsetulok í torfbænum. Hluti þess hefur verið yfirfærður yfir í

annað rými og annan efnivið, í nýrri húsagerð, en þó með þeim hætti að ekki tókst að viðhalda sama styrkleika.

Erfitt er að dæma um hvort samfélagsbreytingarnar hafi gert kröfu um hentugra húsnæði eða hvort nýja húsagerðin hafi ýtt undir samfélagsbreytingarnar. Um flókið og margþætt ferli er að ræða og ekki hægt að segja til um einhvern einn orsakavald, heldur er þetta frekar samspil margra tengdra þátta. Ef horft er frá sjónarhorni torfbæjarins, má segja að samfélagið hafi breyst og torfbærinn náði ekki að fylgja eftir. Að vissu leyti má segja að þær hefðir og sú hugmyndafræði sem torfbærinn byggði á hafi verið á öndverðum meiði við iðnbyltinguna og framfarahyggjuna. Með aukinni þéttbýlismyndun og nýjum atvinnuháttum var hvatt til styrkingar þessara þátta, þrátt fyrir mótbárur fulltrúa landbúnaðarins.

Hvernig koma þá þessar hefðir fram í húsagerðinni. Í fyrsta lagi koma þær fram í skipulagningu og nýtingu rýmis. Fjöldi herbergja, hvernig þau tengjast innbyrðis og hvernig þau eru nýtt og af hverjum, getur sagt til um hvernig samskipti kynjanna var háttáð, hvernig stigveldi kom fram í daglegu lífi eða hvaða félagslegu gildi voru mikilvæg. Í öðru lagi kemur það fram í þeirri efnismenningu sem heimilið skapar umgjörð fyrir. Bækur, áhöld, tæki eða húsgögn geta gefið hugmyndir um efnahagslega stöðu heimilisins, áhugasvið, starfshætti og félagslegar venjur. Í þriðja lagi kemur það fram í þróun húsagerðarinnar, hvað lagt er áhersla á í uppbyggingu bæjarins. Hvort sem það er bygging fleiri útihúsa, sem gæti tengst búfjárukningu eða lagning rafmagns í bæjarhúsin, sem tengist framfarahyggju. Vinsældir timburþila og rúðuglers má ekki eingöngu skoða í ljósi afnáms einokunnarstefnunnar og aukinna viðskipta við útlönd, eða í tengslum við framfarahugmyndir séra Guðlaugs, heldur einnig í samhengi við hvað nýjungar þýddu fyrir íbúa. Voru kostir þess að fá aukna birtu inn í bæinn þess virði að hægt var að réttlæta hitatapið sem varð við missi torfveggjar? Missir einhverra þæginda, í raun af ásettu ráði, hlýtur að hafa félagslegar, en ekki hagnýtar ástæður.

Ein tilgáta gæti verið sú að um

ákveðna hugarfarsbreytingu hafi verið að ræða. Gangabærinn var lokaður og innhverfur. Í kjölfar upplýsingarinnar verður allt samfélagið opnara út á við, nýjungar eru velkomnar og hvatt er til tæknivæðingar. Á svipaðan hátt snýr torfbærinn nú út á við, opinn gagnvart umheiminum og breytingar verða örari í þróunarferlinu. Þessi hugarfarsbreyting leiddi síðan að lokum til þess að aðrar húsagerðir urðu vinsælli og torfbærinn leið undir lok. Þrátt fyrir að rannsókn þessi nái ekki til efnismenningar þeirra húsagerða sem tóku við af torfbænum, miðað við þær miklu samfélagslegu breytingar sem urðu á 20. öldinni, má gera ráð fyrir að einhversstaðar á leiðinni hafi sú umgjörð (eða *habitus*) sem stuðlaði að viðhaldi gömlu hefðanna misst innihald sitt og nýjar túlkanir hafi styrkst með tilkomu nýrrar efnismenningar.

„Með tilkomu eldavélarinnar, skilvindunnar og annarra tækninýjunga lögðust hlóðaldhúsin og búrin sem sjálfstæðar einingar af smátt og smátt og hlutverk þeirra færðist inn í portbaðstofurnar eða framhúsin. Í kjölfar efnahagslegra framfara, aukins timburframboðs og kröfunnar um aukna birtu innanhúss með stærri gluggum vék torfið fyrir timburþiljum, fyrst á parti, uns laupur torfbæjarins sprengdi smátt og smátt moldirnar af sér og altimburhús stóðu að lokum eftir á hlaði“ (Hörður Ágústsson 1998, bls. 47).

Það er því ljóst að þróun rýmis og efnisnotkunar í torfbæjum tengdist mörgum þeim breytingum sem áttu sér stað á þessu tímabili. Aukin verslun og bætt aðgengi að fjölbreyttari varningi en áður, hafði áhrif á þessa þróun. Einnig tengdust breyttir atvinnuhættir, flótti vinnufólks í sjávarplássin og þróun þéttbýlis, sögu torfbæjanna. Með auknum tækjakosti var hægt að komast af með færri fólki til að sinna þeim grunnstörfum sem þurfti til að reka heimili. Í þessu samhengi skipti staðsetning bæjanna miklu máli, bæði með tilliti til aðgengis og hvernig áhrif bárust þangað, með gestum og tækninýjungum.

Hér hefur verið reynt að sýna fram á hversu nátengdur torfbærinn var við samfélagið sem byggði hann og á hvaða

hátt þessi húsagerð hefur endurspeglað ríkjandi hugmyndafræði. Torfbærinn sprettur upp úr ákveðinni handverkshefð og markast ávallt af þeirri viðleitni að nýta sem best þann efnivið sem féll til og reyna að bæta það sem hægt var. Þau dæmi sem skoðuð hafa verið hér hafa sýnt að torfbærinn fylgir þessum hefðum og heldur áfram að þróast meðan búið er í honum.

Notkun nýrra efna, lagning rafmagns og þess háttar er hluti af þróuninni og gerð í sama anda, þrátt fyrir að hún hafi e.t.v. verið hraðari og ekki náð að festa sig eins vel í sessi og þær breytingar sem gerðar voru fyrir á öldum. Þetta er þó allt hluti af sögu torfbæja á Íslandi og er hluti af þessum menningararfi þjóðarinnar.

Heimildaskrá

- Ahlmann, Hans Wilhelmsson. (1979). *Í ríki Vatnajökuls: á hestbaki og skíðum*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Anna Lís Rúnarsdóttir. (2004). *Modernity and Tradition: Houses and Material Culture in the Kingdom of Tonga*. Doktorsritgerð. London: University College London.
- Arndís S. Árnadóttir. (2007). Fagurbætur á heimilum: frá baðstofu til stásstofu 1918-1930. Í Benedikt Eyþórsson og Hrafnkell Lárusson (ritstj.), *Þriðja íslenska sögubíngið 18.-21. maí 2006: ráðstefnurit*. Reykjavík: Sagnfræðingafélag Íslands.
- Arnheiður Sigurðardóttir. (1966). *Hibýlahættir á miðöldum*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins.
- Árni Björnsson o.fl. (2003). *Úr torfbæjum inn í tækniöld*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Bjarki Bjarnason o.fl. (2006). *Ísland í aldanna rás 1800-1899, saga lands og þjóðar ár frá ári*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson. (1991). *Íslandssaga til okkar daga*. Reykjavík: Sögufélag.
- Bourdieu, Pierre. (1977). *Outline of a Theory of Practice*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Bourdieu, Pierre. (1979). *Algeria 1960*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Elín Erlingsdóttir. (2003a). *Núpsstaður, líf og störf á fyrri hluta 20. aldar*. Skýrsla Kirkjubæjarstofu, febrúar 2003.
- Elín Erlingsdóttir. (2003b). *Núpsstaður, landslag og náttúrufar. Búseta, leiðir og örnefni*. Skýrsla Kirkjubæjarstofu, febrúar 2003.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir. (2002). *Fornleifaskráning á Núpsstað, Vestur-Skaftafellssýslu*. FS155-01181, Reykjavík.
- Giddens, Anthony. (1984). *The Constitution of Society*. Cambridge: Polity Press.
- Gísli Gestsson. (1961). Gamla bænhúsið á Núpsstað. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1961*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Gísli Gestsson. (1970). Gömul hús á Núpsstað. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1969*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1988). *Family and household in Iceland 1801-1930: studies in the relationship between demographic and socio-economic development, social legislation and family and household structures*. Doktorsritgerð. Uppsala: Uppsala Universitet.
- Guðmundur Hannesson. (1942). *Húsa-gerð á Íslandi*. Reykjavík: Prentsmiðjan Edda h.f.
- Guðmundur Hálfðánarson. (2001). *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, ReykjavíkurAkademían.
- Guðmundur Ólafsson. (2004). Frá skála til gangabæjar: húsa-gerð á miðöldum. Í Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Guðrún Harðardóttir. (2006). *Laufás*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2006/1. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Gunnar Valdimarsson. (1981). Met-húsalem Methúsalemsson á Bustarfelli. Í Guðmundur Jónsson (ritstj.), *Bónði er bústólpi*. Reykjavík: Ægisútgáfan.
- Halldóra Arnardóttir. (2004). Innastokksmunir, samspil húsbúnaðar og híbýla. Í Árni Björnsson og Hrefna

- Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Hallgerður Gísladóttir. (1999). *Íslensk matarhefð*. Reykjavík: Mál og menning.
- Helgi Skúli Kjartansson. (2002). *Ísland á 20. öld*. Reykjavík: Sögufélag.
- Hobsbawn, Eric og Ranger, Terence. (1983). *The Invention of Tradition*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Hörður Ágústsson. (1979). Fornir Húsaviðir í Hólum. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1978*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Hörður Ágústsson. (1987). Íslenski torfbærinn. Í Frosti F. Jóhannsson (ritstj.). *Íslensk þjóðmenning I, uppruni og umhverfi*. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Hörður Ágústsson. (1998). *Íslensk byggingararfleifð I, ágríp af húsa-gerðarsögu 1750-1940*. Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins.
- Hörður Bjarnason. (1939). *Húsakostur og húbýlaprófi*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Jón Jónsson. (1998). „Komdu aftur ef þú villist“. Förunn og gestrisni í gamla sveitasamfélaginu. Í Jón Jónsson o.fl. (ritstj.), *Þjóðlíf og þjóðtrú, ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinssyni*. Reykjavík: Þjóðsaga.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili. (1945). *Íslenskir þjóðhættir*. Reykjavík: Jónas og Halldór Rafnar.
- Lucas, Gavin. (2007). The widespread adoption of pottery in Iceland 1850-1950. Í Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson (ritstj.), *Þriðja íslenska söguþingið 18.-21. maí 2006: ráðstefnurit*. Reykjavík: Sagnfræðingafélag Íslands.
- Miller, Daniel. (1988). Appropriating the state on the council estate. *Man* 23:353-372.
- Moore, Henrietta. (1986). *Space, Text and Gender, and Anthropological Study of the Marakwet of Kenya*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Oliver, Paul. (1987). *Dwellings, the House Across the World*. Oxford: Phaidon.
- Ólafur Ásgeirsson. (1988). *Iðnbylting hugarfarsins, Átök um atvinnuþróun á Íslandi 1900-1940*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Preston-Blier, S. (1987). *The Anatomy of Architecture: Ontology and Metaphor in Batammaliba Architectural Expression*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Rapoport, Amos. (1969). *House Form and Culture*. Englewood Cliffs, N.J.: Prentice-Hall.
- Rapoport, Amos. (1980). Vernacular Architecture and the Cultural Determinants of Form. Í A.D. King (ritstj.), *Buildings and Society, Essays on the Social Development of the Built Environment*. London: Routledge & Kegan Paul.
- Rensel, Jan og Rodman, Margaret (ritstj.). (1997). *Home in the Islands, Housing and Social Change in the Pacific*. Honolulu: University of Hawai'i Press.
- Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf. (2003). *Núpsstaður í Fljótshverfi, V.-Skaftafellsýslu. Mælingar og mat á varðveislugildi*. Frumskýrsla. Reykjavík.
- Vigfús Guðmundsson. (1949). *Keldur á Rangárvöllum*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.
- Waterson, Roxana. (1990). *The Living House, an Anthropology of Architecture in South-East Asia*. Oxford: Oxford University Press.
- Þór Hjaltalín. (1999a). *Keldur á Rangárvöllum. Framkvæmdir á Keldum 1997-1998 og stefnumótun um viðgerð bæjarins*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Þór Hjaltalín. (1999b). *Keldur á Rangárvöllum. Viðgerðir á Keldum sumarið 1997. Vesturtraðir, smiðja, hjallur og Nýjahús*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Þórður Tómasson. (1980). *Skaftafell: þættir úr sögu ættarseturs og atvinnuhátta*. Reykjavík: Þjóðsaga.

Þórður Tómasson. (2000). *Gestir og grónar götur*. Reykjavík: Mál og mynd.

Þórunn Valdimarsdóttir. (1986). *Sveitin við sundin, búskapur í Reykjavík 1870-1950*. Reykjavík: Sögufélag.

Þjóðminjasafn Íslands. (2006). *Húsa-safn Þjóðminjasafns Íslands*. Kynn-ingarbæklingur. Guðrún Harðardóttir ritaði texta. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Óprentaðar heimildir

Guðmundur Gunnarsson. (1995). *Upphaf rafmagns og fyrstu starfsár félagasamtaka rafvirkja*. Sótt 5.9.2006 af slóðinni <http://www.rafis.is/fir/sagaafir.htm#UPPHAF%20RAFMAGNSINS>

Iceland – Tentative List. (án árs). [Óútgefin skýrsla]. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Náttúruvernd ríkisins.

Methúsalem Methúsalemsson. (1957). *Bustarfell*. [Óútgefið handrit.]

Orri Vésteinsson. (2006). *Eldhús, baðstofa og búr. Húsakostur í Hvolhreppi 1830-1920*. Fyrirlestur á Söguþingi, sérprent frá höfundi.

Skúli Guðmundsson. (1850-1940). *Smæsta smátt*. [Óútgefið handrit.]

Þjóðminjasafn Íslands. *Bustarfell*. Húsaafngögn nr. 26.

Þjóðminjasafn Íslands. *Galtastaðir fram*. Húsaafngögn nr. 28.

Þjóðminjasafn Íslands. *Keldur*. Húsaafngögn nr. 34.

Þjóðminjasafn Íslands. *Núpsstaður*. Húsaafngögn nr. 32.

Þjóðminjasafn Íslands. *Selið*. Húsaafngögn nr. 31.

Þjóðskjalasafn Íslands. *Manntal 1855, 1860, 1870, 1890, 1901, 1910, 1920, 1930*.

Viðtöl

Viðtal höfundar við Arnfríði Snorradóttur 2006.

Viðtal höfundar við Birnu Einarsdóttur 2005.

Viðtal höfundar við Björgu Einarsdóttur 2005.

Viðtöl höfundar við Elínu Friðriksdóttur 2005.

Viðtöl höfundar við Elínu Methúsalemsdóttur 2005.

Viðtöl höfundar við Filippus Hannesson 2005.

Viðtal höfundar við Hallgrím Helgason 2005.

Viðtöl höfundar við Karl Jónsson 2005.

Viðtöl höfundar við Margréti Hannesdóttur 2005.

Viðtal höfundar við Methúsalem Einarsson 2005.

Myndalisti

Mynd 1. Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmynd Ívar Brynjólfsson.

Mynd 2. Þjóðminjasafn Íslands. SKE 26. Ljósmynd Sigurður K. Eyvindsson.

Mynd 3. Þjóðminjasafn Íslands. SKE 175. Ljósmynd Sigurður K. Eyvindsson.

Mynd 4. Þjóðminjasafn Íslands. Lpr. 763 c).

Mynd 5. Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmynd Haraldur Helgason.

Mynd 6. Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmynd Haraldur Helgason.

Mynd 7. Ljósmynd úr einkasafni Elínar Methúsalemsdóttur.

Mynd 8. Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmynd Haraldur Helgason.

Mynd 9. Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmynd Þór Hjaltalín.

Mynd 10. Þjóðminjasafn Íslands. PK 1505.

Mynd 11. Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmynd Ívar Brynjólfsson.

Mynd 12. Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmynd Gísli Gestsson.

Mynd 13. Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmynd Haraldur Helgason.

Mynd 14. Þjóðminjasafn Íslands. Húsa-safnsgögn nr. 26.

Mynd 15. Þjóðminjasafn Íslands. SKE 300. Ljósmynd Sigurður K. Eyvindsson.

Mynd 16. Þjóðminjasafn Íslands. VS 7. Ljósmynd Vigfús Sigurðsson.

Mynd 17. Þjóðminjasafn Íslands. HBL 97. Ljósmynd Haraldur Blöndal.

Mynd 18. Þjóðminjasafn Íslands. LG 5376f. Ljósmynd Loftur Guðmundsson.

Mynd 19. Þjóðminjasafn Íslands. BS 65. Ljósmynd Bárður Sigurðsson.

Teikningar

Teikning 1. Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf. 1998.

Teikning 2. ©Elisabet Bernsveden, Elias Anderson, ARGOS ehf. Arkitektastofa Grétars og Stefáns. 2006.

Teikning 3. Jens Mouritzsen, Morten Gøthche, Curt Jessen (Kunstakademiets Arkitektskole). 1973.

Teikning 4. Hjörleifur Stefánsson. 1968.

Teikning 5. Helgi Hjálmarsson, Ulrik Stahr og Haraldur Haraldsson. 1959.